18
Fagmennska og gleði í fyrirrúmi



28
Bændur bjóða heim

Opinn landbúnaður

36-37
Tómatur – epli ástarinnar



# Bændablaðið

11. tölublað 2015 ● Fimmtudagur 11. júní ● Blað nr. 444 ● 21. árg. ● Upplag 32.000



Bragi Halldórsson, hænsnabóndi í Kópavogi. – Sjá umfjöllun á bls. 7

## Innflutningur erfðaefnis úr norskum holdanautum:

# Skammur tími til stefnu

**Í vor lagði Sigurður Ingi Jóhannsson landbúnaðarráðherra fram frumvarp á Alþingi sem gerir ráð fyrir að heimilað verði að flytja inn erfðaefni úr norskum holdanautgripum. Tilgangurinn með innflutningnum er að auka nautakjötsframleiðslu í landinu.**

Þegar talað er um innflutning á erfðaefni er annaðhvort átt við innflutning á sæði holdanauta eða fósturvísum úr kúm frá Noregi.

Ekki eru allir sammála um ágæti innflutningsins. Gagnrýnendur hans segja innflutninginn leik að eldi og auki hættuna á að til landsins berist búfjársjúkdómar sem ekki þekkist hér á landi. Umsagnaraðilar eru heldur ekki sammála um hvort sé betra að flytja inn sæði eða fósturvísa.

Baldur Helgi Benjamínsson, framkvæmdastjóri Landssambands kúabænda, segir aftur á móti að gagnrýnin sé byggð á veikum grunni og vísar í áhættumat sem LK lét gera í tengslum við innflutning á sæði norskra holdanauta. Hann segir hættuna á að til landsins berist sjúkdómar með sæðinu hverfandi.



„Áhættumatið sem LK lét gera er mun víðtækara en það sem var framkvæmt af Matvælastofnun. Mat LK tekur til um 50 sjúkdóma en mat Matvælastofnunar ekki nema til 16.“

Frumvarpið er enn í meðförum Alþingis og bíður annarra og þriðju umræðu. Holdakýr hér á landi eru yfirleitt sæddar í júlí og fram í september og því skammur tími til stefnu eigi innflutningurinn að nýtast bændum á þessu ári. /VH

*– Sjá nánar á bls. 2*

Fréttir




## Landnámshelgi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi

**„Við munum bjóða upp á mjög fjölbreytta og skemmtilega dagskrá fyrir alla fjölskylduna, því get ég lofað. Í Árnesi og í Brautarholti eru frábær tjaldstæði sem ég hvet fólk til að nýta sér,“ segir Magnea Gunnarsdóttir í Þrándarholti, en hún á sæti í menningar- og æskulýðsnefnd sveitarfélagsins sem skipuleggur landnámshelgi 19. til 21. júní.**

Sem dæmi um dagskrárliði má nefna að það verður frítt í sund í Brautarholti og Árnesi, tónlistarsmiðjur á vegum Þórdísar Heiðu Kristjánsdóttur, Brokk og skokk í Skaftholtsréttum og leikhópurinn Lotta verður með sýningu í Árnesi. Á meðfylgjandi mynd er merki landnámshelgarinnar. */MHH*

## Hanna Dögg Maronsdóttir til Bústólpa

**Hanna Dögg Maronsdóttir hefur verið ráðin í starf sölu- og markaðsstjóra hjá Bústólpa. Hanna Dögg mun einnig gegna starfi aðstoðarframkvæmdastjóra hjá fyrirtækinu og vera staðgengill framkvæmdastjóra í fjarveru hans. Um nýtt starf er að ræða hjá fyrirtækinu.**



Mikil vöxtur hefur verið í starfsemi Bústólpa á liðnum árum og er ráðningin liður í styrkingu félagsins til enn frekari sóknar.

Hanna Dögg er menntuð sjávarútvegsfræðingur frá Háskólanum á Akureyri og hefur unnið við sölu- og markaðsstörf, fyrst sem sölustjóri hjá Norðurmjólk og síðar hjá MS á Akureyri. Síðastliðin þrjú ár hefur Hanna Dögg gegnt starfi gæðastjóra hjá MS á Akureyri.

Hanna Dögg mun koma til starfa í lok sumars og lætur hún af störfum hjá MS frá sama tíma.

## Gjald á prentaða reikninga BÍ

**Í maí 2014 hófu Bændasamtök Íslands útsendingu rafrænna reikninga. Ef bændur óska eftir er hægt að fá prentaða reikninga senda heim með póstinum.**

Sú breyting verður nú, að gjald verður lagt á þessa þjónustu til að standa undir kostnaði sem henni fylgir. Umsýslugjaldið verður kr. 500 sem bætist við upphæð reiknings. Þeir sem ekki hafa beðið um að fá reikning sendan í póst sleppa að sjálfsögðu við þetta umsýslugjald.

Þeir sem vilja spara sér þennan kostnað framvegis geta haft samband við Bændasamtök Íslands í síma 563-0300 eða á netfang jl@bondi.is.



Holdanautgripir í Kerlingardal skammt frá Vík í Mýrdal. Myndir / HKr.

### Innflutningur á erfðaefni úr norskum nautgripum:

# Málflutningur andstæðinga innflutningsins veikburða

### – segir Baldur Helgi Benjamínsson, framkvæmdastjóri Landssambands kúabænda

**Frumvarp sem heimilaði innflutning á erfðaefni í holdanautgripi var lagt fram á Alþingi í vor. Fyrsta umræða um frumvarpið hefur farið fram. Óvíst er hvort frumvarpið verði samþykkt eins og það er eða hvort gerðar verði breytingar á því þar sem það á eftir að fara í gegnum aðra og þriðju umræðu í þinginu.**

Tvær hugmyndir eru uppi um innflutning á erfðaefni holdanautgripa til landsins, annars vegar innflutningur á fósturvísum og áframeldi á einangruðum bæjum eins og Stóru-Ármótum á Suðurlandi og hins vegar innflutningur á sæði til notkunar á völdum bæjum.

Stjórn Landssambands kúabænda hefur mælt fyrir heimild til innflutnings á sæði og segir Baldur Helgi Benjamínsson, framkvæmdastjóri sambandsins, ekkert að óttast í sambandi við innflutninginn. Á móti hafa komið fram öndverð sjónarmið þeirra sem ýmist vilja engan innflutning eða í besta falli innflutning erfðavísa með áframeldi í einangrun.

*Gagnrýni á veikum grunni*

„Ég vona sannarlega að frumvarpið verði samþykkt sem allra fyrst,“ segir Baldur.

„Við Sigurður Loftsson, formaður LK, fórum á fund nefndarinnar sem fjallaði um málið og þar var okkur tekið vel og ekki annað að heyra en að þar væri mikill áhugi á málinu.“

Baldur segir eitt af því sem hann sjái að málflutningi þeirra sem gagnrýni frumvarpið og væntanlegan innflutning á erfðaefni nautgripa sé að hann byggi á veikum grunni. „Ég hef til dæmis hvergi séð efnislegar athugasemdir við áhættumatið sem Landssamband kúabænda lét gera í tengslum við innflutninginn og að mínu mati er það sterkasta gagnið í málinu.“

*Sæði eða fósturvísar*

„Landssamband kúabænda telur að innflutningur á sæði sé eina leiðin sem veitir kúabændum beinan aðgang að afkvæmaprófuðum gripum eða með öðrum orðum reyndum ræktunargripum. Áhættumatið sem við létum gera gengur út á það. Að okkar mati er




Baldur Helgi Benjamínsson framkvæmdastjóri Landssambands kúabænda.

þetta mjög mikilvægt atriði sem gagnrýnendur innflutningsins hafa skautað framhjá.

Hvað hugmyndinni um innflutning á fósturvísum varðar minnir mig að hún sé komin frá eiganda Stóru-Ármóta og standi mönnum til boða ef þeir vilja. Hugmyndin er ekki komin frá LK og meira að segja stjórn Bændasamtakanna klofnaði í afstöðu sinni í því hvort væri betra að flytja inn sæði eða fósturvísa og sendi inn hvort sitt álitið um frumvarpið.

Þegar flutt er inn sæði úr nautum kemur það úr tuddum sem eru hýstir í einangrunarstöð með miklum sóttvarnarkröfum. Ef aftur á móti á að flytja inn fósturvísa verður að sækja þá í kýr sem ekki er að finna á einangrunarstöðvum eins og naut.“

*Ströng skilyrði fyrir notkun*

„Verði innflutningurinn á sæði leyfður verður notkun á því eingöngu heimiluð á býlum sem uppfylla skilyrði sem verða sett í reglugerð í tengslum við innflutninginn. Að sjálfsögðu verða gerðar varúðarráðstafanir um innflutning þrátt fyrir að það komi ekki fram í frumvarpinu enda fjallar það ekki um þá hlið málsins.

Slíkt mundi aftur á móti koma fram í reglugerðinni sem yrði sett í tengslum við innflutninginn og þegar hafa verið gerðar tillögur um.

Það er því einfaldlega rangt að halda því fram að það séu engar kröfur gerðar til bænda sem koma til með að nýta sér innflutta sæðið.

Við teljum okkur hafa í höndunum bæði vönduð og ítarleg gögn sem segja að það sé óhætt að fara þá leið sem við leggjum til. Tillaga okkar um að flytja frekar



Sigurður Loftsson formaður LK

inn sæði en fósturvísa er því ekki úr laus lofti gripin eins og margir virðast halda.

Áhættumatið sem LK lét gera er mun víðtækara en það sem var framkvæmt af Matvælastofnun. Mat LK tekur til um 50 sjúkdóma en mat Matvælastofnunar ekki nema til 16.“

*Litið framhjá áhættumati LK*

Baldur segir að LK sé opið fyrir umræðum um innflutninginn á fósturvísunum en að enn sem komið er hafi hann ekki heyrt nein haldbær rök sem ættu að koma í veg fyrir innflutning á sæði úr holdanautum frá Noregi.

„Það er til dæmis alltaf horft framhjá áhættumatinu sem við létum gera þegar innflutningurinn er gagnrýndur og ekki litið við því þrátt fyrir að það hafi verið opinbert í nokkra mánuði. Persónulega tel ég fulla ástæðu til að taka mið af áhættumatinu í umræðunni því þar er að finna vönduðustu og ítarlegustu gögnin sem til eru um málið.

Í stað þess að gagnrýnin snúist um það sem stendur í matinu eru rifjaðar upp sögur um innflutning á lifandi Karagúlfé á fjórða áratug síðustu aldar og eins og það hafi ekki orðið neinar framfarir síðan þá. Í mínum huga er það ekki málefnaleg umræða,“ segir Baldur.

*Ólíkum málum ruglað saman*

Baldur blæs á raddir sem segja að innflutningur á erfðaefni nautgripa gæti hrint af stað atburðarás sem ylli því að slakað yrði á reglum um innflutning á hráu kjöti og að tollverndin yrði þannig í uppnámi.

„Málflutningur af þessu tagi er algerlega fráleitur og tóm vitleysa að blanda þessu tvennu saman. Sama má segja um þá hugmynd að innflutningur á sæði úr holdagripum tengist innflutningi á nýju kyni mjólkurkúa. Slíkt er allt annað mál og tengist frumvarpinu um innflutninginn á sæði úr norskum holdanautum ekki á nokkurn hátt.

Innflutningur á hráu kjöti og nýju mjólkurkúakyni er miklu umdeildara mál en innflutningurinn á sæðinu innan raða LK og ekki verið samþykktar neina ályktanir um slíkt á sex aðalfundum í röð hjá landssambandinu.“

Baldur segir að langflestir meðlimir LK séu hlynntir hugmyndinni um innflutninginn á holdanautasæðinu. „Að sjálfsögðu eru ekki allir sammála enda erfitt að finna mál sem allir eru 100% sammála um. Aðalfundur LS hefur ályktað um málið á hverju einasta ári í sex ár og um 70 manns komið að þeim ályktunum og yfirgnæfandi meirihluti stutt hugmyndina.“

*Tíminn að renna út*

Baldur segir að verði frumvarpið samþykkt, sem hann vonar innilega, þá verði það að gerast fljótlega svo að bændur missi ekki af möguleikanum á að nota sæðið á þessu ári.

„Ef frumvarpið verður samþykkt er næsta skref að smíða reglugerð um framkvæmdina og þar eiga Matvælastofnun og héraðsdýralæknar að sjálfsögðu aðkomu.

Holdakýr eru yfirleitt látnar bera á vorin í apríl og fram í júní. Kálfarnir ganga undir sumarlangt og fram á haust. Kýrnar eru svo sæddar í júlí til september. Það er því enn tími til stefnu en hann er að verða ansi knappur eigi að fæðast hér á næsta vori kálfar af norsku holdanautakyni,“ segir Baldur Helgi Benjamínsson, framkvæmdastjóri Landssambands kúabænda. */VH*

# HAUSTFERÐ TIL HOLLANDS

## Lífland efnir til hópferðar til Hollands dagana 27. – 31. október.

Ferðin er einkum hugsuð fyrir kúabændur sem vilja fræðast um það nýjasta í hollenskum kúabúskap.



**Eftirtaldir staðir verða heimsóttir:**

- Fagsýning fyrir bændur, haldin í Hardenberg í Hollandi. Sýnendur eru margir helstu framleiðendur tækja og búnaðar fyrir kúabændur.
- Rannsóknarbú sem Trouw Nutrition rekur í Kempenshof, en þar eru mjólkaðar 100 kýr.
- Tvö nýleg og fullkomin kúabú. Annað er með mjaltaþjóni frá GEA og hitt með hringekju.

Dvalið verður á NH hótelinu, nærri lestarstöðinni í Utrecht. Hótelið, sem er fjögurra stjörnu, er í göngufæri við miðbæinn í Utrecht, en hann er þekktur fyrir aðlaðandi umhverfi, meðal annars gamlar byggingar og síki auk fjölda veitingahúsa og verslana.

Verð kr. 115.000 á mann, miðað við gistingu í tveggja manna herbergjum.
Aukakostnaður er kr. 30.000 miðað við einn í herbergi.







**Eftirfarandi er innifalið:**

Flug með Icelandair til og frá Amsterdam.

Gisting á hóteli í Utrecht í fjórar nætur með morgunverði.

Allar ferðir innan Hollands.

Þrír kvöldverðir.

Fararstjóri verður Jón Þorsteinn Gunnarsson.

**Tilkynna þarf þátttöku fyrir 24. júní á netfangið jonth@lifland.is eða í síma 897-7468.**

**Fjöldi þátttakenda er áætlaður að hámarki 35 manns.**

**Allar frekari upplýsingar veita söluráðgjafar Líflands.**

Sala og ráðgjöf | Lynghálsi, Reykjavík | Efstubraut, Blönduósi | www.lifland.is
S. 540 1100 | Óseyri, Akureyri | Borgarbraut, Borgarnesi | lifland@lifland.is

LÍFLAND

Fréttir

## Verkfall dýralækna:

# Staðið á tíundu viku



Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands.

**Verkfall Bandalags háskólamanna sem starfa hjá ríkinu hefur staðið í á tíundu viku eða frá 20. apríl. Verulega er farið að þrengja að kúa- og nautgripabændum.**

Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands, segir að þrátt fyrir að það hafi náðst ákveðinn stöðugleiki í slátrun á alifuglum og svínum sé slátrunin ekki á fullum afköstum. „Undanþágur dýralækna veita leyfi til slátrunar og markaðssetningar ákveðna daga. Ástandið er fjarri því eðlilegt þó það sé stöðugt."

*Staða nautgripabænda orðið erfið*

„Nú er staðan orðin erfið þegar kemur að nautgripunum. Kúa- og nautgripabændur eru farnir að vera verulega áhyggjufullir og margir þeirra verða að losna við gripi fljótlega.

Kröfur dýralækna um undanþágur til nautgripaslátrunar gera ráð fyrir að hver og einn bóndi sæki um undanþágu sjálfur en ekki að sláturhúsin geti sótt um leyfi til að slátra nokkrum dýrum í einu. Auk þess sem krafist er að héraðsdýralæknar taki út hverja undanþágubeiðni fyrir sig og meti hvort það sé orðið of þröngt á gripunum eða ekki."

Sindri segir að í ljósi þess hversu verkfallið hafi staðið lengi segi það sig sjálft að kominn sé tími til að slátra gripum.

*Margir og smáir framleiðendur*

„Framleiðsluferillinn hjá nautgripabændum er allt öðruvísi en hjá alifuglum og svínum þar sem í nautgriparækt er um að ræða tiltölulega marga bændur með fá naut hver. Skipulagning á slátrun, fáist undanþága, er því flókið ferli þar sem það þarf að huga að flutningum og hentugum tíma í sláturhúsi."

*Spattmyndatökum stóðhesta frestað*

„Við höfum ítrekað sótt um undanþágu til að spattmynda stóðhesta til að sjá hvort þeir séu með kalkmyndun í hækilið. Reglur gera ráð fyrir að hestar komi ekki til dóms nema að myndatakan hafi átt sér stað, lesið úr myndunum og niðurstaðan skráð í WorldFeng. Aflestur myndanna er í höndum sérgreinadýralæknis hrossasjúkdóma sem er í verkfalli. Undanþága hefur ekki fengist enn og hugsanlegt að það fari í notkun hestar sem annars yrðu ekki valdir til undaneldis.

Að mínu mati er löngu kominn tími til að BHM og ríkið semji á þeim nótum að hér fari ekki verðbólga af stað sem yrði engum til góðs. Ég hef miklar áhyggjur af stöðunni. Það er ljóst að landbúnaðurinn verður lengi að vinna úr afleiðingum þessa verkfalls, jafnvel þótt það leystist strax í dag. Tjónið er orðið gríðarlegt," segir Sindri. /VH



## Mannabreytingar hjá Bbl:

# Auður Laila nýr auglýsingastjóri Bændablaðsins

**Auður Laila Jónasdóttir hefur verið ráðin auglýsingastjóri hjá Bændablaðinu í stað Erlu Hjördísar Gunnarsdóttur.**

Auður er Kópavogsbúi sem á tvö börn og tvo hunda. Hún lærði grafíska hönnun við Höjer College of Visual Communication í Danmörku og hefur starfað í fatabransanum í níu ár, tvö hjá Brandtex en sjö ár hjá Bestseller.

Eiginmaður Auðar er Jóhann G. Pálsson sem einnig er grafískur hönnuður. Í Danmörku bjuggu þau í fjögur ár í 1.500 manna bæ sem heitir Höjer og er við landamæri Þýskalands. Seinna fluttu þau til Brande, sem er 5.000 manna bær í hjarta Jótlands. Næsti stórbær heitir Herning og þaðan eru ekki nema tuttugu mínútur í Legoland, Billund.

Auður starfaði sem „print designer" hjá Brandtex en Jóhann sem grafískur hönnuður hjá Bestseller. Auður flutti sig síðan yfir til Bestseller, eða Name It, og var þar þangað til hún flutti heim til Íslands. Hjá Name it vann hún sem print designer og hannaði barnaföt í samvinnu við hönnuði og innkaupastjóra.

Börnin þeirra hjóna heita Guðrún Soffía, 12 ára, og Fannar Freyr, 18 ára. Soffía er í Snælandsskóla en Fannar í Menntaskólanum í Kópavogi.

Erla Hjördís hefur ákveðið að flytja til Noregs ásamt fjölskyldu sinni þar sem hún mun reka eggjabú og rækta epli í Bergen í Harðangursfirði. /VH






## Kuldatíð:

# Fé lengur á túnum

**Þrátt fyrir kuldatíð á landinu undanfarnar vikur segir Þórarinn Ingi Pétursson, formaður Landssambands sauðfjárbænda, litla ástæðu til að hafa áhyggjur af fé enn sem komið er.**

„Gróður er seinna á ferðinni núna en undanfarin ár og fé verður því víða lengur á túnum en í meðalári og líklega fram undir næstu mánaðamót. Slíkt getur minnkað líkurnar á að bændur slái tvisvar eða að sláttur dragist lengra fram á haustið."

Þórarinn segist ekki eiga von á öðru en að það fari að hlýna fljótlega og þá gerist hlutirnir hratt og gróður fljótur að taka við sér.

„Hingað til hefur þótt gott að hafa snjó í fjöllum upp á nýgræðing fram eftir sumri þannig að ég tel best að menn haldi ró sinni og ekki vera með neitt svartsýnisraus.

Fyrir okkur á Norðurlandi er ekkert nýtt að gerast með veðrið. Það sem er sérstakt við veðrið núna er að það hefur verið samfelldur skítakuldi í 40 daga eða frá 20. apríl en yfirleitt gengur á með hretum og góðu inn á milli.

Flestir bændur eiga nóg af heyjum þrátt fyrir að það geti verið misjafnt að gæðum. Ég geri því ráð fyrir að ef bændur ætli að setja fé í úthaga hafi þeir hjá þeim heyrúllur og gefi þar til þær fara sjálfar frá þeim. Að sjálfsögðu eru margir orðnir pirraðir á veðrinu en tíðin er frekar leiðinleg en alvarleg," segir Þórarinn. /VH



Gróður er seinna á ferðinni núna en undanfarin ár og fé verður því víða lengur á túnum en í meðalári og líklega fram undir næstu mánaðamót.

## Stöðugt lækkandi verð á mjólk:

# Verð á helstu mjólkurafurðum lægra árið 2013 en 2003

**Aukin skilvirkni í mjólkurframleiðslu hefur skilað lægra verði til neytenda og opinberir styrkir hafa lækkað sem hlutfall af landsframleiðslu.**

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands hefur skilað til landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra skýrslunni „Mjólkurframleiðsla á Íslandi – Staða og horfur". Í skýrslunni er reynt að greina uppbyggingu mjólkurframleiðslu hér á landi og þróun hennar á síðustu árum. Í skýrslunni kemur skýrt fram að opinberir styrkir til landbúnaðarframleiðslu hér á landi hafa lækkað sem hlutfall af landsframleiðslu á undanförnum árum. Þrátt fyrir þetta hefur náðst árangur í að ná niður verði á helstu mjólkurvörum og auka framleiðslu.



Í skýrslunni segir að raunverð á nýmjólk, rjóma, skyri, jógúrt, smjöri og osti hafi verið lægra árið 2013 en 2003. Kemur fram að þó svo verð á mjólkurvörum fari hækkandi hafi hún ekki haldið í við þróun á vísitölu neysluverðs. Einnig að 70% matvara á þessu tímabili, 2003 til 2013, hækkaði meira en sú mjólkurafurð sem hækkaði mest. Aðeins 10% matvara hækkuðu minna í verði. Athygli vekur að þrátt fyrir þennan árangur eru í skýrslunni gerðar tillögur að breytingum sem kollvarpa núverandi fyrirkomulagi mjólkurframleiðslu.

*Aukin skilvirkni skilar sér til neytenda*

Bændasamtök Íslands og Landssamband kúabænda gagnrýna að skýrsluhöfundar gefi sér að eftirgjöf í tollum á landbúnaðarafurðum skili sér í lægra verði til neytenda. Nýleg dæmi þar sem hið opinbera hefur lækkað álögur á vöruflokkum sýna að það er ekki gefið að verð á þeim út úr búð lækki samsvarandi. Þvert á móti kemur fram í nýlegum verðlagskönnunum ASÍ að verð á þessum vöruflokkum hækkaði eða stóð í stað eftir að dregið var úr álagningu. Aukin skilvirkni í framleiðslu mjólkurafurða hefur aftur á móti skilað sér í lækkuðu verði til neytenda eins og skýrsla Hagfræðistofnunar rekur ágætlega.

REYKJAVÍK Sími: 414-0000 /// AKUREYRI Sími: 464-8600 /// www.VBL.is




# FRAMÚRSKARANDI 5 LAGA RÚLLUPLAST

## Rúlluplast – Verðlisti

| Vörunúmer | Vörulýsing | Breidd | Lengd | Fjöldi rúlla á bretti | án vsk. | m/vsk. | Greiðsluskilmálar |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 202601112 | ASPLA Supergrass | 75 sm | 1500 m | 40 | kr. 10.900 | kr. 13.516 | **Hefðbundin reikningsviðskipti** |
| | Hvítt plast, 5 laga | | | | kr. 11.100 | kr. 13.764 | **Greiðslufrestur til 15. október** |
| 202600218 | ASPLA Supergrass | 75 sm | 1500 m | 40 | kr. 11.200 | kr. 13.888 | **Hefðbundin reikningsviðskipti** |
| | Grænt plast, 5 laga | | | | kr. 11.400 | kr. 14.136 | **Greiðslufrestur til 15. október** |
| 202601112 | ASPLA Silograss | 75 sm | 1500 m | 40 | kr. 10.700 | kr. 13.268 | **Hefðbundin reikningsviðskipti** |
| | Svart plast, 5 laga | | | | kr. 10.900 | kr. 13.516 | **Greiðslufrestur til 15. október** |
| 4600 | ASPLA Silograss | 50 sm | 1800 m | 48 | kr. 9.300 | kr. 11.532 | **Hefðbundin reikningsviðskipti** |
| | Hvítt plast, 5 laga | | | | kr. 9.500 | kr. 11.780 | **Greiðslufrestur til 15. október** |



**Við erum byrjaðir að keyra út plastið fyrir sumarið**

## Rúlluplast – Verðlisti

| Vörunúmer | Vörulýsing | Breidd | Lengd | Fjöldi rúlla á bretti | án vsk. | m/vsk. | Greiðsluskilmálar |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 46075 | Polivouga Silopower | 75 sm | 1500 m | 40 | kr. 10.600 | kr. 13.144 | **Hefðbundin reikningsviðskipti** |
| | Grænt plast | | | | kr. 10.800 | kr. 13.392 | **Greiðslufrestur til 15. október** |

## Bindinet – Verðlisti

| Vörunúmer | Vörulýsing | Breidd | Lengd | án vsk. | m/vsk. | Greiðsluskilmálar |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 123000 | Bindinet | 123 sm | 3000 m | kr. 24.900 | kr. 30.876 | **Hefðbundin reikningsviðskipti** |
| | | | | kr. 25.400 | kr. 31.496 | **Greiðslufrestur til 15. október** |

**Fast verð – Engin gengisáhætta**



















# LELY heyvinnuvélar

Tæknilega framúrskarandi vélar þar sem **GÆÐI** og **GÓÐ ÞJÓNUSTA** er í fyrirrúmi

**Allar LELY vélarnar eru afhentar samsettar**

**Pantaðu Íslenskan bækling um LELY heyvinnuvélar á netfanginu: kristin@vbl.is**

2 ÁRA VERKSMIÐJU-ÁBYRGÐ

VB LANDBÚNAÐUR ehf.
VB Agriculture ltd.

www.VBL.is

REYKJAVÍK
Krókháls 5F
110 Reykjavík
Sími: 414-0000

AKUREYRI
Baldursnes 2
603 Akureyri
Sími: 464-8600

VB Landbúnaður áskilur sér allan rétt til að leiðrétta verð sem reynist ekki rétt. T.d. vegna misprentunar, ef útreikningur verðs reynist rangur, hækkun/lækkun gengis.

# Bændablaðið

Málgagn bænda og landsbyggðar

**Bændablaðið kemur út hálfsmánaðarlega. Því er dreift til allra bænda landsins og fjölmargra annarra er tengjast landbúnaði. Bændablaðinu er dreift ókeypis til þeirra er stunda búskap en þéttbýlisbúar geta gerst áskrifendur að blaðinu. Árgangurinn kostar kr. 7.500 en sjötugir og eldri og lífeyrisþegar greiða kr. 3.750. Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.**

**Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík. Sími**: 563 0300– **Fax:** 562 3058 – **Kt**: 631294-2279
**Ritstjóri:** Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – **Sími**: 563 0339 – **Rekstur og markaðsmál**: Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is
**Blaðamenn:** Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is
**Auglýsingastjórar:** Auður Laila Jónasdóttir audur@bondi.is og Erla H. Gunnarsdóttir ehg@bondi.is – **Sími**: 563 0303 – **Frágangur fyrir prentun**: Prentsnið.
Netfang blaðsins (fréttir og annað efni) er **bbl@bondi.is** Netfang auglýsinga er **augl@bondi.is** Vefsíða blaðsins er **www.bbl.is**
**Prentun:** Landsprent ehf. – **Upplag**: sjá forsíðu – Landsprent og Íslandspóstur annast dreifingu blaðsins. ISSN 1025-5621


## LEIÐARINN

# Mjólk er góð og líka ódýr

**Hagfræðistofnun Háskóla Íslands hefur skilað til landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra skýrslunni „Mjólkurframleiðsla á Íslandi – Staða og horfur“. Í skýrslunni er reynt að greina uppbyggingu mjólkurframleiðslu hér á landi og þróun hennar á síðustu árum. Í skýrslunni kemur skýrt fram að opinberir styrkir til landbúnaðarframleiðslu hér á landi hafa lækkað sem hlutfall af landsframleiðslu á undanförnum árum. Þrátt fyrir þetta hefur náðst árangur í að ná niður verði á helstu mjólkurvörum og auka framleiðslu.**

Í skýrslunni segir að raunverð á nýmjólk, rjóma, skyri, jógúrt, smjöri og osti hafi verið lægra árið 2013 en 2003. Fram kemur að þó svo verð á mjólkurvörum fari hækkandi hafi það ekki haldið í við þróun almenns verðlags, það er vísitölu neysluverðs. Þá er greint frá því að 70% matvara á þessu tímabili, 2003 til 2013, hækkuðu meira en sú mjólkurafurð sem hækkaði mest. Aðeins 10% matvara hækkuðu minna í verði en mjólkurvörurnar. Athygli vekur að þrátt fyrir þennan árangur er í skýrslunni gerðar tillögur að breytingum sem kollvarpa núverandi fyrirkomulagi mjólkurframleiðslu. Þessi verðlækkun hefur meðal annars verið sótt með umfangsmikilli hagræðingu innan mjólkuriðnaðarins. Sú hagræðing byggðist á því að iðnaðurinn gæti unnið sameiginlega að því að ná henni fram, í krafti undanþágu frá samkeppnislögum. Á móti hefur hann ekki frelsi til að verðleggja afurðirnar að vild. Í skýrslunni er ekki sýnt fram á að annað fyrirkomulag myndi skila meiri ávinningi. Bændur hafa einnig hagrætt heima á búunum. Í skýrslunni segir meðal annars: „Hagkvæmni hefur aukist mikið í rekstri íslenskra kúabúa undanfarin ár. Meðalnyt á hverja íslenska kú jókst um nálægt 45% frá 1994–2012, en áður hafði hún lítið aukist í áratugi.“ Þessi hagræðing í mjólkurframleiðslu, bæði á framleiðslu- og vinnslustigi hefur skilað sér í lægra verði til neytenda. Á móti kemur fram í skýrslunni að auka þurfi möguleika til nýliðunar í greininni og auka skilvirkni greiðslna úr ríkissjóði þannig að þær skili sér betur til bænda. Þessi atriði þarf að taka til nánari skoðunar sem og ýmis önnur atriði skýrslunnar í komandi búvörusamningum. Bændasamtökin gagnrýna að skýrsluhöfundar gefi sér að eftirgjöf í tollum á landbúnaðarafurðum skili sér í lægra verði til neytenda. Nýleg dæmi þar sem hið opinbera hefur lækkað álögur á vöruflokkum sýna að það er ekki hægt að fullyrða að verð á þeim út úr búð lækki samsvarandi. Þvert á móti kemur fram í nýlegum verðlagskönnunum ASÍ að verð á þessum vöruflokkum hækkaði eða stóð í stað eftir að dregið var úr álögum. Aukin skilvirkni í framleiðslu mjólkurafurða hefur aftur á móti skilað sér í lækkuðu verði til neytenda eins og skýrsla Hagfræðistofnunar rekur ágætlega.



Í skýrslunni kemur skýrt fram að opinberir styrkir til landbúnaðarframleiðslu hér á landi hafa lækkað sem hlutfall af landsframleiðslu á undanförnum árum. Þrátt fyrir þetta hefur náðst mikill árangur í að ná niður verði á helstu mjólkurvörum og auka framleiðslu, eins og skýrslan dregur ágætlega fram. Í skýrslunni er meginþemað sú hagfræðilega nálgun að einhvers konar skorður við óheftri markaðshyggju leiði undantekningalítið til sóunar, þar með talið landbúnaðarstefna. Markaðurinn finnur alltaf bestu lausnina að mati þessarar kenningar. Ekkert er litið til samfélagslegra áhrifa, mjög lítið til byggðamála og ekkert til umhverfisáhrifa. Það verður að teljast afar þröngt sjónarhorn. Nútímasamfélag hefur einfaldlega fleiri viðmið en bara hagfræðina eina.

***Bændur fagna allri umræðu um starfsumhverfi sitt***

Að því sögðu þá er starfsumhverfi mjólkurframleiðslunnar eða landbúnaðarins í heild fjarri því hafið yfir gagnrýni, en mestu skiptir að ná sátt um hvert skal stefna. Bændur fagna allri umræðu um starfsumhverfi sitt en gera kröfu um að hún sé byggð á staðreyndum og horft sé til allra hliða mála, ekki bara sumra. Taka má undir það sem fram kemur í skýrslunni að markmiðin þurfi að vera skýr, greina þurfi bestu leiðirnar til að ná þeim og ákvarða hversu mikið fé landsmenn eru tilbúnir til að veita til þess. Þau atriði munu einmitt koma til skoðunar í komandi viðræðum bænda og stjórnvalda um nýja búvörusamninga auk annarra þeirra tillagna sem fram koma í skýrslunni, til dæmis ábendingar um að auka þurfi möguleika til nýliðunar í greininni og auka skilvirkni greiðslna úr ríkissjóði þannig að þær skili sér betur til bænda. Þessi atriði þarf að taka til nánari skoðunar sem og ýmis önnur atriði skýrslunnar í komandi búvörusamningum. Bændur hafa nú þegar skipað fulltrúa sína í samninganefnd en stjórnvöld ekki. Ástæða er til að hvetja þau til að ljúka því verki nú þegar, svo hægt sé að hefja viðræður. Bændur vilja hefja starfið sem fyrst. */SSS*

## LOKAORÐIN

# Með góðar minningar í farteskinu

**Veðrið hefur leikið marga bændur grátt á þessu sumri og er gróður víða seinna á ferðinni af þessum sökum. Þannig má lesa í fréttum blaðsins að skógarbændur á Austurlandi komu ekki niður plöntum í vor vegna klaka eða bleytu og fé verður víða lengur á túnum en í meðalári eða líklega fram undir næstu mánaðamót. Það er þó engan bilbug að finna á bændum, frekar en fyrri daginn, sem halda ró sinni þrátt fyrir veðurfarslegan mótbyr.**

Nú eru fjölmargir bændur, eða réttara sagt ábúendur, á rúmlega 30 bæjum hringinn í kringum landið að gera sig klára til að taka á móti almenningi undir formerkjum Opins landbúnaðar. Þar gefst fólki tækifæri á að heimsækja bóndabæina og kynnast þeim fjölbreyttu störfum sem unnin eru í sveitum landsins alla daga, allt árið um kring. Flest býlin eru fjölskyldubú og eru þversnið af íslenskum landbúnaði í dag. Það er því tilvalið þegar Íslendingar þeysast um hringveginn í sumar að taka hús á bændum og upplifa lífið í sveitinni. Inni á heimasíðu Bændasamtakanna má sjá frekari upplýsingar um verkefnið og þá bæi sem taka þátt í því.

Um leið og við bjóðum almenningi heim í sveitirnar er umhugsunarverð aðsend grein sem lesa má í blaðinu um umgengni og þrifnað utan þéttbýlis. Þar kemur meðal annars fram að mikið átak hafi verið gert í að taka til og fegra landsbyggðina en að betur megi gera ef duga skal úti um allar sveitir. Hér þarf samstillt átak íbúa landsins og sveitarstjórna sem verða að vera vakandi fyrir sínu nærumhverfi og taka af skarið þegar umhverfisleg umgengni er ekki lengur orðin boðleg fyrir íbúa og gesti okkar góða lands. Það er nefnilega engum til sóma að horfa upp á niðurgrotnandi hús, ruslahrúgur og fjúkandi rúlluplast þegar ferðast er um landið. Því tökum við undir lokaorð greinarinnar um að ekkert okkar vill vakna upp við vondan draum og því verðum við að leggjast á verkefnið, öll sem eitt, að taka til í dreifbýlinu.

Þrátt fyrir að illfært sé að stjórna veðrinu þá eru sem betur fer margir aðrir þættir sem við getum haft stjórn á og það er hagur allra sem búa á landinu að umgengni sé sómasamleg á öllum stöðum. Því biðlum við til veðurguðanna að gefa okkur gott sumar til að skoða fallegar sveitir landsins og skilja okkur eftir með góðar minningar í farteskinu. */ehg*

# Ísland vinnur silfurverðlaun í „Nordic Chef Junior“-keppninni

**Síðastliðna helgi kepptu þrír íslenskir fagmenn í matreiðslu og framreiðslu um Norðurlandameistaratitla í faggreinunum í Álaborg í Danmörku. Í flokki ungkokka, „Nordic Chef Junior“, vann Rúnar Pierre Heriveaux frá Lava Bláa Lóninu til silfurverðlauna en Håkon Solbakk frá Noregi sigraði í keppninni. Aðrir íslensku keppendanna komust ekki í verðlaunasæti en stóðu sig gríðarlega vel í harðri keppni.**

Rúnar Pierre er 21 árs gamall og matreiðslunemi í Lava Bláa Lóninu. Hann var valinn matreiðslunemi ársins 2013 og varð í fjórða sæti í norrænu nemakeppninni 2014. Rúnar Pierre var aðstoðarmaður í Bocuse d´Or-keppninni 2015.



Silfurverðlaunahafinn Rúnar Pierre Herivaux.



Rúnar Pierre Herivaux, Atli Þór Erlendsson, Natascha Elisabet Fischer og dómarinn, Jóhannes Steinn Jóhannesson. Myndir / Sveinbjörn Úlfarsson

„Ég er ánægður með frammistöðuna og hvernig ég framkvæmdi allt eftir plani og hafði skipulagt á æfingum síðustu mánuði en hefði auðvitað viljað ná toppsætinu, tek það bara næst,“ segir Rúnar glaður í bragði.

Í „Nordic Chef“, þar sem Atli Þór Erlendsson frá Grillinu keppti, sigraði sænski keppandinn. Atli Þór er 27 ára gamall matreiðslumaður í Grillinu á Hótel Sögu og handhafi titilsins „Matreiðslumaður ársins“ þar sem hann sigraði í keppninni í mars síðastliðnum. Atli Þór var nýlega valinn í kokkalandsliðið. Natascha Elisabet Fischer, frá veitingastaðnum Kopar, keppti í framreiðslu í „Nordic Waiter“-keppninni en þar sigraði danski keppandinn.


Fyrsta ferð unganna út í heiminn. Myndir / BH

## Hænsnahald í Kópavogi:

# Drífa og Doppa elska fíflablöð

**Áhugi borgarbúa á ræktun af öllu tagi er alltaf að aukast. Eftirspurn eftir grenndargörðum er meiri en svo að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu nái að anna eftirspurninni. Þeim fjölgar einnig sem halda hænur í garðinum.**

„Mig hefur lengi langað í hænur og draumurinn varð að veruleika í fyrravor þegar konan og börnin gáfu mér þrjá landnámshænur og lítinn skúr, sem var gamall sjónvarpsskápur, undir þær þegar ég varð fimmtugur,“ segir Bragi Halldórsson, hænsnahaldari og íbúi í Kópavogi.


Laugardagskvöld í hænsnagerðinu.

### *Sex ungar úr átta eggjum*

„Einn unginn reyndist vera hani og honum var skilað aftur upp í Mosfellsdal, þaðan sem fuglarnir eru upprunnir, og hefur væntanlega verið étinn. Ég hélt því tvær landnámshænur, Drífu og Doppu, í vetur en í vor fékk ég átta frjóvguð egg fyrir þær til að liggja á og úr þeim sex lifandi unga.

Auk litla skúrsins sem fylgdi hænunum er þokkalega stór og einangraður skúr í garðinum þar sem hænurnar átta eru í dag. Ég er líka búinn að smíða girðingu utan um útisvæðið þeirra.“

### *Gikkir á fæðu*

Bragi segir lítið mál að gefa hænunum að éta. „Það er hægt að kaupa handa þeim hænsnakorn en sjálfar velja þær allt annað framyfir það ef þær hafa val. Ég sleppi þeim stundum út fyrir girðinguna og í garðinn í góðu veðri enda eru þær búnar að tæta allt upp í gerðinu. Kettirnir í hverfinu eiga til að hrella hænurnar en eiga lítið í þær ef í hart fer. Þar er helst að þeir geti gert ungunum mein og ég verð því að gæta þeirra þegar þær fá að fara út í garð.

Uppáhaldsfæða hænsnanna eru fíflablöð, arfi og skordýr auk þess sem þær éta allar grænfóður- og kornmetisleifar sem falla til á heimilinu. Hænurnar hreinsa arfann úr beðunum á stuttum tíma og eru líka sólgnar í mosa og bestu mosatætarar sem ég veit um.“

### *Bannað að vera með hana*

Samkvæmt samþykkt borgarráðs Reykjavíkur er leyfilegt að vera með fjórar hænur í garðinum en ekki hana og hafa þarf myrkur hjá hænunum frá klukkan níu á kvöldin til sjö á morgnana.


Uppáhaldsfæða hænsnanna eru fíflablöð, arfi og skordýr auk þess sem þær éta allar grænfóður- og kornmetisleifar sem falla til á heimilinu.


Úr átta frjóvguðum eggjum komu sex lifandi ungar.

Á lóðum þar sem veitt er leyfi til hænsnahalds þarf að vera hæfilega stór hænsnakofi sem rúmar þann fjölda af hænum sem leyfi er veitt fyrir. Hænsnakofi fyrir 4 hænur þarf að vera að lágmarki tveir fermetrar að stærð. Í kringum kofann skal vera hænsnahelt gerði, hæfilega stórt fyrir útiveru hænsnanna. Hænsnakofi og gerði skulu vera vel innan lóðarmarka viðkomandi lóðar, að lágmarki þrír metrar. Byggingarleyfi fyrir hænsnakofa og girðingar við þá er háð gildandi ákvæðum byggingarreglugerðar eins og hún er á hverjum tíma.


Drífa með ungana sína.

Lausaganga hænsna er með öllu óheimil og ber hænsnaeigandi fulla vörsluskyldu. Hænsnaeigandi er að öllu leyti ábyrgur fyrir hænsnum sínum og ber að koma í veg fyrir að hænsnahaldið valdi ónæði í umhverfinu, svo sem vegna hávaða, ólyktar og hvers konar óþrifnaðar. Hænsnaeiganda ber einnig að sjá til þess að hænsnahaldið laði ekki að meindýr.

Sleppi hæna frá eiganda eða umráðamanni skal viðkomandi tafarlaust gera ráðstafanir til að handsama hana. Hænur í lausagöngu skal færa í geymslu á vegum Reykjavíkurborgar. Ef hæna er ekki vitjað innan einnar viku frá handsömun, er heimilt að ráðstafa henni til nýs eiganda eða selja hana fyrir áföllnum kostnaði. Að öðrum kosti skal hún aflífuð.

Hafi hæna verið handsömuð er óheimilt að afhenda hana fyrr en að lokinni greiðslu áfallins kostnaðar. Sé eigandi ekki með leyfi fyrir hænsnahaldi skal afla leyfis og greiða það áður en hæna fæst afhent. Kostnaður við handsömun, geymslu eða aflífun hænu skal að fullu greiddur af eiganda.

Þá þarf hænsnabóndi í Reykjavík að þrífa hænsnakofann að lágmarki vikulega.

### *Svipaðar reglur í Kópavogi*

Bragi segir að reglur um hænsnahald í Kópavogi séu ekki formlegar en að tekið sé mið af gildandi reglum í Reykjavík. „Ég hafði samband við heilbrigðiseftirlitið í Kópavogi og spurðist fyrir hjá þeim um hænsnahaldið. Þar var mér sagt að það væri bannað að vera með hana til að valda ekki ónæði og að ef útisvæði hænanna væru um tuttugu metrar frá nærliggjandi húsum þyrfti ekki leyfi frá nágrönnunum til hænsnahaldsins.“

### *14 egg á viku*

„Meðan á varptíma stendur eru Doppa og Drífa að gefa af sér sitthvort eggið á hverjum degi, Fjórtán egg á viku eru yfirdrifið fyrir fjölskylduna og við gefum því vinum og fjölskyldu heilmikið af eggjum.“

Bragi segist ekki vita til annars en að nágrannar sínir hafi gaman af sambýlinu við hænurnar. „Satt best að segja finnst þeim þær algjört æði og ég tala ekki um krakkana í hverfinu sem hreinlega elska þær og koma að gefa þeim fíflablöð að borða.“

### *Gefa unga í sveitina*

Bragi segir að í sínum huga tengi hann hænsnahald í byggð bæjarbúa betur en við sveitina. Mosfellsdalurinn er dæmi um svæði sem er á mörkum bæjar og sveitar, eins konar jaðarsveit. Við fengum hænurnar og eggin þaðan. Vinir okkar sem búa í Mosfellsdalnum urðu fyrir því óhappi að minkur drap allar hænurnar þeirra og nú ætlum við að gefa þeim nokkra unga og hefur dæmið því snúist við.“ /VH

---

131

## MÆLT AF MUNNI FRAM

Fram skal haldið með framlag **Björns Ingólfssonar** á Grenivík, sem flutt var á hagyrðingasamkomu Karlakórs Eyjafjarðar þann 1. apríl sl. **Birgir Sveinbjörnsson**, stýrimaður samkomunnar, bað Björn um vísu er tengdist hestum eða hestaferðum. Aðeins eina hestavísu segist Björn hafa ort um dagana, um hest **Reynis Hjartarsonar** sem Salörn heitir:

*Ýmsir bíða í ofvæni*
*alla tíð með hjartslætti,*
*fylltir gríðar fögnuði*
*að fá að ríða Salerni.*

Hvað finnst **Birni** um þá staðreynd, að konur verma nú alla helstu yfirlögreglustjórastóla landsins?:

*Það heyrir undir löggustjóra störf*
*að standa oft í meiriháttar flippi.*
*Undrast má ef ekki er lengur þörf*
*að þeir hafi sómasamlegt typpi.*

**Birgi** finnst **Björn** eldast framúrskarandi vel. Skýringu hafði **Björn** á því:

*Ég er helvíti sprækur eins og ég alltaf var.*
*Það er óþarft að vera með kjaft yfir tilvistinni*
*þegar allt er í lagi með hægðir og holdafar*
*og hreyfigetu og talsvert er eftir af minni.*

**Björn** var svo spurður hvort hægt væri að treysta hagyrðingum 1. apríl:

*Í tilefni dagsins skal upplýst að*
*allt er hér svikið og fordjarfað.*
*Kannski er því vont að kyngja*
*að við ykkur blasa vitlausir,*
*vindbelgir, ekkert hagmæltir*
*og kórinn hann kann ekki að syngja.*

**Birgir** hafði komist að því að eftir þorrablót á Þórshöfn vaknaði **Jóhannes** á Gunnarsstöðum með gat og kúlu á hausnum og stærðar glóðarauga að auki. **Björn** sá atburði nætur svona:

*Jóhannes lúrði lengi nætur,*
*loks fékk hann skó í kinnbeinið*
*og rumskaði og ætlaði að rjúka á fætur*
*en rak sig þá óvart í borðshornið.*

**Birgir** spurði svo **Björn** hvað honum þætti skemmtilegasta aprílgabb sem hann myndi til. **Björn** gerði þá tillögu að frumlegu aprílgabbi:

*Komdu og hlustaðu á kórinn minn,*
*kauptu þér miða í flýti því*
*aðeins í þetta eina sinn*
*einsöngvari er Leoncie.*

**Björn** var svo spurður út í vandræði utanríkisráðherrans, **Gunnars Braga**, og Evrópusambandsins. **Björn** orti í orðastað **Gunnars Braga**:

*Ég er kominn í voðaleg vandræði*
*en það var ekki hægt að bíða*
*því það komu boð frá Þórólfi*
*og ég þorði ekki annað en hlýða.*

Þó nokkuð var hagyrðingum hugleikið mitt nýja millinafn, **Geirhjörtur**. Rímorðin voru þó fremur fátækleg á móti þessu tilkomumikla nafni. Vísa **Björns** var svona:

*Glaður mundi Geirhjörtur*
*glyrnum renna*
*gírugum á geirvörtur*
*glæsikvenna.*

**Umsjón:**
**Árni Geirhjörtur Jónsson**
*kotabyggð1@gmail.com*

Fréttir



Úthlutun styrkja úr Veiðikortasjóði 2015:

# 26 milljónir til rannsókna á villtum dýrum

**Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur úthlutað styrkjum úr Veiðikortasjóði fyrir árið 2015. Alls bárust 14 umsóknir að fjárhæð 51,6 milljónir króna. Til úthlutunar voru tæplega 26 milljónir króna.**

Ráðuneytið sendi umsóknir um styrki til umsagnar Umhverfisstofnunar í samræmi við ákvæði laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Umhverfisstofnun fékk álit ráðgjafarnefndar um úthlutanir í samræmi við úthlutunarreglur fyrir Veiðikortasjóð.

Ráðuneytið hefur að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og áliti ráðgjafarnefndarinnar um umsóknirnar ákveðið að veita eftirfarandi aðilum styrki úr Veiðikortasjóði.

- Náttúrufræðistofnun Íslands, krónur 9.000.000 vegna verkefnisins: Rjúpnarannsóknir 2015.
- Náttúrufræðistofnun Íslands, krónur 750.000 vegna verkefnisins: Sníkjudýrasýkingar, líkamsástand og stofnbreytingar rjúpu á Íslandi.
- Náttúrustofa Norðausturlands, krónur 3.930.000 vegna verkefnisins: Farhættir og vetrarstöðvar íslenskra svartfugla.
- Náttúrustofa Suðausturlands, krónur 3.000.000 vegna verkefnisins: Heilbrigði veiðitegunda.
- Náttúrustofa Suðurlands, krónur 4.400.000 vegna verkefnisins: Lunda- og bjargfuglarannsóknir 2015.
- Rannsóknarsetur Háskóla Íslands á Snæfellsnesi, krónur 820.000 vegna verkefnisins: Stofnvistfræði og stofnstærð díláskarfs á Íslandi.
- VERKÍS, krónur 2.371.000 vegna verkefnisins: Vöktun á ungahlutfalli í veiðistofnum gæsa og anda, með aldursgreiningu vængja úr veiði og vöktun á ungahlutfalli í friðuðum stofni blesgæsa.
- Vör, sjávarrannsóknarsetur við Breiðafjörð, krónur 1.000.000 vegna verkefnisins: Rannsókn á hlutfalli ýsu-, þorsk, og makrílmaga sem innihalda síli í Breiðafirði árið 2015.
- Ævar Petersen, krónur 700.000 vegna verkefnisins: Íslensk fuglabjörg og hlunnindi þeirra.



Málþing á Hvanneyri 13. júní:

# Dagur kýrinnar

**Málþing um íslensku kýrnar verður haldið í Landbúnaðarsafni Íslands að Hvanneyri laugardaginn 13. júní næstkomandi. Þingið stendur frá klukkan 14 til 16.**

Albína H. Pálsdóttir fornleifafræðingur flytur erindi sem kallast Landnámskýrin: Stöðutákn og fórnardýr, Magnús B. Jónsson, fyrrverandi nautgriparæktarráðunautur, flytur Ágrip af ræktunarsögu íslensku kýrinnar og Þórarinn E. Sveinsson mjólkurverkfræðingur fjallar um mjólkurvinnslu fyrr og nú auk þess sem sýndar verða eldri aðferðir við mjólkurvinnslu.

Það eru Erfðalindasetur LbhÍ, Erfðanefnd landbúnaðarins og Landbúnaðarsafn Íslands sem standa fyrir þinginu. Aðgangur er ókeypis og eru allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir. /VH



Kýrnar voru guðs lifandi fegnar að komast út úr fjósinu eftir að hafa verið þar inni í allan vetur og fá að hoppa og skoppa um græn tún á Helluvaði. Myndir / MHH

# Halló Helluvað“ í 15. skipti

## – Þúsund manns mættu og fylgdust með þegar kúnum var hleypt út

**„Halló Helluvað“ var haldið í fimmtánda skipti sunnudaginn 31. maí. Þá var kúnum hleypt út í sumar og gestir fengu að skoða og knúsa nýfædd lömb í fjárhúsinu.**

„Dagurinn heppnaðist frábærlega, hér komu um þúsund manns og áttu góða stund með okkur, mikið af fólki sem við höfum aldrei séð áður. Það er gaman að geta leyft fólki að kynnast sveitalífinu brot úr degi,“ segir Anna María Kristjánsdóttir, bóndi á Helluvaði.

Boðið var upp á glæsilegar veitingar og Sláturhúsið á Hellu sá um að grilla ofan í mannskapinn. Magnús Hlynur Hreiðarsson var á staðnum og tók meðfylgjandi myndir.



Ásdís Ýr Aradóttir með eitt af lömbunum sem fólk fékk að skoða og krakkarnir fengu að halda á.



Maturinn frá Sláturhúsinu á Hellu rann ljúflega ofan í þá þúsund gesti sem mættu á „Halló Helluvað“ 2015.



Boðið var upp á ábresti með kanil sem gestir kunnu vel að meta.

# Hrútur sá sjálfan sig og braut tvær rúður

**Lögreglunni á Suðurlandi barst nýlega tilkynning um rúðubrot í veiðihúsi við Ytri-Rangá. Þar höfðu tvær rúður verið brotnar og ekki var að sjá að nokkur hefði farið inn í húsið og engu var stolið.**

Í dagbók lögreglunnar kemur fram að skömmu seinna hafi verið hringt aftur til lögreglunnar og hafði málið verið upplýst. „Sökudólgurinn var hrútur sem sleppt hafði verið út fyrr um daginn. Hvort þarna var á ferðinni hinn kunni hrekkjalómur Salamón svarti sem þeir sem eldri eru kannast við úr samnefndri bók eftir Hjört Gíslason. Hrúturinn sá var þrakkari hinn mesti sem á stundum lék lögregluna grátt,“ segir í dagbókinni. Líklegt þykir að hrúturinn hafi séð sjálfan sig í rúðunum og haldið að um annan hrút hafi verið að ræða og ætlaði að fara að stangast á við hann. /MHH









## Nýtt byltingarkennt tæki fyrir Íslenskan landbúnað

### Dráttarvél með skotbómu og þrítengibeisli



156 hö Deutz vél
135 hö á aflúrtaki
Breið dekk 600/55 - 26.5

Loftfjaðrandi hús
Afrétting á skrokk
Dempun á bómu

MERLO
MULTI FARMER





HYDROSTATIC MEÐ
ECO POWER DRIVE
allt að 18% olíusparnaður

MCDC ÞYNGDARSTJÓRNUN

Með Þrítengibeisli
og allt að 4 (8) úrtökum

Íslyft ehf
Vesturvör 32 - 200 Kópavogur
www.islyft.is - s. 564 1600

Fréttir

# Heyskapur hefst allt að þremur vikum síðar vegna kulda í vor

**Kuldi á liðnu vori gerir að verkum að bændur hefja slátt mun seinna en í meðalári. Gera má ráð fyrir að almennt hefjist heyskapur ekki fyrr en eftir tvær til þrjár vikur. Úthagi tekur seint við sér og fé er víða á túnum sem enn seinkar því að sláttur geti hafist.**


Heyfengur var með meira móti í fyrrasumar. Mynd / MÞÞ

Jóna Þórunn Ragnarsdóttir, fóðurráðgjafi hjá Rannsóknamiðstöð landbúnaðarins á Selfossi, var á ferð undir Eyjafjöllum í síðustu viku og segir ástandið „óttalega lélegt". Spretta sé skammt á veg komin og víða aðeins hýjungur á túnum. „Þetta er frekar slakt í ár, ég hugsa að hún sé allt að þremur til fjórum vikum seinni en vanalega. Ég á ekki von á að bændur byrji að slá hér sunnan heiða fyrr en undir mánaðamót júní/júlí, en algengast er að hér sé allt komið á fullt í kringum 20. júní," segir Jóna.

### *Ekki sérlega bjart yfir núna*

Fé er enn á túnum og tekur mikið af fyrstu uppskeru, sem þýðir að sláttur hefst enn seinna. „Ofan á það bætist að bændur eru sums staðar að verða heylausir, víða eru alltof margir gripir heima við, komast ekki í sláturhús vegna verkfalls dýralækna. Úthagi tekur líka hægt við sér, þannig að fé fer eflaust í seinna lagi á fjall. Þá kemur kornið líka illa upp í ár, þannig að útlitið er ekki sérlega bjart núna, en maður veit aldrei hver þróunin verður," segir Jóna. Hún telur þó margt benda til að að hey verði góð eftir sumarið, ólíkt því sem varð í fyrra þar sem magnið var umtalsvert meira en gæðin.

### *Vel getur sprottið ef hlýnar*

„Staðan á Vesturlandi er í raun eins og víðast hvar á landinu, allt er um það bil tveimur til þremur vikum á eftir meðalári," segir Borgar Páll Borgarsson, fagstjóri í nytjaplöntum hjá RML á Hvanneyri. Og tekur fram að meðalár séu reyndar misjöfn eftir því við hvaða árabil sé miðað. „Sprettan gæti þó orðið mjög hröð ef það hlýnar eitthvað að ráði. Sauðfjárbændur munu þurfa að beita tún töluvert lengi þar sem úthagi er seinn til og það seinkar heyskap hjá þeim enn frekar."

### *Tún nyrðra koma falleg undan vetri*

Sigurgeir Hreinsson, framkvæmdastjóri Búnaðarsambands Eyjafjarðar, segir slátt ekki hafinn í Eyjafirði, en undanfarin ár hafi nokkrir bændur yfirleitt verið byrjaðir um þetta leyti. „Það er talsvert í að almennur sláttur hefjist hér um slóðir, ég hugsa að bændur byrji ekki fyrr en eftir um það bil hálfan mánuð," segir hann. Á liðnu ári var allt óvenju snemma á ferðinni og því vart hægt að bera það ár saman við yfirstandandi ár. „Ef horft er lengra aftur í tímann var algengara að bændur byrjuðu slátt í kringum 20. júní. Að því leyti til er þetta ár ekki ólíkt því sem var hér áður fyrr."

Heilt yfir segir hann tún koma falleg undan vetri, lítið sem ekkert sé um kal þetta árið sem vissulega sé gleðilegt. „Túnin líta þokkalega vel út og það getur allt gerst, sumarið er rétt að byrja." /MÞÞ


Jarðvegsvinna fyrir Norðurljósarannsóknamiðstöð Aurora Observatory (AO), sem rísa mun á Kárhóli í Reykjadal, er hafin.

Norðurljósarannsóknamiðstöð Aurora Observatory:

# Framkvæmdir hafnar við Kárhól í Reykjadal

**Jarðvegsvinna fyrir Norðurljósarannsóknamiðstöð Aurora Observatory (AO), sem rísa mun á Kárhóli í Reykjadal, er hafin.**

Reinhard Reynisson, framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga, segir við vefinn 641.is að verið sé að vinna við að taka grunninn fyrir rannsóknastöðina en í framhaldinu á að leggja nýjan veg að byggingarstaðnum. Bygging hússins hefur ekki verið boðin út, en gert ráð fyrir að það verði gert síðar í þessum mánuði. Byggingaframkvæmdir hefjist svo fyrri hluta júlímánaðar.

### *Tekur formlega til starfa næsta haust*

Heildarkostnaður er áætlaður um 300 milljónir króna. Stefnt er að því að loka húsinu fyrir veturinn þannig að koma megi fyrir rannsóknartækjum á efstu hæð þess. Gert er ráð fyrir að rannsóknastöðin taki svo formlega til starfa næsta haust. Eftir stendur þá að klára þann hluta hússins sem hýsa mun gestastofuna, en ekki er ljóst hvenær hún klárast þar sem fjármögnun liggur ekki fyrir.

Rannsóknamiðstöðin er byggð á samstarfsverkefni íslenskra og kínverskra vísindastofnana, staðsett að Kárhóli í Reykjadal. Þar verður miðstöð fyrir vísindamenn ásamt gestastofu. Þær íslensku stofnanir sem koma að vísindastarfinu eru Rannís, Raunvísindastofnun Háskólans, Veðurstofa Íslands, Norðurslóðanet Íslands, Háskólinn á Akureyri og Arctic Portal.

### *Ísland besti staðurinn*

Ísland er einn besti staðurinn á norðurhveli jarðar til að rannsaka norðurljós en Frakkar, Bretar og Japanir eru meðal þjóða sem stundað hafa rannsóknir hér á landi áratugum saman. Starfsemi rannsóknamiðstöðvar á Kárhóli mun styrkja þær norðurslóðarannsóknir sem þegar eru stundaðar hér á landi og bæta við þær á sumum sviðum. Rannsóknastarfsemi hófst haustið 2013.

Norðurljósarannsóknastöðin Aurora Observatory (AO) er sjálfseignarstofnun með staðfestri skipulagsskrá lögum samkvæmt. Stofnaðilar eru Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga hf. og Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar bs., Atvinnuefling Þingeyjarsveitar ehf., sem er eignarhaldsfélag sveitarfélagsins, Kjarni ehf., sem er eignarhaldsfélag í eigu Þingeyjarsveitar, Sparisjóðs Suður-Þingeyinga og nokkurra einstaklinga í héraði og Arctic Portal ehf., en fyrirtækið hefur virka aðkomu að margvíslegum rannsóknar- og upplýsingaverkefnum á sviði norðurslóðamála. /MÞÞ

Norðurþing um tónlistarnám:

# Rýri ekki möguleika nemenda í dreifðum byggðum

**Bæjarráð Norðurþings tekur undir áhyggjur skólastjórnenda um nám á framhaldsskólastigi í tónlist. Beinir ráðið því til mennta- og menningarmálaráðuneytisins að rýra ekki möguleika nemenda í dreifðum byggðum til að stunda tónlistarnám í heimabyggð.**

Fyrir fund bæjarráðs á dögunum lá bréf og greinargerð frá starfshópi skólastjórnenda um nám á framhaldsskólastigi í tónlist þar sem alvarlegar athugasemdir eru gerðar við þá hugmynd ráðherra mennta- og menningarmála að veita öllu því fjármagni sem ætlað er til framhaldsnáms í tónlist til eins tónlistarkóla í Reykjavík. /MÞÞ

# Leiðrétting


**Í síðasta Bændablaði var greint frá þessum konum úr Kvennaskóla Reykjavíkur sem hafa verið saman í 70 ár í saumaklúbb. Föðurnafn Helgu Þórarinsdóttur misritaðist í textanum. Rétt nöfn þeirra eru sem hér segir, talið frá vinstri:**
**Efri röð, Oddný Eyjólfsdóttir, Reykjavík, Ingibjörg Elíasdóttir, Reykjavík, Vigdís Guðfinnsdóttir, Kópavogi, Guðný Guðjónsdóttir, Reykjavík, Helga Þórarinsdóttir, Hafnarfirði og Salome Þorkelsdóttir, fyrrverandi forseti Alþingis, sem var sérstakur heiðursgestur fundarins. Sitjandi eru þær frá vinstri, Þóra Þorleifsdóttir, Reykjavík og Þorbjörg Sigurðardóttir, Selfossi.**

Fyrirtækið 365 vill fá rýmkun á útboðsskilmálum vegna 4G netvæðingar:

# Vilja 4G væða 97% heimila og vinnustaða í stað 99,5%

**365 miðlar biðja um breytingu á útbreiðslu- og uppbyggingarkröfum vegna 4G/LTE þjónustu.**



Póst- og fjarskiptastofnun kallar eftir samráði um erindi 365 miðla ehf. þar sem félagið óskar eftir að stofnunin geri breytingu á skilmálum tíðniheimildar félagsins á 800 MHz tíðnisviðinu, svokallaðri A tíðniheimild, sem félagið hlaut í uppboði stofnunarinnar í ársbyrjun 2013.

Í 2. gr. tíðniheimildarinnar er fjallað um kröfur um útbreiðslu og uppbyggingu. Þar eru gerðar þær kröfur á tíðnirétthafa að hann tryggi að 99,5% lögheimila og vinnustaða á hverju tilteknu landsvæði, standi til boða 10 Mb/s gagnaflutningshraði fyrir árslok 2016 og 30 Mb/s gagnaflutningshraði fyrir árslok 2020.

### *Erindi 365 miðla ehf.*

Í erindi 365 miðla er óskað eftir að félaginu verði veitt rýmri tímamörk til þess að uppfylla þau skilyrði sem fyrrnefnd tíðniheimild kveður á um. Fer félagið fram á að Póst- og fjarskiptastofnun geri þær breytingar á tíðniheimildinni.

„Tíðnirétthafi skuldbindur sig til að tryggja að 97% lögheimila og vinnustaða, með heilsárs starfsemi, standi til boða 10 Mb/s gagnaflutningshraði fyrir 31. desember 2016, en 99,5% framangreindra lögheimila og vinnustaða standi til boða 10 Mb/s gagnaflutningshraði fyrir 31. desember 2022 og 30 Mb/s gagnaflutningshraði fyrir 31. desember 2026."

Félagið byggir erindi sitt á 12. gr. fjarskiptalaga, nr. 81/2003, sem kveður á um heimild Póst- og fjarskiptastofnunar til breytinga á skilyrðum í almennum heimildum og skilyrðum fyrir úthlutun réttinda, þegar sérstaklega stendur á, svo sem vegna breytinga á löggjöf.

Að mati félagsins felur ákvæðið ekki í sér tæmandi upptalningu á þeim atvikum sem geta leitt til þess að stofnuninni sé heimilt að gera breytingar á skilyrðum tíðniheimilda. Stofnuninni sé því heimilt, á grundvelli ákvæðisins, að gera umbeðnar breytingar á tíðniheimild félagsins á grundvelli eftirfarandi röksemda:

Í fyrsta lagi á grundvelli samstarfs Fjarskipta hf. (Vodafone) og Nova ehf. um uppbyggingu dreifikerfis í gegnum félag í sameign þeirra en PFS hefur heimilað samnýtingu á tíðniheimildum félaganna, sbr. ákvörðun PFS nr. 14/2014. Þá hefur Samkeppniseftirlitið veitt undanþágu frá 15. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005, sbr. ákvörðun þess nr. 14/2015.

Í öðru lagi á grundvelli fyrirhugaðrar uppbyggingar ríkisstjórnarinnar á ljósleiðaraneti á landsbyggðinni, sbr. skýrslu frá mars 2015, Ísland ljóstengt, þar sem lýst er áformum um að auka gagnaflutningshraða verulega á landsbyggðinni með lagningu ljósleiðaranets um allt land með ríkisfjármagni. Að mati 365 miðla ehf. skarast þessar uppbyggingaráætlanir ríkisins við áætlanir félagsins um uppbyggingu á þráðlausu háhraða farneti á sömu stöðum.

Að mati 365 miðla eru aðstæður á fjarskiptamarkaðinum í dag gjörbreyttar frá því sem var þegar uppboð Póst- og fjarskiptastofnunar fór fram í febrúar og mars árið 2013 og er sérstaða félagsins sem skapaðist í kjölfar útboðsins, ekki lengur til staðar. Sú sérstaða byggðist fyrst og fremst á tíðnisviði félagsins á 800 MHz tíðnisviðinu sem og því að félagið taldi sig geta veitt landsbyggðinni háhraða nettengingar með þráðlausum hætti án þess að mikil samkeppni myndi ríkja á umræddum svæðum. /VH

Tilboð Kjarnafæðis í Norðlenska:

# Stjórn Búsældar tekur afstöðu eftir helgi

**Stjórn Búsældar, hlutafélags sem á Norðlenska, hefur boðað til hluthafafundar næsta mánudag, 15. júní, í Hótel Valaskjálf á Egilsstöðum. Á fundinum verður rætt um tilboð sem nýverið barst frá Kjarnafæði sem vill kaupa Norðlenska.**

Tekin verður á fundinum afstaða til tilboðs Kjarnafæðis, en í fundarboði er tilgreint að samþykki kauptilboðs þurfi að hljóta minnst tvo þriðju hluta greiddra atkvæða á fundinum sem og tvo þriðju hluta hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum.

Alls eiga 525 bændur á Norður- og Austurlandi hlut í Búsæld, bróðurpartur þeirra á minna en 1% hlut í félaginu. Þrír stórir innleggjendur svínakjöts eiga samtals um 18% hlut í Norðlenska

Fram hefur komið í Viðskiptablaðinu að tilboð Kjarnafæðis hljóði upp á 750 milljónir króna í allan hlut Búsældar í Norðlenska á genginu 2.0, auk þess að taka við skuldum félagsins.

*/MÞÞ*



# Verkefnum gegn matarsóun hrint í framkvæmd

**Sigrún Magnúsdóttir, umhverfis- og auðlindaráðherra, hefur ákveðið að veita Umhverfisstofnun 1,8 milljónir króna til verkefna sem ætlað er að sporna gegn matarsóun. Með fjárveitingunni er fylgt eftir tillögum starfshóps um matarsóun sem skilaði ráðherra skýrslu í lok apríl síðastliðinn. Þetta kemur fram á vef ráðuneytisins.**

Sérstök áhersla er lögð á fræðslu almennings í því skyni að ýta undir vitundarvakningu um matarsóun. Stefnt er að því að til verði ein vefgátt um matarsóun þar sem upplýsingum og leiðbeiningum sem þegar eru til staðar verður safnað saman og þau þannig gerð aðgengileg fyrir almenning. Gerð verður spurningakönnun þar sem könnuð verða viðhorf Íslendinga til matarsóunar og þá verður áhersla lögð á að ýta undir meðvitund starfsmanna og viðskiptavina á veitingastöðum um matarsóun. Loks verður ráðist í fræðsluátak um geymsluþolsmerkingar og geymsluaðferðir matvæla.












Guðni Ágústsson, fyrrverandi landbúnaðarráðherra:

# Kvikmyndasigur Íslands

**Þá er Bárðardalurinn kominn á heimskortið og nú munu bæði Íslendingar og útlendingar sem fara um landið fagra vilja berja dalinn augum. Kvikmyndin Hrútar hefur slegið í gegn svo um munar, sá og sigraði í Cannes á alþjóðlegri hátíð.**

Snillingarnir sem heiðurinn eiga voru auðvitað margir en mestur er hann þeirra Gríms Hákonarsonar, höfundar handrits og leikstjóra myndarinnar, og svo framleiðandans, Grímars Jónssonar, sem veðjaði á þessa óvenjulegu kvikmynd.

***Hafa fengið glimrandi dóma***

Hrútar hafa fengið glimrandi dóma í mörgum stærstu og virtustu kvikmyndatímaritum heims, svo sem í Hollywood Reporter, og hún hlaut fimm stjörnur í tímaritinu The Upcoming. Frægðin kemur að utan og spennan var orðin gríðarleg þegar myndin kom til frumsýningar að Laugum í Aðaldal með bændum og búaliði sem hafði reynst listamönnunum frábærlega. Háskólabíó var troðið af fólki kvöldið eftir og þar stýrði Grímur stærsta jarmkór heimsins og fagnaðarlátunum ætlaði aldrei að linna.

Það er nú alveg makalaust hvað okkar fólki er að ganga vel á þessum vettvangi. En þarna átti sér stað íslenskur kvikmyndasigur því í 68 ára sögu keppninnar var þetta í fyrsta sinn sem íslensk kvikmynd vinnur til verðlauna.

Ég get fullyrt sem áhugamaður um sauðkindina og fyrrverandi landbúnaðarráðherra að tónn myndarinnar er sannur og réttur.

***Leikin af alvöru og snilld***

Myndin er leikin af alvöru og snilld bæði af sauðfé, ekki síst hrútunum sjálfum, þeim Garpi og Sprota, og heimilishundinum Sóma svo ekki sé talað um leikarana, sjálfan mannskapinn. Senurnar eru dramatískar og tilfinningaríkar, stundum er það gleðin sem ræður og ríkir, en reiðin og baráttan við afleiðingar riðunnar og niðurskurðarins í dalnum eru svo sannfærandi að maður bæði hlær og grætur.

Bræður munu berjast var sagt einhvern tímann, það gerðu þeir Gummi og Kiddi í myndinni en þeir sneru loksins bökum saman þegar taflið var að tapast. Þeir Theódór Júlíusson og Sigurður Sigurjónsson eru sannir sveitamenn í leik sínum og skila hlutverki sínu af snilld. Hin töluðu orð eru mögnuð en þagnirnar og látbragðið gera myndina einstaka.

Ég efast ekki um að Sigurður Sigurjónsson er stórstjarna hvíta tjaldsins, leiksigur hans er sannfærandi.

***Sigurmynd íslenska bóndans og fólksins í dalnum***

Myndin er sigurmynd íslenska bóndans og fólksins í dalnum og Bárðardals í blíðu sumarsins og brjáluðu vetrarveðri. Fallegt hjá Grími að tileinka myndina minningu móður sinnar, Unnar heitinnar Stefánsdóttur frá Vorsabæ í Flóa. En „römm er sú taug sem rekka dregur föðurtúna til“. Því móðir föður Gríms Hákonar Sigurgrímssonar frá Holti, og þá amma hans, var fædd að Íshóli í Bárðardal, öræfabýli, en flutti með foreldrum sínum að Jarlsstöðum í sömu sveit og ólst þar upp. Blóðið rann til skyldunnar, dalurinn kallaði meistarana til sín og launaði þeim vel.

Kjarni málsins er þessi, á öllum sviðum völdu þeir félagar gott og fært fólk til samstarfs, innlent og erlenda meistara.

Verkið er hrein snilld frá upphafi til enda, hlaðið spennu, húmor og tilfinningum. Í myndinni er talað frá hjarta til hjarta en þá er allur heimurinn með og fagnar. Ég skora á alla sem vettlingi geta valdið, unga og aldna, að drífa sig í bíó.

***Sauðkindin er ekki svín***

Fyrst ég er farinn að skrifa um sauðkindina blessaða þá verð ég að játa það að á svona köldu vori finn ég til með henni, vetrarrúinni, troðjúgra og með litlu lömbin sín að hrekjast úti í kuldanum. Verkefni sauðfjárbænda er ærið í svona tíðarfari, mörg andvökunótt og margt handtakið. Stundum spyr ég mig þeirrar spurningar; er sú stefna rétt að taka sauðkindina á hús snemma hausts og loka hana inni allan veturinn, í tvöfaldri höll, hæð og kjallari? Er rétt að vetrarrýja þessa vel búnu skepnu sem þolir öll veður í ullarkápunni sinni?

Sauðburður hefst nú um miðjan apríl, mánuði fyrr en tíðkaðist, en slátrun er á sama tíma í september og október, hver er ávinningurinn? Af hverju er vorullin talin verðmæt lengur eins og hún var, þegar hver ullarlagður var tíndur upp eins og gull?

Ég tel það verðugt verkefni að fara yfir velferð sauðkindarinnar, afleiðingar vetrarrúningsins og hina löngu húsvist og innilokun. Var gamla stefnan með opin fjárhús sauðkindinni betri, bóndanum léttari og arðsamari búskapur? Sauðkindin er ekki svín, hún vill frelsi.



**Asparglyttan er komin á kreik. Kvikindið sem á latínu kallast Phratora vitellinae fannst í fyrsta sinn hér á landi vorið 2006. Ekki er vitað hvernig hún barst til landsins. Asparglytta er þekkt meindýr á trjám af víðiætt í norðanverðri Evrópu.** Mynd / Herborg Ásgeirsdóttir.



**Birki með reklum.**

Umhverfismál:

# 20 milljóna króna aukaframlag til skógræktar og landgræðslu

**Aukið hefur verið við framkvæmdir í skógrækt og landgræðslu á árinu með 20 milljóna króna fjárframlagi ríkisins sem skipt verður jafnt á milli greinanna tveggja.**

Í tengslum við fjárlagavinnu 2016 hefur Sigrún Magnúsdóttir, umhverfis- og auðlindaráðherra, kynnt í ríkisstjórn tillögur um að auka við þessi framlög á næstu árum.

Á heimasíðu umhverfis-ráðuneytisins segir að fjármunirnir sem renna til skógræktar skiptist á milli Landshlutaverkefna í skógrækt, Landgræðsluskóga, Hekluskóga og Skógræktar ríkisins. Fjármunir til landgræðslu skiptast milli Landbótasjóðs og verkefnisins Bændur græða landið, sem er á vegum Landgræðslu ríkisins. Mat á árangri, þar með talið á kolefnisbindingu, er á vegum Skógræktar ríkisins og Landgræðslu ríkisins.

Vegna niðurskurðar undanfarin ár til framkvæmda í skógrækt og landgræðslu er mögulegt að auka verulega framkvæmdir, án þess að fjárfesta sérstaklega í innviðum eða mannafla. Fjármununum er því hægt að ráðstafa að mestu beint til framkvæmda, þ.e. framleiðslu og gróðursetningar trjáplantna og hvers konar landgræðslu. Framkvæmdir verða að mestu á höndum bænda og annarra landeigenda, skógræktar- og landgræðslufélaga, sveitarfélaga og verktaka.

Í ríkisstjórnarsáttmálanum er áhersla lögð á aðgerðir gegn loftslagsbreytingum og er efling skógræktar og landgræðslu liður í því og þessir auknu fjármunir fyrstu skref í þá átt. Eru vonir bundnar við að með frekari aukningu á fjárframlögum næstu ár verði hægt að fylgja þessum áherslum eftir með myndarlegum hætti. */VH*

# Sænes úthlutar styrkjum

**Sænes ehf., sem er útgerðarfélag í Grýtubakkahreppi, úthlutaði á dögunum styrkjum til félagasamtaka í hreppnum, alls 5 milljónir króna.**

Auk þess var ákveðið að kaupa hljóðkerfi og búnað fyrir eina milljón króna. Styrkveitingin fór fram á Kontórnum. Þeir sem hlutu styrki að þessu sinni voru Íþróttafélagið Magni, 2 milljónir, Golfklúbburinn Hvammur, 1,5 milljónir, Grenivíkurgleði, 500 þúsund, Útgerðarminjasafnið, 400 þúsund, Björgunarsveitin Ægir, 300 þúsund, Hermann G. Jónsson vegna bókaútgáfu, 200 þúsund krónur og Laufássókn vegna afmælis Laufáskirkju, 100 þúsund krónur. */MÞÞ*



**Styrkþegar ásamt stjórn Sæness ehf.**

# Leiðarvísir Frutin®

## Fæða sem getur valdið *brjóstsviða*









**Sítrusávextir**
Appelsínur, greipaldin og ávaxtasafar eru mjög súrir, sérstaklega þegar neytt er á tóman maga.

**Hvítlaukur og laukur**
Sumt fólk sem fær gjarnan uppþembu eða brjóstsviða þarf oft að varast lauk og hvítlauk.







**Tómatar**
Eins saklausir og þeir líta út fyrir að vera með sínum meinhollu næringarefnum, eins og lýkópen, þá eru tómatar afar súrir og fara misvel í maga.

**Sterkur matur**
Chili, pipar, mexikóskur matur, eða annar sterkur og kryddaður matur getur valdið brjóstsviða.

**Hnetur, ostur, lárpera og djúsí steik**
Eiga það sameiginlegt að vera feitur matur. Fita hægir á tæmingu magans sem getur aukið þrýsting á hringvöðva vélindans og valdið brjóstsviða.

**Alkóhól**
Vín, bjór eða eftirlætis kokteillinn þinn geta valdið brjóstsviða, sérstaklega þegar neytt er með stórri máltíð. Alkóhól slakar á hringvöðva vélindans og því ná magasýrurnar að flæða upp í vélindað.





**Kaffi**
Kaffi, gos, te, íste, annar vökvi eða matur sem inniheldur koffein ætti að varast því það getur valdið brjóstsviða. Hér skiptir máli að passa skammtastærðirnar og huga að koffeinmagninu sem innbyrt er.

**Kolsýrðir drykkir**
Gos og aðrir kolsýrðir drykkir geta valdið uppþembu sem orsakast af auknum þrýstingi á hringvöðva vélindans og það getur leitt til brjóstsviða. Er ekki bara best að sýna skynsemi og forðast gosdrykkina.





**Súkkulaði**
Auðvitað, það getur verið hlaðið koffeini og fitu, en súkkulaði getur líka valdið brjóstsviða. Súkkulaði slakar nefnilega á hringvöðva vélindans þannig að það eykur líkur á brjóstsviða. Spurning um að pakka bara saman öllu súkkulaðinu sem þú átt og gefa það.

**Frutin® getur í alvörunni hjálpað þér að neyta þessarar dásamlegu fæðu án þess að eiga á hættu að fá óþægindi eftir máltíðina.**

Frutin eru náttúrulegar tyggitöflur sem eru framleiddar af einkavarinni aðferð við að nýta trefjar sem gera það að verkum að þegar þær eru tyggðar myndast róandi, froðukennt lag í efri hluta magans.




Þessi leið er því bæði náttúruleg og snjöll til að berjast við hækkandi sýrustig í maganum án þess að nota lyfseðilsskyld lyf. Takið 1-2 töflur eftir þörfum. Barnshafandi konur geta notað Frutin. Börn undir 12 ára mega ekki nota Frutin. Inniheldur eingöngu náttúruleg efni ss. Dolomita kalk og piparmyntu.

**Frutin fæst í næsta apóteki, heilsuverslunum og einnig í heilsuhillum stórmarkaðanna.**

IceCare ehf • Ármúli 8 • Sími 581 1090 • icecare@icecare.is • www.icecare.is

IceCare
Þín heilsa

# Ár, vötn og veiði

– Sölvi Björn Sigurðsson



**Þórarinn Sigþórsson kominn með fisk í Kjarrá.** Mynd / Stangveiðar á Íslandi

## Þverá og Kjarrá í Borgarfirði

**Þverá og Kjarrá eru sama áin með hvort sitt nafnið eftir því hvar komið er að henni – Þverá að neðanverðu en Kjarrá ofar. Þessar ár hafa löngum verið taldar í hópi bestu veiðiáa landsins.**

Þar veiðast árlega um tvö þúsund laxar en mest yfir fjögur þúsund sumarið 2005. Botninn var í lægðinni 2012 þegar aðeins rúmir sjö hundruð laxar veiddust. Í síðustu vikunni þetta vonda veiðisumar kom enginn lax á fjórtán stangir úr Þverá, sem hlýtur að vera einsdæmi um svo góða laxveiðiá.

Hér þarf ekki að fara mörgum orðum um heljarmenni og fornar konur sem kröfsuðu sér leið upp á heiðar á flótta undan örlögum sínum eða í sólríkisgleði bestu stundanna. Örnólfsdalur var alfaraleið útlaga og höfðingja til forna og tengdi saman Vesturland og heiðarnar, þótt illfær sé hann víða fyrir bæði hross og menn, enda kyrrðin hér ríkari en víðátta og umferð.

Í upphafi 21. aldar bárust héðan sögur af mönnum sem voru samtímis í báðum stéttum, bæði útlagar og höfðingjar, keyrðu á mótorhjólum upp klettabeltin og skildu þau eftir á eyrunum til að flýta sér að gera nýja samninga í bankanum. Leiðsögumanninum var settur stóllinn fyrir dyrnar; annaðhvort færi hann og veiddi þessa laxa fyrir þá og raðaði þeim í skottið fyrir heimferðina eða fyrirferð hans í óskilgreindu rými efnis og anda yrði minni en guð annars gerði ráð fyrir.

Gædinn slæmdi flugu í strengina og gat veitt eins og hann vildi, fiskur var á í hverju kasti, og hann lét sig hafa að tína upp fimm til sex laxa til að hafa kúnnana góða. Þetta mun þó hafa verið í síðasta sinn sem hann leiðsagði þessum hjólreiðagörpum.

Flestir veiðimenn eru seiddir öðrum söngvum en stríðsöskrum þeagr jafnaðarlaus náttúrufegurðin tekur á móti þeim í einangruðum dölum. Þórarinn Sigþórsson fékk fóstur sitt í veiðimennsku að hluta til við Kjarrá og minnist árinnar og héraðsins sem mikils dýrmætis.

„Þessi sýn, þegar við riðum upp úr þokunni, hefur setið svo í minningunni að henni skýtur oft upp í hugann þegar minnst varir,“ segir hann og hugsar þá ekki um alla fiskana sem hann hefur veitt heldur hitt, að fá að vera á þessum litla bletti, óáreittur eitt andartak í góðum félagsskap og finna að sköpunarverkið er manni ekki algjörlega mótfallið. Því hvað jafnast í raun og veru á við það að ríða um fornan dal, með náttúrufegurðina allt um kring og allar áhyggjur heimsins sér að baki?




**Gömul veiðarfæraauglýsing.**
Mynd / Stangveiðar á Íslandi

„Þessi veiðiferð í efsta hluta Kjarrár með Sigmari Björnssyni er án efa ein þeirra eftirminnilegustu sem ég hef farið í. Þangað var farið á hestum, til að komast á leiðarenda, haldið af stað snemma vors upp í Svartastokk og mikil spenna í loftinu sem snerist meðal annars um hvort laxinn væri nú mættur. En áður en í Svartastokk yrði haldið þurfti að fara með hestana upp í Sel á Gilsbakkaeyrum daginn áður. Við lögðum af stað árla morguns, um fimmleytið, í svartaþoku. Eftir þriggja til fjögurra tíma reið riðum við skyndilega upp úr móskunni og vorum í heiðríkju. Ég gleymi aldrei þeiri sýn sem við blasti. Eiríksjökull birtist tignarlegur og mér fannst við fljúga skýjum ofar. Þarna vorum við í glaðasólskini, ekki skýhnoðri á himni. Við riðum áfram, eins og í draumi yfir útsýninu. Til að fullkomna ferðina reyndist vera mokveiði í Stokknum! Aflann reiddum við til baka á trússhesti.“

# Bændasamtökin taka þátt í Fundi fólksins

**Dagana 11.-13. júní næstkomandi verður lífleg þriggja daga hátíð í Norræna húsinu um samfélagsmál. Þar kemur fólk saman úr ólíkum áttum til að ræða málefnin og meðal annars munu fulltrúar frá Bændasamtökunum og búgreinafélögum kynna starfsemi samtakanna og kynna fyrir gestum og gangandi íslenskan landbúnað.**

„Nú eru yfir 100 atriði á dagskrá og um 40 félagasamtök taka þátt og enn eru að bætast við atriði á hátíðina. Dagskráin fer fram bæði inni í Norræna húsinu og í tjaldbúðum á lóðinni í kringum húsið. Í tjaldbúðunum verða félagasamtök, stjórnmálaflokkar og aðrir hagsmunaaðilar með starfsemi alla hátíðardagana. Í bland við líflegar umræður verður boðið upp á tónlist og aðrar uppákomur,“ segir Þuríður Helga Kristjánsdóttir, verkefnisstjóri Fundar fólksins.

### *Mikilvægur vettvangur samfélagsumræðu*

Fundur fólksins er fyrsta hátíð sinnar tegundar á Íslandi en sambærilegar hátíðir eru orðnar ómissandi hluti af hverju sumri hjá hinum Norðurlandaþjóðunum. Aðstandendur hátíðarinnar eru Norræna húsið, Norðurlönd í fókus, Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands, Almannaheill, Reykjavíkurborg og samstarfsráðherra Norðurlanda.



**Þuríður Helga Kristjánsdóttir.**

„Sambærileg hátíð og ein sú þekktasta er án efa Almedalsveckan í Svíþjóð, sem er orðin einn stærsti og mikilvægasti vettvangur sænskrar samfélagsumræðu. Hátíðin er sjálfstæð og ekki tengd neinum hagsmunaöflum á Íslandi eða annars staðar, markmið hennar er að auka tiltrú á stjórnmálum og styrkja uppbyggjandi pólitíska umræðu,“ útskýrir Þuríður.

### *Þátttakendur í hátíðinni eru:*

Almannaheill, Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands, Alþýðufylkingin ASÍ, Bandalag íslenskra listamanna, Björt framtíð, Bændasamtökin, Evrópustofa, Fjölmiðlanefnd, Framsóknarflokkurinn, Heimili og skóli, Landvernd, MND-félagið, Neytendasamtökin, Norðurslóðasetur, Norræna félagið, Píratar, Rannsóknarmiðstöð ferðamála, Rauði kross Íslands, Reykjavíkurborg, Samband íslenskra myndlistarmanna, Samfylkingin, Samstarfsráðherra Norðurlanda, Samtök atvinnufélagsins, Samtök kvenna af erlendum uppruna, Samtökin móðurmál, Sjálfstæðisflokkurinn, Skátarnir, Siðmennt, Slow food – Ísland, Starfsgreinasambandið, Stjórnarskrárfélagið, UNICEF og Vinstri græn.




# Pistlar um ár, vötn og veiði hefja göngu sína í Bændablaðinu

**Sölvi Björn Sigurðsson rithöfundur mun deila með lesendum Bændablaðsins fjölbreyttum fróðleik um ár og vötn á Íslandi.**

Pistlarnir eru byggðir á tveggja binda verki hans, Íslenskri vatnabók og Stangveiðum á Íslandi, en þar er safnað saman efni um vatnamenningu og veiðiskap Íslendinga allt frá landnámi til okkar daga. Þar er meðal annars sagt frá uppgönguaugum og ævintýramönnum, fjarstæðum og fyrirburðum, auk þess sem dregin er upp lýsing á flestöllum vatnasvæðum landsins og frá þeim sagðar sögur, jafnt úr fyrndinni og frá því í sumar, af dularfullum fiskum og dulmögnuðum aflaklóm.

Bækurnar eru fyrir veiðimenn og um veiðimenn, en líka fyrir þá sem hafa gaman af sögu og náttúru landsins, gömlum ævintýrum og frásögnum sem lýsa svo djúpum gljúfrum að niðri í þeim er hálfrökkur þegar sól skín sem hæst.




**Sölvi Björn Sigurðsson.**

Sögur útgáfa gaf út verkið sem er fáanlegt í bókabúðum og hjá útgefanda.




# Innréttingar til sölu

Innréttingar úr bakaríi til sölu, nýlegar og vel með farnar, nokkrar einingar með kæliborði, hitaborði, hillum og marmaraplötum. Best að koma og skoða á Café Grensás, Grensásvegi 26 eða hafa samband og fá sendar myndir. Nánari upplýsingar í síma 866-0471.



# Til Sölu Gesthús



17 fm gesthús til sölu

Húsið nýtist sem gesthús, útihús eða geymsla. Húsið er fullfrágengið að utan með einangruðu gólfi, undirstöður fylgja með.

Verð 1.450.000 án vsk

Allar frekari upplýsingar veitir Vilhjálmur í síma 862 9994

NESTAK ehf




## Húsnæði af ýmsum stærðum til leigu á **HVANNEYRI**

Hagstætt leiguverð

Allarar nánari upplýsingar í síma 430-5502 / Guðsteinn eða gudsteinn@kb.is
Borgarland ehf.






# Stóðhesturinn Hlekkur frá Saurbæ IS2009257783

## tekur á móti hryssum í Saurbæ, Skagafirði í allt sumar.



Hlekkur er 6 vetra alhliða gæðingur með 8,5 fyrir tölt, 9,0 fyrir skeið, vilja og fegurð í reið.
Sköpulag: 8,06 - Hæfileikar: 8,65 - Aðaleinkunn: 8,41
F: Þeyr frá Prestsbæ (8,46) - M: Njóla frá Miðsitju (8,04)

Að Hlekki standa margir gæðingar sem hlotið hafa heiðursverðlaun fyrir afkvæmi

Verð á folatolli 75.000 kr. með vsk, hagagöngugjaldi og einni sónaskoðun

Pantanir og nánari upplýsingar gefur Pétur í síma 864 5337/ petur@saurbaer.is

**Saurbaer.is**

# STEKKUR

## Draugar í Hollywood

**Draugar og draugagangur hafa verið viðfangsefni bíómynda frá upphafi kvikmyndagerðar. Myndirnar fjalla hver á sinn hátt um reimleika, sumar eru byggðar á frægum draugasögum, aðrar á sönnum atburðum.**

Í Hollywood er einnig að finna alvöru drauga, frægar kvikmyndastjörnur sem ganga aftur á heimilum sínum, hótelum og í kvikmyndaverum.

Á Roosevelt-hótelinu ganga til dæmis Montgomery Clift og Marilyn Monroe aftur. Gestir og starfsmenn hótelsins segjast verða varir við stjörnurnar og þeir sem vinna á skiptiborði hótelsins fá innanhússhringingar og pantanir á kampavíni og kavíar frá látnum stórstjörnum og gestir kvarta vegna partíóláta í mannlausum herbergjum.

Sagt er að Monty ráfi um í herbergi sem hann bjó í í þrjá mánuði á meðan hann lék í myndinni From Here to Eternity. Þeir sem hafa séð til hans segja að hann gangi um spilandi á trompet eða þylji upp rullur úr gömlum myndum.

Starfsfólk og gestir hafa oft haldið því fram að það hafi fundið fyrir óþægilegum kulda og séð spegilmynd Marilyn í svítu númer 1200. Svo rammt kvað að þessu að mannhæðarhár spegillinn var fluttur út á gang og virðist þokkagyðjan hafa fylgt honum því hún hefur nokkrum sinum sést þar.

Fleiri afturgengnar kvikmyndastjörnur hafa sést ráfa um ganga hótelsins, Errol Flynn, Betty Grable, Gybsy Lee Rose og Humphrey Bogart. Þar mun einnig vera lítil afturgengin stúlka sem annaðhvort sést grátandi eða að leika sér.

George Reeves, sem lék Superman í samnefndum sjónvarpsþáttum, fannst látinn á heimili, hann hafði verið skotinn. Andi Reeves er ósáttur við dauðann og honum bregður stundum fyrir í gervi Supermans í húsinu og nágrenni þess.

Leikkonan Thelma Todd, sem varð fræg fyrir leik sinn með Marx-bræðrum, fannst látin í bíl og sagt er að hún gangi aftur á kaffihúsi sem hún rak. Þeir sem verða hennar varir segjast finna lykt af ilmvatninu sem hún notaði.

Handan við Walk of Fame, þar sem stjörnurnar hafa lafa lagt hönd sína í blautt sement og merkt sinn stað í sögu kvikmyndanna, eigrar sál Viktors Kilian í endalausri leit að morðingja sínum.

Á svipuðum slóðum sést til Lon Chaney þar sem hann endurtekur í sífellu atriði úr kvikmynd þar sem hann bíður eftir strætisvagni. Því er reyndar haldið fram að Chaney gangi aftur í ljósum logum í kvikmyndaveri Universal-samsteypunnar þar sem hann lék aðalhlutverkið í Phantom of the Opera á þriðja áratug tuttugustu aldarinnar.

Kvikmyndastjörnur ganga aftur eins og fólk. Hér skal ósagt látið hvort draugar eru algengari í þeirra hópi en almennt gerist, frægð þeirra gerir það aftur á móti að verkum að margir þekkja til þeirra og geta því nafngreint afturgönguna sem þeir sjá.

Í íslenskri þjóðtrú er sagt að afturgöngur séu menn sem hafi notið mikilsheimsláns í jarðlífinu og eigi erfitt með að segja skilið við lífið vegna þess. Hugsanlegt er að stjörnurnar séu í svipaðri stöðu og vilji njóta athygli eins lengi og hægt er. /VH



Arngrímur Thorlacius og Elísabet Axelsdóttir, eigendur Efnagreiningar ehf.

### Efnagreining ehf. á Hvanneyri:

# Efnagreiningaþjónusta fyrir bændur

**Í sumar tekur til starfa efnamælingastofa á vegum Efnagreiningar ehf. á Hvanneyri. Fyrirtækið býður upp á fjölbreytta möguleika til efnagreiningar á jarðvegi og fóðri fyrir bændur auk þess að bjóða víðtæka möguleika á efnagreiningum fyrir vísindasamfélagið.**

Fyrirtækið er í eigu hjónanna Elísabetar Axelsdóttur og Arngríms Thorlacius. Elísabet er framkvæmdastjóri félagsins og annast daglegan rekstur þess. Aðstandendur fyrirtækisins hafa síðustu vikur unnið að undirbúningi og við að innrétta húsnæði í gömlu nautastöðinni á Hvanneyri.

Elísabet segir að fyrirtækið hafi fjárfest í margvíslegum nýjum greiningarbúnaði. „Fyrst má telja rafgasmassagreini til stein- og snefilefnagreininga, NIR-tæki til að mæla orkuefni, meltanleika og fleira og örbylgjuofn sem gerir kleift að leysa upp sýni fyrir snefilefnamælingar. Jafnframt því sem við höfum keypt margvísleg önnur tæki og búnað sem er nauðsynlegur mælistofu af þessu tagi.“

Arngrímur segir að sig hafi lengi dreymt um að eignast massagreini og að hann sé svo vel kvæntur að konan hafi keypt handa honum massagreini til að leika sér að.



Markmið er að bjóða góða og þróa nýjar mæliaðferðir fyrir aðila í landbúnaði og á öðrum sviðum atvinnulífsins.

### *Landbúnaðarháskólinn gat ekki mætt þörfum markaðarins*

Elísabet segir að Landbúnaðarháskóli Íslands hafi hætt með þjónustuefnagreiningar um síðust áramót, en þar var einkum greint hey og jarðvegur frá bændum. Auk þess hafa verið framkvæmdar orkuefnamælingar og örverugreiningar loðdýrafóðurs frá fóðurstöðvum sem og greiningar fyrir vísindasamfélagið, eftirlitsstofnanir og framleiðslufyrirtæki.

„Landbúnaðarháskólinn var ekki í stakk búinn til að mæta þörfum markaðarins og missti fjölda viðskiptavina til efnarannsóknarstofu í Hollandi,“ segir Elísabet.

Efnagreining ehf. hefur frá áramótum þjónustað fóðurstöðvar loðdýrafóðurs í landinu og hyggst bjóða bændum góða og fljótvirka þjónustu strax í sumar.

„Markmið okkar er að bjóða svipaða þjónustu og hægt er að fá í Hollandi en á lægra verði. Jafnframt stendur til að þróa nýjar mæliaðferðir fyrir aðila í landbúnaði og á öðrum sviðum atvinnulífsins. Nýja rannsóknarstofan verður mun betur tækjum búin en sú sem hún leysir af hólmi.“

### *Selenskortur áhyggjuefni*

Síðustu áratugi hefur gætt vaxandi áhuga meðal bænda og ráðunauta að fá mæld snefilefni í heyi og þá sérstaklega selen en það er víðast í mjög lágum styrk í grasi á Íslandi.

„Ekki er talið að skortur á því hamli viðgang jurtanna en það getur valdið selenskorti í búfé. Selenskortur er því víða áhyggjuefni og reglubundnar mælingar á seleni hafa ekki verið framkvæmdar hér á landi til þessa.

Það skortir á upplýsingar um magn snefilefna í íslenskum jarðvegi. Hjá Efnagreiningu ehf. stendur til að bæta nokkrum snefilefnum við þann lista greiningarþátta sem nú er boðið upp á við reglubundna greiningu jarðvegs.“

### *Margvísleg sóknarfæri*

Að sögn Elísabetar þurfa garðyrkjubændur margvíslega efnagreiningarþjónustu en á liðnum árum hafa þeir að mestu sótt hana til útlanda. Ráðunautur Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins í garðrækt hefur átt fund með starfsfólki Efnagreiningar ehf. til að kynna hvaða mælingar og mæliaðferðir þarf til að þjónusta garðyrkjubændur. „Við ætlum, í samstarfi við RML, að kynna þjónustuna meðal garðyrkjubænda og stefnum í framtíðinni á að sinna þeim markaði og bjóða samkeppnisfært verð.“

Nýja fyrirtækið á margvísleg sóknarfæri sem tengjast meðal annars rafgasmassagreininum sem gerir mögulegt að magngreina flest frumefni lotukerfisins í lágum styrk. Margar íslenskar stofnanir hafa á liðnum árum leitað út fyrir landsteinana eftir slíkum greiningum.

„Kostnaður við efnagreiningu ræðst af lotustærðum eða fjölda mælinga og sýna sem hægt er að vinna í einni lotu. Kostnaður við einstakt sýni er jafnan meiri þegar unnið er með eitt eða fáein sýni, samanborið við fleiri tugi eða hundruð sýna, þótt framkvæmdar séu nákvæmlega sömu verkþættir. Eftir því sem sýnin eru fleiri og loturnar stærri er hægt að framkvæma greiningar fyrir lægra verð,“ segir Elísabet.

### *Efnagreining í áskrift*

„Kúabóndi nokkur hefur fært í tal við okkur þann möguleika að fá heysýnagreiningu í áskrift og að senda inn sýni til dæmis mánaðarlega allan gjafatímann. Þannig fengjust mæliniðurstöður fyrir það hey sem verið er að gefa hverju sinni og niðurstaðan myndi gefa betri mynd af innihaldi fóðursins sem verið er að gefa. Hugmyndin er góð og ef það fengjust nokkrir tugir bænda í slíka áskrift yrði kostnaðaraukinn lítill eða óverulegur samanborið árlega innsendingu sýna eins og nú tíðkast.“

### *Veflæg þjónusta*

„Hafin er hönnun á nýjum gagnagrunni sem gerir okkur kleift að senda út niðurstöður á fljótvirkan og öruggan hátt,“ sagði Elísabet að lokum. /VH






HANDRIÐ OG SKJÓLVEGGIR

ispan@ispan.is • ispan.is

Íspan® GLER OG SPEGLAR

Bændablaðið
á bbl.is og líka á Facebook

Sturlaugur Jónsson & Co

Umboðs- og söluaðili fyrir hinar viðurkenndu dönsku forsteyptu einingar í gripahús frá TCT.

Gólfeiningar, fóðurgangar ofl. fyrir allar gerðir gripahúsa. Gæða framleiðsla og áratuga reynsla á Íslandi. Til afgreiðslu í Reykjavík, Akureyri, Sauðárkróki og Seyðisfirði. Stuttur afgreiðslutími.

**Sölumenn í símum 412 3002 og 898 5455**



Selhellu 13 Hafnarfirði - Sími 412 3000 - www. sturlaugur.is

## Hvar kaupir þú blekhylki fyrir heimilið eða tónera fyrir vinnuna?

**VERÐDÆMI**

| | | |
|---|---|---|
| Tóner litasett 4 litir laserjet | Blekhylki.is kr. 55.000 Umboðsaðili kr. 148.427 | 93.427 kr. ódýrari |
| Tóner 12a. | Blekhylki.is kr. 6.000 Umboðsaðili kr. 18.247 | 12.247 kr. ódýrari |
| 4 blekhylki í Brother 123. | Blekhylki.is kr. 4.500 Umboðsaðili kr. 15.960 | 11.460 kr. ódýrari |
| 5 blekhylki í Canon | Blekhylki.is kr. 3.500 Umboðsaðili kr. 12.984 | 9.484 kr. ódýrari |

**PANTAÐU**

Í síma **517-0150**,
á **www.blekhylki.is**
eða í verslunum okkar:
**Hagkaup Smáralind**
og **Fjarðargötu 11,**
**2. hæð Hafnarfirði.**

50-70% ódýrari

**Við höfum selt blekhylki og tónera í 6 ár.**

Blekhylki.is
Lágvöruverslun fyrir þig og fyrirtækin í landinu

CE

# Áhrifarík sárameðferð

- Bakteríueyðandi plástur -

## Fyrirbyggir og eyðir sýklum í sári

**á náttúrulegan hátt án sýkladrepandi efna.**
**Virkar á alla helstu sárasýkla, m.a. MOSA og VRE.**



Þolir íþróttir, leiki, sturtuböð og sund. Krumpast ekki á köntum.

**Sorbact® - Græn sáralækning**

Fyrir tilstilli vatnsfælni bindast sárasýklar við umbúðirnar, verða óvirkir og hætta að fjölga sér, án sýkladrepandi efna. Skaðar ekki nýjar frumur. Ótakmörkuð notkun á allar tegundir sára. Dregur úr sársauka. Engar aukaverkanir. Vatnsheldur og ofnæmisfrír límflötur.

Fæst í apótekum | Celsus ehf. | www.celsus.is

sorbact® green wound healing

## Veggspjald af íslensku landnámshænunni

Litaveggspjöld af íslensku búfé hafa notið mikilla vinsælda í gegnum árin. Þau eru fáanleg hjá BÍ og í bókaverslunum víða um land. Nú er landnámshænan komin í hóp með geitum, hrossum, sauðfé, kúm og íslenska fjárhundinum.

**Tvær stærðir eru í boði, A3 og stór veggspjöld í stærðinni 61 x 87 cm. Minni gerðin kostar 900 kr. og sú stærri 1.500 kr.**

Tekið er við pöntunum í netfangið jl@bondi.is eða í síma 563-0300.




BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS
www.bondi.is

# Fagmennska og gleði verður í forgrunni, frábærir hestar og skemmtilegt fólk

## – segir Áskell Heiðar Ásgeirsson, framkvæmdastjóri Landsmóts hestamannafélaga á Hólum í Hjaltadal

**„Ég hlakka mikið til að vinna með skemmtilegu fólki að uppbyggingu þessarar frábæru hátíðar, sem verður allt í senn; glæsilegt íþróttamót, menningarviðburður, fjölskylduhátíð en umfram allt mannamót þar sem íslenski hesturinn verður í öndvegi,“ segir Áskell Heiðar Ásgeirsson, sem á dögunum tók við starfi framkvæmdastjóra vegna Landsmóts hestamannafélaga sem haldið verður næsta sumar á Hólum í Hjaltadal. „Svo er auðvitað skemmtilegt aukakrydd í þetta allt saman að sumarið 2016 verða liðin 50 ár frá því Landsmót fór síðast fram á Hólum.“**

Áskell Heiðar segir ráðningu sína undirstrika ákveðna stefnubreytingu hjá Landssambandi hestamannafélaga, í þá átt að framkvæmd landsmóta verði í auknum mæli færð heim í þau héruð sem hýsa mótin hverju sinni og til fólksins sem þar býr. „Og því er mikilvægt að hestamenn og Skagfirðingar standi saman að mótshaldinu og umgjörðinni um það.“



Áskell Heiðar, framkvæmdastjóri LM2016, Lárus Ástmar Hannesson, formaður stjórnar LH, og Eyþór Gíslason, mótsstjóri LM2016, litu á aðstæður á landsmótssvæðinu á Hólum.

### *Ólst upp á sauðfjárbúi*

Heiðar er fæddur og uppalinn í Borgarfirði eystra, næstelstur fjögurra systkina, sonur hjónanna Bergrúnar Jóhönnu Borgfjörð og Ásgeirs Arngrímssonar. Þau hjónin ráku saman sauðfjárbú á bænum Brekkubæ ásamt ferðaþjónusturekstri og viðburðahald af ýmsu tagi varð síðar hluti af hinu daglega lífi þeirra og barnanna. Eftir að Jóhanna lést árið 2012 hefur Ásgeir haldið sauðfjárræktinni áfram og Arngrímur Viðar, elsti bróðir Heiðars, rekur nú umfangsmikla ferðaþjónustu á Borgarfirði.

Skólagangan fór fram heima í Borgarfirði og síðar í Alþýðuskólanum á Eiðum þaðan sem leiðin lá í Fjölbrautaskólann á Sauðárkróki. Þar kynntist hann konu sinni, Völu Báru Valsdóttur, sem er hreinræktaður Skagfirðingur. „Við bjuggum í Reykjavík á meðan við stunduðum bæði nám í borginni, hún lærði til leikskólakennara og ég var í landafræði við Háskóla Íslands. Við snerum svo heim á Krókinn að loknu námi árið 1998 og höfum búið þar síðan,“ segir Heiðar. Þau Vala eiga fjórar dætur, sú elsta varð 18 ára í vikunni en sú yngsta varð fjögurra ára í desember síðastliðnum.

### *Byggði upp tónlistarhátíðina Bræðsluna ásamt fleirum*

Heiðar starfaði lengi sem sviðsstjóri hjá Sveitarfélaginu Skagafirði þar sem hann hafði umsjón með menningarstarfi, viðburðum, ferða- og atvinnumálum. Hann settist á skólabekk á ný árið 2012 og lauk MA-námi í ferðamálum og viðburðastjórnun frá Háskólanum á Hólum, en hluti af því var gestanám í Englandi. Fjölskyldan fékk þannig tækifæri til að búa í útlöndum veturinn 2013 til 2014. Undanfarið ár hefur Heiðar kennt við Háskólann á Hólum og Háskóla Íslands, auk þess að skipuleggja eigin viðburði. Einn sá þekktasti er Bræðslan, sívaxandi tónlistarhátíð sem haldin er á æskustöðvum hans, Borgarfirði eystra, en þá hátíð hefur hann byggt upp ásamt Magna, bróður sínum, og fleirum undanfarinn áratug.



**Frá undirritun samninga milli Landssambands hestamannafélaga og Gullhyls, félags í eigu hestamannafélaga í Skagafirði, sem fram fór á Hólum fyrr á árinu.**

### *Góð aðstaða fyrir hendi á Hólum*

„Mér bauðst að taka að mér framkvæmdastjórn Landsmótsins næsta sumar og auðvitað er ekki hægt að láta slíkt tækifæri úr hendi sleppa, þetta er mjög spennandi verkefni, skemmtilegur viðburður og ekki spillir fyrir að hann skuli fara fram á þessum yndislega stað sem Hólar eru,“ segir Heiðar.

Háskólinn á Hólum er öflugasta miðstöð landsins þegar kemur að kennslu og rannsóknum á öllu er viðkemur íslenska hestinum og það telur Heiðar einn helsta styrkleika þess að staðsetja mótið á Hólum. Fyrir hendi er á staðnum góð aðstaða, frábær húsakostur, glæsilegt hesthús, reiðhallir og fleira sem nýtist vel á mótinu. „Mikið af hestafólki hérlendis og erlendis hefur tengsl við staðinn, t.d. eftir að hafa stundað þar nám og það er von mín að þetta fólk skili sér á landsmót.“

### *Miklar framkvæmdir fyrirhugaðar í sumar*

„Nú í sumar verður hafist handa við þær endurbætur sem gera þarf á svæðinu til að það verði í stakk búið til að taka á móti þeim fjölda gesta sem við vonumst eftir að sæki mótið heim. Það verða útbúnar glæsilegar áhorfendabrekkur við aðalkeppnisvöllinn og byggður verður kynbótavöllur, auk þess sem unnið verður í vegagerð og að öðrum nauðsynlegum verkefnum sem ráðast verður í svo að sem best fari um gesti og hross meðan á mótinu stendur,“ segir Heiðar. „Háskólinn á Hólum og Sveitarfélagið Skagafjörður hafa ásamt hestamannafélögunum í Skagafirði lagst á árar með Landssambandi hestamannafélaga. Allt þetta góða fólk stefnir að sama markmiði og ég er þess fullviss að umgjörð mótsins verður eins og best verður á kosið, stórglæsileg.“

### *Markmiðið að senda gesti heim með góðar minningar*

Heiðar segir að almennt séu Skagfirðingar ánægðir með val á landsmótssvæði, að mótið fari fram á Hólum í stað Vindheimamela, „en eflaust eru á því skiptar skoðanir eins og á öllu öðru. Ég finn hins vegar fyrir miklum hug í íbúum hér á svæðinu, menn ætla sér að leggjast á eitt um að gera landsmótið að vel heppnuðum viðburði. Markmiðið er að senda gesti heim með góðar minningar þannig að þeir vilji koma aftur og helst sem oftast heim að Hólum,“ segir Heiðar.

Hann nefnir að allir geri sér grein fyrir því að miklu skipti fyrir íbúa á öllu Norðurlandi að fyrir hendi sé góður landsmótsstaður í landshlutanum „og ég er sannfærður um að hestamenn og aðrir á svæðinu þjappa sér saman á bak við mótið“ segir hann og bendir m.a. á að heimamenn þurfi í sameiningu að vinna að því að koma gestum mótsins fyrir í þeirri gistingu sem þeir helst kjósa.

### *Í forgrunni að skapa skemmtilega stemmningu*

„Það eru miklar vonir bundnar við þetta mót og við þurfum að standa okkur í því að búa til viðburð sem höfðar til hestaáhugafólks, en einnig til þeirra sem vilja sækja skemmtilegt mannamót. Við þurfum að hafa í forgrunni að skapa skemmtilega stemningu, við viljum búa til viðburð þar sem fagmennska og gleði verða aðalatriðin, frábærir hestar og skemmtilegt fólk,“ segir Heiðar. Ómögulegt sé að segja fyrir um fjölda hugsanlegra gesta nú ári fyrir landsmót. „En við stefnum auðvitað að því að fá mikinn fjölda til okkar, aðalatriðið er þó að allir fari glaðir heim.“

Heiðar sinnir væntanlegu landsmóti í hlutastarfi fram til næstu áramóta, en á nýju ári mun hann snúa sér alfarið að undirbúningi mótsins. Fyrstu vikurnar segir hann að fari í að koma sér inn í reksturinn og kynnast fólki sem starfar við mótshaldið. Vinna er hafin við opnun miðasölu í sumar og eins er hafinn undirbúningur vegna heimsmeistaramóts íslenska hestsins í Herning í Danmörku sem verður í ágúst. „Þar verður landsmótið í góðum félagsskap á hestatorgi og munum við kynna það rækilega þar,“ segir Heiðar.

/MÞÞ

BÁRUPLAST



SINDRASON
ÁLHELLU 3 • SÍMI 575 3100 • SINDRASON.IS

Færibanda-
reimar
Eigum á lager
færibandareimar
í flestar gerðir rúlluvéla



GÚMMÍSTEYPA
Þ. LÁRUSSON EHF.
Gylfaflöt 3 · 112 Reykjavík · Sími 567 4467 · Fax 567 4766 · gummisteypa@gummisteypa.is · www.gummisteypa.is



Til Sölu
Hálfþekjandi fúgavörn í 11,5 líters fötum, liturinn er palesander
Verð 8,015 kr. fatan.
Frekari upplýsingar gefur Vilhjálmur í síma 862 9994
NESTAK ehf



Bifreid.is
Varahlutir og þjónusta í 15 ár
555 0885
Tækniþjónusta bifreiða - Hjallahraun 4 - 220 Hafnarfjörður
PORSCHE BMW Mercedes-Benz ŠKODA MINI VW Audi OPEL



Kjarni málsins
Ekkert viðhald
REHAU
Gluggar, hurðir, svalahurðir og sólstofur úr viðurkenndu PVC-U hágæða plastefni hafa einstakt einangrunargildi. Íslensk framleiðsla og áratuga reynsla. Sparaðu tíma, leitaðu tilboða
gluggar@kjarnagluggar.is





Kjarnagluggar
Selhellu 13, Hafnarfirði • sími 554 2800
kjarnagluggar.is
AUGLÝSINGASTOFA E. BACKMAN

Baikal
Baikal haglabyssur sterkar áreiðanlegar og á góðu verði



Baikal 155 Hálfsjálvirk 12ga 3" 3 þrengingar og festingar
kr 95,900
Baikal Tvíhleypa IZH 27 EM 1C 12ga 3 þrengingar
kr 98,900
Baikal 155 Hálfsjálvirk 12ga 3" (einnig til vinstrihandar) hnotu skepti
kr 98,900
Baikal 155 Hálfsjálvirk 12ga 3" camo 3 þrengingar
kr 98,900
Baikal 18 EM 12ga útkastari, púði listi
kr 29,900
Vesturröst
Sérverslun veiðimannsins - Laugaveg 178 - sími: 551 6770 - www.vesturrost.is



Tilboðsverð:
15.000
Stangveiðar á Íslandi og Íslensk vatnabók
Menningarverðlaun DV
Tilnefnd til íslensku bókmenntaverðlauna
Vísir.is – 5 Stjörnur
★★★★★
Hátt í þúsund ár renna til sjávar á Íslandi og við þær allar býr saga, rétt eins og við vötnin inn til landsins.
Skyldulesning fyrir alla áhugamenn um stangveiðar og ferskvatnsfiska.
www.sogurutgafa.is sögur ÚTGÁFA

## Áhrif af verkfalli dýralækna:

# Mikil sala í kindakjöti undanfarnar vikur og gengur vel á birgðir

## – afurðastöðvar búnar með allar sínar birgðir af nautakjöti

**Vel hefur gengið á þær birgðir sem til eru af kindakjöti síðustu vikur, en neytendur hafa í auknum mæli snúið sér að því undanfarið. Nautakjötsbirgðir eru aftur á móti á þrotum hjá afurðastöðvum. Verkfall dýralækna sem staðið hefur yfir undanfarnar vikur gerir að verkum að lítið er um slátrun, sem aftur hefur í för með sér að verslanir bjóða ekki sama úrval af kjötvörum og þegar ástand er með eðlilegum hætti.**

Steinþór Skúlason, framkvæmdastjóri SS, segir að verkfall dýralækna hafi áhrif á rekstur stórgripasláturhúss félagsins, en þar liggur slátrun niðri. Starfsfólk er á launum, sinnir öðrum verkum, en húsið er tekjulaust. „Þetta er auðvitað mjög neikvætt, við leggjum í mikinn kostnað en fáum engar tekjur inn,“ segir Steinþór.

### *Valkostum neytenda hefur fækkað*

Sala á kindakjöti hefur að hans sögn tekið mikinn kipp upp á við. „Við merkjum söluaukningu þar og vel hefur gengið á birgðir. Hjá okkur er staðan sú að allar birgðir sem við höfðum yfir að ráða í nautakjöti eru uppurnar. Það er greinilegt að valkostum neytenda hefur fækkað, það er lítið um kjúkling og svín, nautakjötið svo til búið og þá snýr fólk sér að öðru. Það eru nægar birgðir til af kindakjöti og raunar jákvætt að svona vel gengur á þær. Fólk velur eitthvað annað í matinn, þar hefur lambið komið sterkt inn, pylsur af ýmsu tagi og kryddkjöt svo eitthvað sér nefnt,“ segir Steinþór.

### *Nautakjötsbirgðir á þrotum*

Ingvar Gíslason, markaðsstjóri hjá Norðlenska, segir að áhrifa verkfalla hafi farið að gæta í síðustu vikunni í maí. „Þá kláruðust okkar nautakjötsbirgðir endanlega og við höfum ekki framleitt neitt af hakkvörum og hamborgurum undanfarnar vikur,“ segir Ingvar. Að einhverju leyti segir hann að skortur á ákveðnum kjöttegundum hafi skilað sér í aukinni sölu á lambakjöti, „en þau áhrif eru óveruleg“.

Á sama tíma hefur útflutningur til Færeyja legið niðri, en fyrir Norðlenska sé um verulegt magn að ræða. Ingvar segir að þrátt fyrir leiðindatíð í vor hafi gengið ágætlega að selja grillkryddaðar vörur og félagið sé nú að hefja markaðssetningu á nýjum vöruliðum sem fengið hafi fínar viðtökur hjá neytendum. „Sumarið er rétt að byrja og við trúum ekki öðru en að það verði gott,“ segir Ingvar.



### *Kindakjöt til bjargar*

Ólafur Már Þórisson, markaðsstjóri Kjarnafæðis, segir að fyrstu vikur verkfallsins hafi verið í lagi, en félagið hafi náð að birgja sig þokkalega upp af nauta-, svína- og kjúklingakjöti.

„Það hefur auðvitað sést á sölutölum undanfarinna vikna að erfitt er að fá þessar afurðir. Kindakjötssala hefur aukist töluvert að undanförnu á móti og má þar nefna læri, gúllas, grillvörur úr lambakjöti, kótilettum í raspi og svo síðast en ekki síst kindaborgara sem við kjósum að kalla Fjallaborgara. Þeir hafa komið inn í staðinn fyrir nautahamborgara og eru ekki síðri að mínu mati. Það kom mér skemmtilega á óvart hversu góðir þeir eru,“ segir Ólafur Már.

Ástandið nú er orðið slæmt, einkum í nautakjöti og innfluttum kjúklingi, lítið sem ekkert sé til af þeim vörum. „Hakk og hamborgarar úr nautakjöti hafa ekki sést hér í húsi í nokkrar vikur. En á meðan svo er þá kemur kindakjötið okkur til bjargar. Það er því búið að létta aðeins á birgðum af lambakjöti sem getur ekki verið neitt annað en jákvætt,“ segir Ólafur Már.

### *Sala á frystivöru jókst*

Hann segir að fyrir nokkrum vikum hafi hræðsla við tímabundin verkföll og jafnvel allsherjarverkföll ásamt skorti á öðrum tegundum orðið til þess að sala í frystivöru jókst umtalsvert. „Ég held hins vegar að það hafi verið eðlilegur ótti landsmanna og gott að fólk brást við. Það er alltaf hægt að borða upp úr frystikistunni þótt verkfall leysist.“ /MÞÞ








# Við kynnum með stolti nýju 5C seríuna frá Deutz-FAHR

5C serían er hönnuð sem alhliða vél sem vinnur frábærlega með ámoksturstækjum.

Við hönnun vélarinnar var þess gætt að hún væri notendavæn og þægileg en jafnframt einföld og laus við óþarfa rafbúnað og tækni.

Mótor 5C seríunnar er hinn nýji Deutz TCD 3.6 L04 sem stenst núverandi mengunarstaðla án nokkurs aukakostnaðar eins og fylgir AdBlue eða DPF síum.

| Módel | 5090C | 5100C | 5110C | 5120C |
|---|---|---|---|---|
| Afl (hö) | 89 | 99 | 110 | 118 |
| Snúningsvægi [Nm] | 358 | 397 | 440 | 460 |

Við erum að taka á móti fyrstu vélunum í 5C seríunni. Ríkulega búnar í tveimur útfærslum, með STOLL FZ20 ámoksturstækjum. - Leitið nánari upplýsinga hjá sölumönnum okkar.

ÞÓR HF

**Reykjavík:**
Krókháls 16
110 Reykjavík
Sími 568-1500

**Akureyri:**
Lónsbakka
601 Akureyri
Sími 568-1555

**Vefsíða:**
www.thor.is

2014 Framúrskarandi fyrirtæki



**Gróðursetningar hófust fyrir nokkru á Austurlandi þrátt fyrir langt og kalt vor og eru fáeinir skógarbændur komnir vel á veg með að setja út frysta lerkið. Aðstæður hafa verið með þeim hætti í vor að víða var hreinlega ekki hægt að koma plöntum niður vegna klaka og eða bleytu. Á myndinni eru þau Hólmfríður Jakobsdóttir og Haukur Guðmundsson, starfsmenn Héraðs- og Austurlandsskóga, að gróðursetja af kappi á Grund í Jökuldal.** Mynd / Borja Alcober

## Langt og kalt vor tefur gróðursetningar á Austurlandi:

# Víða ekki hægt að koma niður plöntum vegna klaka og bleytu

**Gróðursetningar hófust fyrir nokkru á Austurlandi þrátt fyrir langt og kalt vor og eru fáeinir skógarbændur komnir vel á veg með að setja út frysta lerkið.**

„Veðrið hefur töluvert verið að stríða okkur í vor varðandi gróðursetningar. Það hefur gengið hægar en vanalega að koma út lerki sem geymt hefur verið í frysti yfir veturinn, en það eru þær plöntur sem þarf að koma fyrst út,“ segir Ólöf I. Sigurbjartsdóttir, framkvæmdastjóri Héraðs- og Austurlandsskóga.

Hún segir mikilvægt að koma plöntum sem fyrst út, helst megi það ekki dragast mikið yfir mánaðamótin maí/júní að koma plöntum í jörð. Aðstæður hafa verið með þeim hætti í vor að víða var hreinlega ekki hægt að koma plöntum niður vegna klaka og eða bleytu.

### *Ekki alltaf jólin*

Eitthvað hafi verið um að setja hafi þurft þær plöntur sem ekki komust í jörð í plöntubakka til áframræktunar og þá með tilheyrandi aukakostnaði. Eins hafi landeigendur í einhverjum mæli skilað inn plöntum sem þeim var úthlutað því svæðin voru víða svo blaut að ekki var hægt að komast inn á þau. Til að bæta enn gráu ofan á svart vantar líka sums staðar mannskap í gróðursetningar, en margir landeigendur treysta sér ekki til eða hafa ekki tök á að koma sjálfir niður plöntum.

„Það verður að segjast eins og er að það eru ekki margir að sækjast eftir að komast í gróðursetningu þegar hitastigið er 2 °C og slydda. Svo það eru ekki alltaf jólin í þessu frekar en öðru,“ segir Ólöf.

### *Teygjum á gróðursetningartímanum*

Hún segir að fáeinir skógarbændur séu komnir vel á veg með að setja út fryst lerki „og við hvetjum þá sem ekki eru byrjaðir en fengu úthlutað frystu lerki að kappkosta að koma því í jörðu sem allra fyrst,“ segir hún.

Rannsóknir sýni að hratt dragi úr lifun frostplantna ef þær fara seint í jörðu og viðmiðið hefur verið mánaðamótin maí-júní.

„Í ljósi þess hversu seint hefur vorað hefur var ákveðið að teygja gróðursetningartímann eins langt og þorandi þótti. Eftir þann tíma þurftum við að setja plöntur í bakka til áframhaldandi ræktunar, þeim plöntum sem verður skilað inn þurfa lengri umönnun á gróðrarstöð og verða gróðursettar í haust. Þetta skapar okkur aukakostnað og -vinnu því lagt var upp með að þessar plöntur kæmust út núna í vor,“ segir Ólöf. Hún bætir við að ekki sé um stórmál að ræða, en þetta sé dæmi um afleiðingar veðurfarsins, „og er vissulega þó nokkur kostnaðarauki fyrir verkefnið“.

Ólöf segir að þrátt fyrir kuldatíð undanfarið komi skógurinn fallegur undan vetri og það megi þakka stöðugu veðurfari á liðnum vetri, sem var laus við hitasveiflur.

*/MÞÞ*



**Nýja gistihúsið er glæsilegt í alla staði.**

## Nýtt gistihús opnað í Álftröð á Skeiðum:

# Markhópurinn eru hestahópar og kórar

**„Ég er mjög spennt fyrir þessu og hef nú þegar fengið mjög góðar viðtökur og allir eru hæstánægðir með gistihúsið. Ég mun stíla inn á hestahópa og kóra sem eru í æfingabúðum, þetta er topp aðstaða fyrir slíka hópa en að sjálfsögðu eru allir hjartanlega velkomnir til mín,“ segir Bára Guðjónsdóttir, sem hefur opnað glæsilegt gistihús í Álftröð í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.**

Í húsinu eru níu herbergi, þar af eitt fjölskylduherbergi, auk salarins og eldhúsaðstöðu. „Hópar geta komið með sinn eigin mat eða þá að ég útvega mat eins og morgunverð og þess háttar, það er allt opið. Ég er í samstarfi við Hótel Heklu, þannig að þetta er lítið mál,“ bætir Bára við. Heimasíða nýja gistiheimilisins er http://www.alftrod.is/og það er líka á facebook.

*/MHH*

## Vallarhjáleiga í Flóahreppi:

# Falið leyndarmál með forvitnilegum smámunum

**„Auðvitað erum við stórskrýtin að vera að safna öllu þessu drasli en við erum líka yndisleg, það geta ekki allir verið eins,“ segir Brynja Dagbjartsdóttir frá Gljúfurárholti í Ölfusi skellihlæjandi.**



**Sumarbústaður þeirra Brynju og Tolla í Vallarhjáleigu.**

Hún og maður hennar, Þorleifur Sigurðsson úr Reykjavík, kallaður Tolli, eru með sumarbústað í Vallarhjáleigu í Flóahreppi þar sem þau eru með glæsilegt smámunasafn þar sem hægt er að gleyma sér í margar klukkustundir við að skoða hlutina. „Þetta er drasl, við byrjuðum að safna þegar við vorum að ferðast til útlanda, fingurbjörg hér og fingurbjörg þar, skeiðar og svo framvegis og framvegis. Þegar við sáum að það var ekki pláss fyrir alla þessa muni í húsinu okkar í Reykjavík fluttum við dótið með okkur í sumarbústaðinn og síðan hefur bæst við og við. Börnin okkar banna okkur að safna meira, nú er komið nóg segja þau,“ segir Brynja. Safnið er ekki opið fyrir almenning en þau taka þó á móti hópum og vinafólki en bæði eru þau mjög gestrisin og finnst fátt skemmtilegra en að spjalla við fólk um hlutina sína.



**Brynja segir að hjónin vilji helst hvergi annars staðar vera.**

*/MHH*




Hafðu samband og kynntu þér vöruúrvalið og þjónustuna

ÍSFELL
www.isfell.is

Ísfell ehf • Óseyrarbraut 28 • 220 Hafnarfjörður • Sími 5 200 500 • isfell@isfell.is



# BÆNDUR!

Flytjum inn burðarbita fyrir útihús, límtré og stál.

**Eikin ehf. Kleppsmýrarvegi 8, sími 577-2577, eikin@eikin.is**



## Askur frá Akranesi

**IS2010135046**

Byggingardómur 8,28. Hæfileikar 8,02. Aðaleinkunn 8,12.
F: Aðall frá Nýjabæ. M: Katla frá Krossanesi.
Askur tekur á móti hryssum á húsi í sumar, verð 60.000 með umsýslugjaldi. Nánari upplýsingar í síma.
Snorri 897-5162. Benni 896-1581.





Belgagri

**Twenty-One flugnaeitur**

Einstök formúla flugnaeiturs fyrir bændur í kvikfjárrækt.

- Asameþífos er hraðvirkasta efnið á markaðnum
- Eina fáanlega flugnaeitrið sem má bæði úða og pensla
- Virkni í allt að 12 vikur
- Laðar skordýr að með ferómóni og löðunarefni
- Eina fáanlega efnið sem drepur við inntöku og snertingu




Sölustaðir: KVH, KS Verslunin Eyri, Bústólpi, KB Búrekstrardeild Borgarnesi

STREYMI heildverslun

**Streymi heildverslun ehf.**
Goðanesi 4 | Akureyri
streymi.is | 588 2544





# ECORASTER JARÐVEGSGRINDUR

## framleiddar úr endurunnu plasti - endurvinnanlegar - menga ekki jarðveginn



**Notkunarstaðir:**
Bílastæði
Göngustígar
Innkeyrslur
Tjaldstæði
Hestagerði og reiðhallir
Almennt í landbúnað
Gróðurhús
Græn þök
Aðkomusvæði neyðarbíla

**Kostir:**
Örugg samlæsing
Hleypir aðkomuvatni niður
Eykur burð og styrkir gljúpan jarðveg
Minni undirbygging
20 ára ábyrgð
Auðlagt og meðfærilegt
Fjöldi aukahluta
Margar gerðir

www.ecoraster.is

VER ehf, Kirkjubraut 12 - 300 Akranesi
s: 431 1111 tölvupóstur: ver@ver-ehf.is

VER

Fróðleiksbásinn

Hafsteinn Hafliðason garðyrkjufræðingur



# Geitakál – leitt og ljúft

**Oft fæ ég fyrirspurnir frá garðeigendum vegna „skriðullar og lágvaxinnar hvannar“ sem veður út um allt með neðanjarðarrenglum og ekki virðist nokkur vegur vera til að losna við. Uppstunga beða, sigtun á mold, stöðugur sláttur eða jafnvel „illgresiseitur“ virðist ekki vinna á þessari jurt.**

Jurtin er geitakál, Aegopodium podagria, og tilheyrir Sveipjurtaætt líkt og hvannir steinselja, kerfill og gulrætur. Ættkvíslarheitið er gamalt og grískt, dregið af „aigos“ = geitur og „podos“ = fætur. Viðurnefnið kemur frá sænska grasafræðingnum Carli von Linné sem fannst sjálfsagt að tengja það við liðagikt, einkum þvagsýrugikt (podagra – liðbólgur í stórutám), því vegna þess að á hans dögum, og reyndar frá öndverðu, þótti fátt betra til að lina þá uppákomu. Sjálfur gaf Linné, hann var læknir líka, það ráð að sjóða blöðin í mauk og nota sem heitan bakstur til að leggja við eymslin og hann minnist líka á að hollt sé og fyrirbyggjandi að innbyrða ung blöðin sem salat á vorin meðan blöðin eru ung.

### *Holl krásjurt – í hófi*

Plantan er upphaflega komin frá Kákasusfjöllum og Mið-Asíu, en hefur fylgt mannabyggð allt frá þjóðflutningunum miklu vestur til Evrópu nokkru eftir lok ísaldar. Geitakálið var ræktað sem matjurt, auk þess sem það hafði umræddan lækningamátt. Næringargildið er hátt og lítið þurfti af plöntunni til að viðhalda líkamshreystinni. Menn mokuðu því sem sagt ekki í sig í óhófi. Ef of geyst var farið í neyslunni gat það bitnað á maganum og valdið fólki full tíðum þörfum á að ganga álfreka sinna. Þetta síðara á einnig við um fleiri grænar sveipjurtir, sams konar krásjurtir sem til matar eru hafðar, svo sem ætihvönn, fennil og sellerí.

### *Fjallajurt upphaflega*

Geitakálið er upphaflega fjallajurt. Aðlagað að óblíðri veðráttu og körgu landi. Það hagnýtir sér að smjúga um allar glufur í giljaveggjum og klettahlíðum. Sé það komið á einn stað er því þvert um geð að fara þaðan. Það heldur áfram hvað sem á dynur og nú er svo komið að varla er til nokkurt byggt ból í Evrópu sem ekki hafa góðum geitakálsbreiðum af að státa. Það er einna helst á úthafseyjum sem byggðust seint, að það finnst aðeins á miklum strjálingi.

Á unglingsárum mínum man ég eftir þrem eða fjórum stöðum þar sem mátti finna það á höfuðborgarsvæðinu. Og meira að segja einn af þeim var í Hafnarfirði. Nú er öldin önnur. Geitakálið yfirtekur hverja spilduna af annarri og byrjar að láta á sér bera. Framan af, svona á að giska fyrstu þrjú árin, sést bara blað og blað. En svo einn varman vordaginn er það komið um allt.

### *Góð beitarjurt*

Í öðrum löndum halda dádýr og villisvín nokkuð aftur af geitakáli. Það þykir mjög góð og eftirsótt beitarjurt í sauðfjár-, geita- og kúahögum. Einkum þykir kjöt af holdagripum verða mjúkt þar sem dýrin ná í geitakál. Og svín eru sólgin í það. Þeim nægir ekki að narta í blöðin, heldur grafa þau upp rótadræsurnar til að gæða sér á þeim.



Geitakál. Mynd / Helga R. Einarsdóttir

### *Líkn kvenna*

Sem almenn lækninga- og heilsubótarjurt fyrir fólk hefur geitakál lengi verið. Því fyrir utan að lina gikt, þótti það gott við ótal kvillum og lasleika. Te af geitakáli, blandað kúmenfræi og strokið á dökka eða freknótta húð bleikti skinnið og var þar af leiðandi einskonar snyrtivara fyrir tilhaldskonur í þá tíð að hinn fullkomni kvenleiki þótti vera fólgin í fölu yfirbragði. Og eins þótti seyði af geitakáli, ef það var drukkið hóflega, lina konum fyrirtíðaspennu og ýmsa fylgikvilla yfirgangsáranna.

Þetta síðasta hefur við nokkur rök að styðjast, því geitakál inniheldur töluvert magn af „fýtóestrógenum“ sem eru harla sambærileg við kvenhormóna í hinum gangandi skepnum skaparans. Og seyði af geitakáli róar efalaust rosta karla, ef bara væri hægt að koma því ofan í þá.

### *Fullgildur landnemi*

Geitakál er semsagt fjölær jurt sem fljót er að leggja land undir sig með því að senda út skriðular rætur neðan moldaryfirborðs. Blöðin minna á hvannablöð, en plönturnar eru mun smágerðari en ætihvönn. Eins og hvannir blómgast geitakálið upp úr miðju sumri, ef tíð er góð, með mörgum blómum í hvelfdum sveipum á um 30–45 cm háum „hvannanjólum“. Hér þroskar tegundin orðið fræ og er þar með orðin fullgildur borgari í íslenska jurtaríkinu. Með fræjunum getur geitakálið dreift sér sem laumufarþegi í buxnabrotum og fatafellingum. Þau geta loðað við verkfæri og hjólbarða, ullarreyfi á sauðfé eða hár loðhunda.

Í sjálfu sér tekur geitakálið ekki neitt frá neinum og það bætir moldarfrjósemina. Það er gjöfull undirgróður í skjólbeltum og skógarlundum. En það heldur aftur af lægri gróðri og berst gegn grasvexti. Aðeins ein plöntutegund virðist eiga í fullu tré við það og hafa vinninginn. Það er bókhveiti. Einhverra hluta vegna hverfur geitakál á spildum þar sem bókhveiti er sáð. En því miður þrífst bókhveiti ekki á Íslandi.

### *Semja um jafnvægi – síðasta orðið!*

Ef geitakál hefur sest að og orðið amagróður í görðum er eiginlega ekki nokkur leið að losna við það. Oftast dugar lítið að beita á það úðun með örgresislyfjum. Alltaf verður eftir einhver bútur sem sleppur og kemur upp aftur um leið og af er litið. Jafnvel það, að leggja moldarlag eða ljósþétta dúka og möl þar ofan á yfir spilduna sem geitakálið vex á vill bregðast. Þó er það nú líkega það sem helst hrífur. Kannski er samt einfaldast og best að þroska með sér umburðarlyndi gagnvart geitakálinu. Reyta bara (og nota) það mesta þar sem hægt er að komast að því. Það er í lagi að setja kálið í moltubinginn ef ræturnar fylgja ekki með. Ræturnar má gera skaðlausar með heitu vatni eða að láta þær falla á bálköstinn.



# Gæðakerrur fyrir öll tækifæri

## - mikið úrval aukahluta

Brenderup

### Garð- og tómstundakerrur

Kerrur með frábæra aksturseiginleika sem auðvelt er að geyma uppá enda.
Góð burðargeta og frábært úrval aukahluta til að auka notkunarmögleika kerrunnar.

Frá 169.000,- m/vsk



### Tækjakerrur

- Sterkbyggðar kerrur með sturtueiginleika
- Aðeins 12° halli þegar keyrt er uppá pallinn
- Lágur þyngdarpunktur
- Burðargeta allt að 1935 kg.

Frá 1.350.000,- m/vsk



Frá 1.025.000,- m/vsk



### Sterkar iðnaðarkerrur

Sérstaklega öflugar og endingargóðar kerrur. Fáanlegar úr stáli eða áli og með mismunandi pallastærðir.

Flestar gerðir eru með:
- Lokuð hólf undir pallinum
- Verkfærakassa á dráttarbeislinu
- Rúma tvö samhliða Euro-bretti
- Hægt að nota sem flatvagn
- Burðargeta allt að 2.643 kg.

### Söluaðilar

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
603 Akureyri
Sími 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
260 Reykjanesbær
Sími 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
800 Selfossi
Sími 480-8000

Toppbílar
Kletthálsi 2
110 Reykjavík
Sími 587-2000

Kraftvélar
Dalvegi 6-8
201 Kópavogur
Sími 535-3500



Jón Viðar Jónmundsson
Ráðunautur hjá RML
jvj@bondi.is



# Mjaltir kúa í íslenskri nautgriparækt

**Miklar tækniframfarir hafa orðið í sambandi við mjaltir kúa á síðustu áratugum. Við þær hafa gallar í mjöltun jafnvel orðið alvarlegri en þeir áður voru. Með tilkomu mjaltabása og mjaltaþjóna verða seinar mjaltir jafnvel alvarlegri galli en fyrr vegna áhrifa þeirra á heildarafköst kerfanna.**

Þegar farið er að skoða áherslur í ræktunarstarfinu erlendis á mjaltir kúnna hefur það ætíð vakið athygli mína hve litlar áherslur þessi eiginleiki hefur haft í mörgum mjólkurframleiðslulöndum í ræktunarstarfinu. Í nýlegri yfirlitsgrein um þróun nýrra eiginleika í ræktunarstarfinu sem ég sagði frá hér nýlega í blaðinu vekur það athygli að mjaltir eru ekki einn megineiginleikanna sem áherslumunur milli landa er sýndur fyrir. Þær eru aðeins flokkaðar með öðrum eiginleikum sem hafa mjög takmarkað vægi hjá flestum þjóðum. Margfrægt er t.d. að í bandarískum yfirlitsgreinum um nautgripakynbætur þá er oft sagt að mjaltir þurfi ekki meiri áherslu en það í ræktunarstarfinu sem nemur förgun á kúm með slæmar mjaltir.

Þetta hefur hins vegar sannfært mig um að hjá íslensku kúnni sé veikleiki í þessum þætti og þar standist íslensku kýrnar ekki samanburð. Þar er samt við fáar beinharðar staðreyndir að styðjast nema hvað Færeyjatilraunin um árið renndi stoðum undir að svo sé. Við þekkjum t.d. mætavel að einn mesti galli Kluftastofnsins sem er allsráðandi í kúastofninum hér á landi frá því uppúr miðri síðustu öld hefur verið talinn alltof slæmar mjaltir.

### *Kostnaðarsamari vinna*

Vinna við mjaltir er þáttur sem sífellt verður stærri og stærri kostnaðarþáttur mjólkurfarmleiðslunnar. Eitt sem fylgir tækniframförunum sem nefndar eru í upphafi er að gögn um mjaltir eru allt í einu orðin yfirfljótandi í mjaltakerfum, gögn sem áður var kostnaðarsamt að afla. Þetta hefur leitt til þess að erlendis eru menn farnir að veita þessum eiginleika meiri athygli og velta fyrir sér hvernig megi nýta þessi gögn sem þarna verða til til hagsbóta fyrir mjólkurframleiðsluna. Nýverið rakst ég á nýja hollenska rannsókn sem varð til þess að ég settist niður til að ræða örfá atriði í þessu sambandi. Þegar mál komast á vettvang hjá hollenskum vísindamönnum má vænta þess að fljótt komi eitthvað fram sem skilar greininni fram á við.

Fyrst er þess að geta að þessar nýlegu rannsóknir staðfesta að með mælingum á flæðihraða, hámarksflæði eða mjaltatíma eru menn að mæla sama eiginleika og með eldri mælingum hvort sem var með tímamælingum eða meira huglægu mati er verið að mæla erfðafræðilega nánast sama eiginleika. Þetta eru að sjálfsögðu jákvæð tíðindi. Með hinum nýju gögnum eru mælingarnar einnig talsvert nákvæmari, með eldri gögnum voru menn oftast að fá arfgengi eiginleikans um 20%, en með nýju gögnunum fæst yfirleitt arfgengi á bilinu 30 til 50%. Einnig þetta er ákaflega jákvætt vegna þess að þannig verður mögulegt að fá öruggt mat nautanna fyrir eiginleikann út frá upplýsingum um miklu færri dætrum en þurfti með eldra mati. Þessar niðurstöður fyrir íslenskar kýr eru studdar niðurstöðum úr meistaraprófsritgerð Elínar Nolsöe Grethardsdóttur sem hún vann við LbhÍ fyrir nokkrum árum. Veruleg ástæða er til að hvetja alla sem vilja kynna sér málið betur að lesa ritgerð Elínar sem þeir geta fundið á netinu.

Nú styttist vonandi mjög í möguleikum á beinum gagnaflutningi yfir í gagnagrunn nautgriparæktarinnar HUPPU frá mjaltakerfunum. Þarna er gagnamagnið yfirfljótandi. Erlendar rannsóknir sýna hins vegar að ákaflega mikilvægt er að fram fari mjög skörp rýni á þessar mælingar en það á að mega vinna sjálfvirkt með tölvum. Algengt er að sjá að af raunverulegum mælingum frá kerfinu er aðeins um eða innan við helmingurinn nothæfur til frekari úrvinnslu. Með slíkri síun gagnanna fást hins vegar mjög nákvæmar mælingar vegna þess að samsvörun þeirra innan mjaltaskeiðs má sjá að mælist oft á bilinu 80–90%.



Hér á landi munu menn líklega frekast horfa til mælinga á flæðihraða sem mælingu fyrir mjaltir. Eftir að hafa verið með allangt hlé frá skoðun nautgripa fór ég í slíkar skoðanir í vor og hef fengið þulið yfir mér ókjör slíkra mælinga. Ótrúlegur munur milli gripa og hve marga svarta sauði (kýr sem mjólkast alltof hægt) hefur vakið athygli mína þannig að mikið er að vinna með því að jafna þennan mun.

Með því að segja að jafna muninn beinist athyglin um leið að því að mjaltir eru eiginleiki þar sem ekki er víst að allra hæstu gildin séu það eftirsóknaverðasta. Rannsóknir sýna að áhættan með að fá lekar kýr eða kýr með of opið spenaop aukast stórlega við þetta. Nánast öllum rannsóknum ber einnig saman um að aukið júguróheilbrigði fylgir alltaf lausum mjöltum. Að sjálfsögðu vilja bændur ekki slíka gripi. Slíka gripi fengum við fram í nautastofninum fyrir nokkrum áratugum en sem betur fer tók ákaflega fljótt að rækta það burt. Þessi staða með mjaltir er alger hliðstæða við það sem við glímum við í sauðfjárræktinni með fitu og kjötgæði. Ég mundi ráðleggja þeim sem nú ráða málum í ræktunarstarfinu í nautgriparækt að taka lausn okkar í sauðfjárræktinni. Þá telur aðeins einkunn fyrir mjaltir upp að vissu marki í heildareinkunn t.d. 120-125 vegna þess að hjá gripum sem fara yfir þessi mörk er verið að velja fyrir gallagripum. (Bið menn að athuga að einkunnamörkin sem ég nefni liggur ekkert mat að baki, það þarf að skoða betur, hér eru þau aðeins sett til að skýra aðferðina á einfaldan hátt).

### *Mikið ber á mismjöltum*

Galli sem mikið ber á í mjöltum hjá íslenskum kúm eru mismjaltir. Þetta er eiginleiki sem mjög sjaldséð er að sjá fjallað um fyrir erlenda nautgripi. Ég segi fyrir mig að ég hef aldrei getað fullvissað mig um hvort hér sé um að ræða eiginleika sem sé háður erfðum. Í öllu falli reikna ég með að þau áhrif finnist aldrei sem umtalsverður þáttur. Fram til þessa þá hefur skort mælingar fyrir þennan eiginleika. Með gögnunum frá mjaltakerfunum fæ ég ekki betur séð en skapist möguleikar á að skilgreina þennan eiginleika. Reynist einhver arfgengur þáttur að baki ber að sjálfsögðu að nota gögnin í baráttunni við þennan hvimleiða vágest.

Hér á landi er hærra hlutfall mjólkur mjólkað með mjaltaþjónum en víðast hvar annars staðar í heiminum. Með notkun þeirra hafa greinilega komið til sögunnar nýir eiginleikar í sambandi við mjaltir. Ber þar tvímælalaust hæst aðlögun fyrsta kálfs kvígna að mjöltun í mjaltaþjóni. Heyrir maður ýmsa bændur sem búa við þessa tækni tala orðið um að þetta sé að verða vinnufrekasti þáttur sem tengist mjöltum á þessum búum. Þess vegna ber að sjálfsögðu að skoða alla þætti sem að notum mega koma til að ná fram umbótum í þessum efnum. Hollendingarnir sem að framan eru nefndir tala talsvert um þetta og segjast vera að birta fyrstu rannsóknir í heiminum um erfðaþætti í þessu sambandi. Þeir skilgreina mælikvarða á grunni mjaltaupplýsinga hjá mjaltaþjóninum og finna greinileg arfbundin áhrif þó að hlutur erfðanna sé lágur hjá þeim. Benda þeir á að þetta séu aðeins fyrstu tilraunir til að nálgast þetta og með frekari rannsóknum finnist áreiðanlega mælikvarðar sem betur fangi arfgengan mun.

Nú þykist ég handviss um að Hollendingarnir tala samkvæmt bestu vitund. Þeirra góða trú er hins vegar ekki það rétta vegna þess að fyrir örfáum árum þá vann Eyrún Ösp Skúladóttir lokaverkefni sitt frá LbhÍ um nákvæmlega þennan þátt með smá leiðsögn okkar Magnúsar B. Jónssonar. Þá var haft samband við stóran hluta bænda á búum með mjaltaþjón og þeir beðnir um aðstoð. Eins og ætíð í slíkri vinnu brugðust bændurnir frábærlega við. Voru bændurnir beðnir um að gefa umsagnir um fyrsta kálfs kvígurnar um tamningu þeirra. Annað var að gefa stig samkvæmt kvarða sem við skilgreindum en hitt að gefa upp dagafjölda sem tamningin tók. Sá augljósi annmarki var samt t.d. á þessu að nokkur hluti kvígnanna hafði hlotið tamningu jafnvel nokkrum mánuðum áður og alveg ómögulegt að reikna með öðru en að eittvað hafi verið farið að snjóa yfir þessa þætti hjá einstaka manni. Hjá Eyrúnu kom hins vegar greinilega fram að arfgengur þáttur lá að baki báðum þessum mælingum, arfgengi meira að segja heldur hærra en hjá Holllendingum.

Þetta held ég að segi okkur að við eigum að vinna frekar að þessum málum. Vegna þess hve þetta er stór þáttur vinnu á þessum búum er ljóstað hvaða ávinningur sem mögulegur er í þessum efnum skiptir verulegu máli.

### *Eigum að fylgja fordæmi Hollendinga*

Hins vegar er ég eins sannfærður um að fara á sömu leið og Hollendingarnir gera, þ.e. að nota mælingarnar frá mjaltakerfunum til að skilgreina og mæla eiginleikann. Reynslan hefur kennt mér að upplýsingar frá bændum vítt og breitt hafa fyrst og fremst gildi fyrir eiginleika sem mögulegt er að flokka greinilega í fáa flokka og menn hafa samstæðan skilning um. Hér er hins vegar um að ræða eiginleika sem er áreiðanlega í eðli sínu talsvert flókinn. Stóra málið er hins vegar að hér eru menn með gögnin í höndunum, það þarf ekki að leggja í mikinn kostnað við öflun þeirra. Það sem þarf er aðeins rökhugsun og skipulegri vinna. Að nýta þessa möguleika ekki er aumingjaháttur.

Eins og áður segir þá er tamning kvígna að tækninni flókið samspil margra þátta. Í morgun sá ég t.d nýja grein sem á næstunni mun birtast í þekktasta nautgriparæktarriti heims. Þetta eru rannsóknir sem sýna umtalsverð áhrif af tamningu kvígnanna að fjósumhverfinu áður en farið er að mjólka þær í mjaltaþjóni. Þetta sýnist mér alveg í takt við það sem ég heyri úti í fjósum hjá bændum hér á landi. Vegna þess að hér er um marga þætti að ræða skiptir miklu máli að standa vaktina með að miðla nýrri þekkingu erlendis frá til íslenskra bænda.



# Dekkjainnflutningur

**15% afsláttur af öllum dekkjum til 30. júní 2015**

Eigum á lager flestar stærðir traktora-, vagna-, vinnuvéla- og vörubíladekkja.

Einnig mikið úrval fólksbíla- og jeppadekkja.

33"-35" jeppadekk í úrvali á góðu verði.



**Vinsamlegast hafið samband við**

Ármann Sverrisson 896-8462 e-mail jasondekk@simnet.is

Tryggva Aðalbjörnsson 896-4124

**Jason ehf.**

**Hafnarstræti 88**

**Akureyri**

REYKJAVÍK Sími: 414-0000 /// AKUREYRI Sími: 464-8600 /// www.VBL.is

## GJAFAHRINGIR OG GRINDUR



Gjafahringur fyrir sauðfé (lárétt)

Gjafagrind á stoðum fyrir sauðfé

Stækkanleg gjafagrind fyrir sauðfé

Gjafahringur fyrir hesta, stærð 67x210 cm

IAE

Nautgripagjafahringur með bogum

VB LANDBÚNAÐUR ehf. VB Agriculture ltd.

www.VBL.is

REYKJAVÍK
Krókháls 5F
110 Reykjavík
Sími: 414-0000

AKUREYRI
Baldursnes 2
603 Akureyri
Sími: 464-8600

## GPS leiðsögutæki fyrir áburðardreifingu

-Pakkinn samanstendur af hugbúnaði og GPS loftneti

-Hægt að tengja við alla snjallsíma og spjaldtölvur

-Handhægt, einfalt í notkun og nákvæmt tæki

-Hámarkar nýtingu á áburði

-Hentar vel á Íslandi, búið er að prófa búnaðinn af Hauki Þórðarsyni hjá Landbúnaðar-háskóla Íslands



**99.900kr m/vsk**

KB BÚREKSTRARDEILD BORGARNESI

www.kb.is

## BÍLSKÚRA- OG IÐNAÐARHURÐIR

**Smíðum sérlega vandaðar bílskúrs- og iðnaðarhurðir eftir málum**



**Þær eru léttar og auðveldar í notkun.**

Einangrun er á öllum köntum. Fáanlegar í mörgum stærðum og gerðum, með eða án glugga. Einnig fáanlegar með mótordrifi

Vagnar & þjónusta ehf

Tunguháls 10, 110 Reykjavík

Sími: 567-3440, www.vagnar.is

## GIRÐINGAREFNI

- Girðingarstaurar
- Túngirðingarnet
- Gaddavír
- Þanvír og stagvír
- Rafgirðingarspennar
- Plaststaurar
- Einangrarar
- Hlið og handföng
- Þræðir og borðar
- Víratengi og strekkjarar



horizont AGRAR




SKOÐAÐU ÚRVALIÐ Á BYKO.IS UNDIR LANDBÚNAÐARVÖRUR

byko.is

LEITIÐ TILBOÐA Á
bondi@byko.is
SENDUM UM LAND ALLT

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN




## Opinn landbúnaður á fjölmörgum sveitabæjum víða um land:

# Bændur gefa fólki tækifæri til að kynnast lífi þeirra og störfum

**Með Opnum landbúnaði gefst almenningi tækifæri á að heimsækja bóndabæi og kynna sér þau störf sem unnin eru í sveitum landsins. Öll býlin í Opnum landbúnaði eru í samstarfi við Bændasamtök Íslands. Þau eru þversnið af íslenskum landbúnaði í dag. Allir bæirnir hafa vottorð frá dýralæknum um heilbrigði.**

Á býlunum sem þátt taka í Opnum landbúnaði er að finna upplýsingar um búskap á bænum, gripakost, byggingar og tækni. Heimsóknir þarf þó að panta með fyrirvara nema annað sé tekið fram. Það er gert til þess að bændur geti tekið sér hlé frá bústörfum og verið heima við þegar gestirnir koma.

Flest býlin eru fjölskyldubú. Tegund búskapar, umhverfið og mannaflinn á bænum er mismunandi og ákveða bændur samsetningu gestahópa í samræmi við það. Algengast er að gestir fái leiðsögn um búið og nágrenni þess.

### *Öryggismál*

Sveitabæir eru vinnustaðir. Þar eru stórvirkar vélar og í umhverfinu geta leynst hættur. Áríðandi er að gæta vel að börnum, sleppa ekki hundum lausum á hlaðinu og umgangast húsdýrin af nærgætni.

### *Sóttvarnir*

Heilbrigði búfjár á Íslandi er gott og smitsjúkdómar fágætir. Ef gestir hafa nýlega verið innan um búfé í öðrum löndum er gott að hafa í



huga að sjúkdómar geta borist á milli landa með umgangi. Notið hlífðarklæðnað þar sem það á við. Á öllum bæjum eru einnota skóhlífar og hlífðarsloppar fyrir þá gesti sem þess óska.



### *Gjaldtaka*

Bændur taka gjald fyrir heimsóknir, mismikið eftir eðli og umfangi þjónustunnar. Í langflestum tilfellum er eingöngu hægt að taka við reiðufé og eru gestir vinsamlegast beðnir að hafa það í huga.



Eftirtaldir bæir eru þátttakendur í Opnum landbúnaði og nánari upplýsingar um bæina er að finna á bondi.is.

- Bjarteyjarsandur - Suðvesturland
- Grjóteyri – Suðvesturland
- Hraðastaðir - Suðvesturland
- Miðdalur - Suðvesturland
- Hvanneyri - Vesturland
- Ferjukot - Vesturland
- Helgavatn - Vesturland
- Skáney - Vesturland
- Bjarnarhöfn – Vesturland
- Erpsstaðir – Vesturland
- Ytri-Fagridalur – Vesturland
- Hænuvík – Vestfirðir
- Gauksmýri – Norðurland vestra
- Keldudalur – Norðurland vestra
- Egilsstaðir I – Austurland
- Hvannabrekka – Austurland
- Fagridalur – Suðurland
- Ásólfsskáli – Suðurland
- Stóra-Mörk III – Suðurland
- Árbakki – Suðurland
- Egilsstaðakot – Suðurland
- Vorsabær II – Suðurland
- Sólheimar – Suðurland
- Engi – Suðurland
- Espiflöt – Suðurland
- Friðheimar – Suðurland
- Arnarholt – Suðurland

LYFJA
– Lífið heil

www.lyfja.is

# Verður þú á hreyfingu í sumar?



*Sumarið er gengið í garð með tilheyrandi fjallgöngum og útiveru. Hlúðu að líkamanum og vertu klár í ævintýri sumarsins.*




## Hawaiian Tropic mini 100 ml

**Verjum húðina fyrir sólargeislum.**
Handhægar umbúðir sem passa vel í töskuna.

**20% afsláttur**
*Gildir til 21. júní*




## Arctic Root & Hyaluronic Acid

**Eykur einbeitingu og kraft.**
Heldur liðunum mjúkum og bætir áferð húðarinnar.

**20% afsláttur**
*Gildir til 21. júní*




## Pharmadoct & Compeed

Ferðasett – fyrsta hjálp.
Varasalvi með E vítamíni, SPF 30 sólarvörn og Compeed hælsærisplástur.

**20% afsláttur**
*Gildir til 21. júní*



## Vulkan

Hita- og stuðningshlífar í miklu úrvali; fyrir hæla, kálfa, læri, nára og bak.

**20% afsláttur**
*Gildir til 21. júní*




## Sjúkrataska

Verum alltaf viðbúin.

**20% afsláttur**
*Gildir til 21. júní*




## Spirulina

Styrkir þrek og langvinnt úthald.
Eykur súrefnisflutning blóðs og gefur samstundis orku.

**20% afsláttur**
*Gildir til 21. júní*




## Fast freeze

Hraðvirk alvöru kæling sem ræðst á sársauka.

**20% afsláttur**
*Gildir til 21. júní*



## Heelen

Heelen býður einfaldar lausnir við erfiðum vandamálum.
Ekki þjást að óþörfu!

**20% afsláttur**
*Gildir til 21. júní*

INNIHELDUR MAGNESÍUM




## Resorb Sport

Bætir upp vökvatap og minnkar líkur á vöðvakrampa.
Flýtir bata í sárum vöðvum.

**20% afsláttur**
*Gildir til 21. júní*

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lágmúla | Smáralind | Grundarfirði | Patreksfirði | Hvammstanga | Húsavík | Seyðisfirði | Reyðarfirði | Selfossi |
| Laugavegi | Smáratorgi | Stykkishólmi | Ísafirði | Skagaströnd | Þórshöfn | Neskaupstað | Höfn | Grindavík |
| Nýbýlavegi | Borgarnesi | Búðardal | Blönduósi | Sauðárkróki | Egilsstöðum | Eskifirði | Laugarási | Keflavík |



Samson Bjarnar Harðarson, landslagsarkitekt og lektor við Landbúnaðarháskóla Íslands.

## Plöntuval og samsetning:

# Skjólbelti framtíðar

**Árangur í skjólbeltarækt á Íslandi hefur verið misjafn og mörg skjólbelti, sem ræktuð hafa verið upp, hafa reynst léleg og endingarlítil. Ástæðan er að hluta rangt plöntuval og ómarkviss uppröðun tegunda.**

Verkefnið Skjólbelti framtíðar er ætlað að þróa heppilega samsetningu tegunda með sjálfbærni að leiðarljósi við uppbyggingu skjólbelta fyrir íslenskar aðstæður. Verkefnið byggist á rannsóknum Yndisgróðurs sem Samson Bjarnar Harðarson, landslagsarkitekt og lektor við Landbúnaðarháskóla Íslands, hefur umsjón með. Yndisgróður hefur að markmiði að safna harðgerum og nytsömum tegundum og yrkjum garð- og landslagsplantna sem henta vel íslenskum aðstæðum, miðla upplýsingum um ræktunarreynslu og uppruna þeirra og koma þeim á í almenna framleiðslu og sölu.

Samson segir að settir hafa verið upp sýni- og tilraunareitir á Reykjum í Ölfusi, á Blönduósi, í Sandgerði, Laugardalnum í Reykjavík, Fossvogi í Kópavogi og á Hvanneyri. „Út frá þessu hefur þróast verkefnið um skjólbelti þar sem leitast er við að finna bestu hentugu skjólbeltaplöntur sem völ er á fyrir íslenskar aðstæður. Markmiðið er að gera fyrirmyndarskjólbelti og miðla upplýsingum um tegundir og fyrirkomulag.“

***Gerð og gagnsemi skjólbelta***

„Skjólbelti eru ein eða fleiri raðir trjáa og eða runna sem eiga að mynda nokkurs konar vegg sem hefur það hlutverk að brjóta vind í smáa vindsveipi sem rekast hver á annan og draga þannig kraftinn úr vindinum. Til að skjólbelti skili bestum árangri er nauðsynlegt að beltin endist vel. Þau þurfa að haldast þétt að neðan þannig að ekki nái að trekkja undir þau en jafnframt verða þau að ná að vaxa nokkuð hratt upp því skjólbelti skýla stærra landsvæði eftir því sem þau eru hærri.



Skjólbelti á Hvanneyri 2008.

### Skjólbelti á Hvanneyri

| Íslensk heiti | bótaniskt heiti | Yrki/ kvæmi | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Blæerlri | *Alnus incana* | kv. Tumastaðir | 6 |
| Sitkaelri | *Alnus sinuata* | kv. Reykir | 4 |
| Gultoppur | *Lonicera deflexicalyx* | Kristmann' | 1 |
| Glótoppur | *Lonicera involucrata* | Kera' | 3 |
| Glótoppur | *Lonicera involucrata* | Satu' | 7 |
| Garðakvistill | *Physocarpus opulifolius* | Kjarri' | 10 |
| Alaskaösp | *Populus thrichocarpa* | ´Pinni' | 2 |
| Fjallarifs | *Ribes alpinum* | Díma' | 7 |
| Hélurifs | *Ribes laxiflorum* | Pón' | 2 |
| Sólber | *Ribes nigrum* | Melalathi' | 4 |
| Fjallarós | *Rosa pendulina* | Kjarr | 5 |
| Selja | *Salix caprea* | kv. Saltdal | 2 |
| Loðvíðir | *Salix lanata* | Koti' | 10 |
| Víðir | *Salix x phylicifolia* | Grásteinn' | 7 |
| Reynir | *Sorbus aucuparia* | Lbhí | 4 |
| Skrautreynir | *Sorbus decora* | Mörk | 2 |
| Alpareynir | *Sorbus mougeotii* | Kjarr | 3 |
| Bersarunni | *Viburnum edule* | kv. Cordova | 7 |
| **18** | ***fjöldi tegunda í allt*** | | **86** |

### Kröfur sem plöntur þurfa að uppfylla

Til að tegundir geti talist hentugar í ræktun skjólbelta þurfa þær að uppfylla kröfur um:

- Samvist með öðrum tegundum og hversu vel þær henta við uppbyggingu á skjólbeltum.
- Harðgeri, þær þurfa að þola veðráttuna sem einkennir íslenskar aðstæður.
- Langlífi og úthald/endingu.
- Heilbrigði og móstöðuþol gegn sjúkdómum og öðrum skaðvöldum.
- Formgerð, til dæmis hvort tegund sé þéttur runni og geti vaxið undir trjám.
- Runnar þurfa að vera skuggþolnir.

Mikilvægt er því að notast við skuggþolna runna sem greina sig vel alveg frá jörðu í bland við hærri og endingargóðar trjátegundir. Runnalagið er mikilvægt vegna þess að það er tilhneiging hjá öllum stórvaxnari tegundum að gisna að neðan þegar þær vaxa upp.

Margvísleg gagnsemi skjólbelta er vel þekkt og hefur skipulögð skjólbeltarækt verið stunduð á Íslandi í rúmlega hálfa öld. Góð skjólbelti geta til dæmis bætt skilyrði til ræktunar og fyrir búfénað svo um muni,“ segir Samson.

***Kostir og gallar víðis í skjólbeltum***

Hingað til hefur mest verið notast við alaskaösp og ýmsar tegundir víðis sem kemur fljótt til og virðist því í fyrstu gefa skjótan árangur.

„Víðir hefur vissa galla sem flestir tengjast því að hann er frumherjategund. Hann er sólelskur og þar af leiðandi drepast neðstu greinarnar vegna skugga og einnig vegna afráns skordýra. Þannig verða víðiskjólbeltin ber að neðan og gegna ekki hlutverki sínu og geta jafnvel gert ógagn í verstu tilfellum. Auk þess endist víðir stutt í ræktun og þolir illa samkeppni um birtu og næringu frá öðrum gróðri. Víða má sjá skjólbelti úr alaskavíði einungis 20–30 ára gömul sem eru orðin léleg og hafa brotnað niður eða oltið.

Stórvaxinn víðir í skjólbeltarækt hindrar jafnframt trjátegundir sem eiga að mynda meginskjólið í að vaxa upp úr víðinum nema að tryggt sé með klippingu að halda opinni leið fyrir þær. Slíkt getur verið mikil og erfið vinna og því oft vanrækt. Vinna og kostnaður við gróðursetningu getur því farið forgörðum ef ekki er staðið vel að plöntuvali, útplöntun, uppbyggingu og umhirðu í upphafi.“

***Nýjar hugmyndir frá Dönum***

Á 7. og 8. áratug síðustu aldar fóru Danir sem höfðu glímt við álíka vandamál og Íslendingar með endingarlítil og gisin skjólbelti að þróa nýjar hugmyndir í skjólbeltarækt.

„Hugmynd Dana byggir að hluta til á eldri fyrirmyndum en fyrst og fremst horfa þeir til náttúrulegra skógarjaðra, trjá- og runnabelta sem víða getur að líta í búsetulandslagi Danmerkur. Þar mynda margar tegundir eina heild og ef sjúkdómar eða óværa leggjast á eina tegund fylla aðrar í skarðið.

Markmiðið með nýrri gerð skjólbelta er að rækta belti sem sameina skjótan vöxt og langan lífaldur. Í skjólbeltum á að vera blanda af langlífum, stórvöxnum stofntrjám sem eru megintré beltisins, hraðvaxta fósturtegundum og langlífum, skuggþolnum og skuggavarpandi runnum sem plantað er í þriggja raða belti, eða í fjölraða belti á mjög vindasömum stöðum,“ segir Samson.

***Tilraunir með nýja gerð skjólbelta***

Samson segir að heildstæð áætlun af þessu tagi hafi ekki verið unnin fyrir skjólbeltarækt á Íslandi en að teikn séu á lofti varðandi aukinn áhuga á að nota fleiri tegundir trjáa og runna í skjólbeltum landsins.

„Enn sem komið er ræður þó víðirinn ríkjum í skjólbeltaræktinni þótt runnar eins og rifs, sólber og yllir hafi aðeins verið að ryðja sér til rúms á síðustu árum. Ég tel mjög mikilvægt að stefnt sé að mun meiri notkun runnategunda annarra en víðis í skjólbeltaræktun og ekki síst að nota meira af endingarbetri trjátegundum.

Til þess að átta sig betur á því hvers konar tegundir þarf til ræktunar endingargóðra skjólbelta, er nauðsynlegt að kanna umhverfið sem skjólbelti mynda, hvaða hlutverk mismunandi plöntur hafa í uppbyggingu skjólbelta og hvers konar veðurfars- og jarðvegsaðstæður eru á hverjum stað.

Yndisgróður gróðursetti árið 2008 tilraunabelti á Hvanneyri í Borgarfirði og á Suðurlandi. Árið 2014 var gróðursett sýnibelti við starfsstöð Vesturlandsskóga á Hvanneyri. Þar má sjá ýmsar tegundir sem gætu reynst vel í skjólbeltarækt, til dæmis elri, reynir, ösp, selju, glótopp, garðakvistil, rifs, fjallarós, loðvíði og bersarunna,“ segir Samson Bjarnar Harðarson að lokum. /VH



Garðakvistill á Reykjum.



Glótoppur í Sandgerði.




Sýniskjólbelti á Hvanneyri 2014.



Umgengni og þrifnaður utan þéttbýlis:

# Eru bændur og sveitafólk sóðar?

**Á síðustu árum hefur orðið mikil vitundarvakning um betri umgengni almennt. Sveitarfélög hafa þar gengið á undan með góðu fordæmi og stuðst við lög og reglur varðandi heilbrigðismál og almennan þrifnað.**

Átak hefur verið gert í að fjarlægja númerslausa bíla bæði á almannafæri og á einkalóðum, fá fólk til að hafa þrifalegt og snyrtilegt í kringum hús og býli. Flestir bregðast mjög vel við tilmælum sem þessum og taka tillit til nágranna og ferðamanna og sinna þeirri kröfu samtímans að þrífa jafn vel utan húss sem innan.

Þó eru nokkrir slóðar sem ekki sinna þessari sjálfsögðu kröfu og gera þar með samferðamönnum sínum lífið leitt. Þeir bregðast þá gjarna við tilmælum með spurningu eins og þessari.



*Kemur það öðrum við hvort ég tek til hjá mér eða ekki?*

Við fyrstu sýn virðist það einmitt vera þannig að það sé alfarið á ábyrgð þeirra sem um ganga hvernig þeir sinna sínu, en er það í rauninni svo? Hvort myndi það nú lækka eða hækka fasteignaverð á svæðinu ef nokkur húsanna eru vel hirt en önnur sprungin, ómáluð og lóðirnar þaktar rusli og drasli? Svarið liggur væntanlega í augum uppi, það er ábyggilega auðseljanlegra hús eða jörð þar sem almenn snyrtimennska ríkir og myndi einnig hækka fasteignamat. Þá er aftur spurningin hvort það sé ekki sveitarfélögum til gróða og sóma að sjá um að íbúar gangi vel um.



*Hverju skiptir það þó númerslaus bíll sé áralangt á einkalóð?*

Væntanlega er hætta á að olía leki úr bílnum og mengi jarðveginn, börn að leik gætu farið sér að voða, dottið á glerbrot, læst sig inni og eyðilagt fötin sín til dæmis, margt fleira mætti upp telja. Nú er greitt skilagjald fyrir bifreiðar sem teknar hafa verið af skrá svo ekki ætti fjárhagur að vera því til fyrirstöðu að hægt sé að farga bílnum. Í raun og veru er verið að henda fjármunum með því að láta bílana menga jarðveg, taka upp pláss, sjónmenga og almennt vera til óþurfta þar sem þeir eru skildir eftir.



*Hvaða mengunarkjaftæði er þetta?*

Hér áðan var nefnt að olía gæti lekið úr bifreiðum sem standa árum og jafnvel áratugum saman á sama stað. En það er fleira sem þarf að huga að, gaskútar sem skildir eru eftir utan dyra og gætu auðveldlega sprungið ef kviknar í og kannski þyrfti nú ekki mikið til að kviknaði í þar sem jarðvegurinn er orðinn olíumettaður fyrir.

Rafgeymar sem gætu sýrumengað í kringum sig, bíldekk sem eru forláta eldsmatur og henta vel ofan á olíufylltu plani til dæmis.



*Útihús og ræktað land*

Mikið átak hefur verið gert í því að rífa gömul hús sem fokhætta stafar af og er það vel, en betur má ef duga skal og úti um allar sveitir eru slík hús með hálfum þökum, brotnum gluggum og rusli og drasli allt í kring. Útihús sem standa hálf uppi og í miðjum ruslahrúgum eru enn of algeng sjón því miður og síðast en ekki síst, rúlluplasttægjur sem hanga á girðingum á vorin og blakta í vorgolunni eins og rifin nærhöld eða vefjast utan um girðingarstaura og gróður í görðum þeirra sem eru svo óheppnir að búa nærri þeim sóðum sem hirða ekki um að tína upp sitt eigið plast.

*Umhverfisdólgar sem sýna ofbeldi*

Oft hefur verið rætt um að þeir sem aka hratt og sýni ókurteisi í umferðinni séu í raun að sýna ófyrirgefanlegt ofbeldi. Þeir sem ganga um eins og meðfylgjandi myndir sýna eru að sýna samferðafólki sínu og nágrönnum ofbeldi. Þeir eru svokallaðir umhverfisdólgar.

*Ganga sveitarfélög á undan með góðu fordæmi?*

Já, það skyldi maður nú halda miðað við það sem fyrst kom fram í þessari grein. En er það svo í raun og veru? Halda kannski sveitarstjórnarmenn hlífiskildi yfir svona umgengni vegna kunningsskapar við viðkomandi umhverfissóða eða vegna meðvirkni, þ.e.a.s. eru hræddir við að móðga eða styggja viðkomandi eða er um einhver önnur hagsmunasjónarmið að ræða?

Hvað segir það um þá sem eiga að fylgjast með og hafa eftirlit ef svona umgengni er leyfð árum og jafnvel áratugum saman án þess að nokkuð sé sagt eða gert?

Hvað ætli nágrannar þessara umhverfisdólga séu búnir að kvarta oft án þess að fá leiðréttingu sinna mála? Eða eiga þeir engan rétt? Eru allir í kring orðnir svo samdauna sóðaskapnum að þeim finnist þetta í lagi? Hvað með ferðamenn, er þetta það sem við viljum sýna þeim sem leggja leið sína til landsins?

*Eilífur yfirgangur*

Greinarhöfundur er meðal þeirra óheppnu sem hafa ekki náð eyrum forráðamanna í sínu sveitarfélagi þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar og kvartanir og situr því uppi með sóðaskapinn hér á myndunum í sínu nánasta umhverfi. Nú er orðið ár síðan þessi grein var kynnt fyrir sveitarstjórn viðkomandi svæðis og heilbrigðiseftirliti sömuleiðis.

Smá yfirbót var gerð, þ.e.a.s. bílaverkstæði á staðnum fékk áminningu og undanþágu til að koma sínum málum í lag. Þar var hreinsað aðeins til og olíumenguð möl flutt yfir veginn, þar var henni ýtt út og mold jöfnuð yfir. Þetta er við hliðina á skika þar sem hestar eru á beit og stendur hærra þannig að mengunin rennur óhindruð niður á skikann. Umgengni á fjárhúsi á svæðinu er þannig að rollurnar rölta um allt lausar og hundarnir dröslast með sjálfdauð lömb í kjaftinum fram og til baka.

Myndirnar sem hér fylgja með eru teknar á 2 km svæði í Borgarfirði. Útilitið í Borgarbyggð er því miður svona á fleiri stöðum. Nú skyldi maður halda að nágrenni við höfuðborgarsvæðið og almenn menntun og upplýsingar yrði til þess að menn tækju höndum saman og löguðu til en svo er ekki. Sveitarstjórn virðist hafa sofnað á verðinum og heilbrigðisfulltrúi sömuleiðis. Kvartanir vegna þessarar umgengni hafa þó dunið á sveitarstjórnarmönnum á þriðja ár en ekkert gerist.

Það er hér með skorað á landann og sveitarstjórnir um allt land að líta sér nær og taka til í sínu nærumhverfi. Ekkert okkar vill sofna á verðinum og vakna svo upp við vondan draum. Tökum til í dreifbýlinu! Líðum ekki dólgunum eilífan yfirgang!

*Guðrún Jónína Magnúsdóttir í Smábæ.*





## Gróðurlendi viðkvæmt um allt land eftir kaldasta vor í rúm 30 ár:

# Heimalönd eru ekki tilbúin til beitar

## – seinka verður upprekstri á afrétti



**Þessi mynd var tekin við Skarðsborg á leiðinni upp á Reykjaheiði 2. júní síðastliðinn.** Mynd / Daði Lange Friðriksson.

**Eftir góðærin frá því um 1995 erum við núna að upplifa kaldasta vor í yfir 30 ár. Bændur og annað landverndarfólk sem muna köldu árin 1977,´79, ´82 og ´83 bera kvíðboga fyrir beitarálagi á viðkvæm gróðurlendi á komandi vikum þar sem ljóst er að gróður í úthaga verður miklu seinni til en á síðustu árum.**

Langur tími mun líða áður en hægt er að fara að huga að gróðri á afréttum til að meta hvort óhætt sé að hefja þar beit.

### *Upphaf beitar í úthaga á vorin og afrétta á sumrin*

Eftirfarandi lýsing á skaðlegum áhrifum vorbeitar er úr bæklingi Landgræðslunnar um Sauðfjárhaga, leiðbeiningar við mat á ástandi beitilands frá árinu 2010. „Grundvallaratriði í góðri beitarstjórnun er að beita ekki of snemma á vorin. Plöntur verða að ná nægjanlegum blaðvexti til að geta ljóstillífað umfram það sem þær þurfa til viðhalds áður en þær eru bitnar. Þá nær plantan að safna kolvetnum í vefi sína og rætur styrkjast. Rætur taka að vaxa á vorin eins og laufblöðin. Sé plantan bitin áður en rótarvöxtur hefst af krafti er hætta á að það skerði vöxt hennar allan vaxtartímann.“ Þessi heilræði eru ekki úr lausu lofti gripin, heldur byggð á víðtækum rannsóknum.

### *Siðfræði landnýtingar*

Alvarleg staða gróðurs í úthaga og á afréttum blasir nú við um allt land. Ef ekki hlýnar fljótlega gæti stefnt í mikla ofbeit á verst förnu beitilöndunum, líkt og var í kringum 1980. Þá var fé að vísu um 900 þúsund, nú um 500 þúsund. Beitartími er nú styttri og beitarstjórnun hefur batnað. En á þessum fyrrgreindu árum voru hey víða af skornum skammti. Nú er því ekki til að dreifa, víðast eru nægar fyrningar til þess að hafa fé og hross á gjöf um alllangan tíma enn. Þeir sem neyðast til að nýta verst förnu afréttina geta vart búist við að geta hafið upprekstur fyrr en komið verður nokkuð fram í júlí. Á sunnanverður hálendinu er enn mikill snjór sem hlífir betur fer gróðrinum og jarðraki helst lengur fram á sumarið. Gera má ráð fyrir verulegri sjálfgræðslu á auðnunum við slíkar aðstæður, en jafnframt mun fé sækja í nýgræðinginn og beitarálag verður því mikið.

Það er verulegt áhyggjuefni að allmörg stór fjárbú hafa byggst upp á sl. árum, oft á landlitlum jörðum, þar sem bændur ráða illa við að hafa féð heima við hús þann tíma sem þarf til að brúa bilið þar til úthagi heima fyrir, fjalllendi og afréttir eru almennilega beitarhæfir. Eigendur þessara stóru búa verða að sýna að þeir séu færir um að reka svoleiðis einingar með sjálfbærum hætti og í sátt við það land sem þeir hafa til umráða. Því miður er dæmi um það að geldfé hefur verið flutt í vor á sameiginleg upprekstrarlönd í fjalllendi, þar sem enginn gróður er kominn af stað.

### *Hrossahagar*

Reynslan sýnir að eigendur reiðhrossa fylgja stíft tímatalinu með að fara með hross í haga en gæta ekki nægjanlega að ástandi þeirra. Ofbeitarhætta er því mikil núna. Dæmi eru um að einstaka eigendur reiðhrossa séu farnir að sleppa reiðhrossum sínum í úthaga þegar þetta er ritað. Því miður eru allt of mörg dæmi um verulega ofbeitt beitarhólf hrossa, með mikið skertu þanþoli vegna alltof mikils beitarálags á liðnum árum. Það veldur gróðurskaða þegar beit hefst snemma miðað við sprettu, en hrossin líða ekki endilega af fóðurskorti. Þau koma yfirleitt feit eftir veturinn og þola vel þótt fóðrið minnki. Það dugar ekki til þótt hey verði gefið með beitinni. Hrossin sækja miklu meira í nýgræðinginn, sem veikir rótarkerfið og dregur mikið úr uppskeru hagans.

Margir fyrirhuga svokallaða „sleppitúra“ um næstu helgar eins og þeir hafa alltaf getað gert á þessum tíma á liðnum árum, án þess að skaða ástand gróðurs í úthaga. Í þeim tilvikum sem viðkomandi aðilar geta ekki frestað slíkum hátíða- og tyllidögum, hljóta eigendur hrossanna að flytja hrossin aftur á hús að reiðtúrnum loknum. Endurtaka síðan sleppitúrinn þegar grös eru farin að gróa.

Þeir sem nýta landið til beitar verða að hafa í huga að allur gróður er nú um mánuði seinna á ferðinni en verið hefur á sl. tveim áratugum. Það eru víðast til nægar heybirgðir og nú verða allir sem búfé halda að hlífa gróðri sem aldrei fyrr.

*GRÆÐUM ÍSLAND*
*Sveinn Runólfsson,*
*landgræðslustjóri*





Pöttinger eru mest seldu heyvinnutæki á landinu til margra ára.*

- og ekki að ástæðulausu.

PÖTTINGER

JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

Austurvegur 69 - 800 Selfoss / Lónsbakki - 601 Akureyri / Sólvangi 5 - 700 Egilsstaðir / Sími 480 0400 / jotunn@jotunn.is / www.jotunn.is

*samkvæmt samræmdum útflutningstölum evrópskra tækjaframleiðenda.

## Gamli traktorinn



# Margir kallaðir en fáir útvaldir

**Allt frá því að framleiðsla á dráttarvélum hófst hafa komið á markað tugir tegunda sem hafa lofað góðu en orðið undir í samkeppninni. Framleiðendur vélanna hafa annaðhvort farið á hliðina, sameinast öðrum fyrirtækjum eða verið yfirteknir.**



Dráttarvélaframleiðandinn sem fjallað er um að þessu sinni er dæmi um fyrirtæki sem framleiddi vandaða traktora en varð undir í samkeppninni.



### *Cockshutt*

Árið 1877 stofnaði Kanadamaðurinn J.G. Cockshutt fyrirtæki sem framleiddi plóga og nefndi það í höfuðið á sjálfum sér, Cockshutt Plow Company. Fyrstu árin sérhæfði fyrirtækið sig í að framleiða fylgihluti fyrir dráttarvélar og ætlaðir voru til jarðvinnslu. Árið 1920 hóf fyrirtækið að selja dráttarvélar samhliða jarðvinnslutækjum. Í fyrstu traktor sem hét Hart-Parrs en árið 1929 dráttarvélar frá Allis-Chalmers. Samstarfið við Allis-Chalmers var stirt og fljótlega hóf fyrirtækið að selja traktora frá Hart-Parrs undir heitinu Cockshutt. Fyrstu árin voru Cockshutt alfarið framleiddar af Hart-Parrs og eini munurinn á vélunum sá að liturinn og nafnið var annað.

Þar sem Kanada er hluti af breska samveldinu tók Cockshutt þátt í framleiðslu stríðstóla og smíðaði neðri hlutann á breskum sprengjuflugvélum í seinni heimsstyrjöldinni. Auk þess sem fyrirtækið framleiddi ýmsar gerðir af sprengjum sem varpað var úr flugvélum á óvinalandsvæði.

Hugmyndir höfðu verið uppi hjá fyrirtækinu um að hefja framleiðslu á dráttarvélum skömmu áður en stríðið braust út en vegna skorts á hráefni var framleiðslunni frestað þar til styrjöldinni var lokið.

Eftir að stríðinu lauk hóf Cockshutt framleiðslu á eigin dráttarvélum. Fyrsta týpan fékk heitið 30 enda þrjátíu hestöfl en fjörutíu hestafla Delux 40 fylgdi í kjölfarið. Lítill straumlínulaga traktor í rauðum og kremhvítum lit. Delux 40 var sex stokka og sex gíra og þótti afburðagóð dráttarvél.

Árið 1952 setti fyrirtækið á markað tvær nýjar týpur, 20 og 50, tuttugu og fimmtíu hestafla dráttarvélar. White dráttarvélaframleiðandinn yfirtók Cockshutt árið 1962 og um tíma voru traktorarnir seldir undir heitinu Oliver en framleiðslu þeirra endanlega hætt snemma á áttunda ártugnum.




### *CO-OP*

Samtök bænda í Norður-Ameríku hafa nokkrum sinnum gert tilraun til að láta framleiða dráttarvélar á góðu verði fyrir félagsmenn sína. Dæmi um slíkt er U týpa Allis-Chalmers sem var sérsmíðaður að ósk bændasamtaka í Illinois-ríki. Co-Operative Manufacturing Company var eitt þeirra fyrirtækja sem framleiddi dráttarvél undir heitinu Waukesha fyrir bændasamtök.




Cockshutt framleiddi einnig vélar fyrir ýmis bændasamtök í Norður-Ameríku sem gengu undir mörgum nöfnum, til dæmis CCIL og E3 en voru í raun 30 týpan undir öðru nöfnum og appelsínugul að lit. CO-OP E4 var lítillega breytt útfærsla á Cockshutt delux 40. CO-OP E3 var 20 týpa Cockshutt í dulargervi. */VH*

## Utan úr heimi

# Kínverjar reisa risabú í svínarækt

## – verður með 5.000 gyltur til að byrja með

**Fulltrúar alþjóðlega fyrirtækisins Alltech undirrituðu þann 21. maí viljayfirlýsingu (memorandum of understanding) við fulltrúa kínverska landbúnaðarþróunarfyrirtækisins Jiangsu Guo Ming um samvinnu við að koma á fót nýju risastóru svínabúi í Kína.**




**Frá undirritun viljayfirlýsingarinnar um byggingu risasvínabús í Kína. Þarna voru fulltrúar sex fyrirtækja. Guoming Pan, stjórnarformaður Jiangsu Guoming, Fred Barnard fá COO of Betco Asia, Nigel Goode, forstjóri Pig Business Unit Big Dutchman, Martin Butler, stjórnandi Pipestone í Kína, Sean Teng, fjármálastjóri PIC China og Michael Woolsey, regluverksstjórnandi Alltech í Kína.**

Í fréttatilkynningu Alltech segir að til að byrja með sé ráðgert að í svínabúinu verði 5.000 gyltur. Í öðrum áfanga er ráðgert að stækka búið enn frekar og vera þar einnig með sláturhús. Markmiðið er einnig að búið verði laust við notkun fúkkalyfja sem nú tröllríða kjötframleiðslu víða um heim. Einnig að búið verði umhverfisvænna en þekkist víða í risabúum í svínarækt og að það verði eins tæknilega fullkomið og hagkvæmt og mögulegt er.

### *Samstarf sex fyrirtækja*

Að þróun þessa verkefnis Jiangsu Guo Ming Agricultural Development Company hafa komið fimm önnur fyrirtæki. Alltech mun leggja til lausnir er varða næringu svínanna, Big Dutchman og Betco munu sjá um hönnun, byggingar og tækjabúnað, PIC mun sjá um erfðafræðihlutann og Pipestone mun bjóða fram stjórnunarteymi.

### *Ætlað að verða fyrirmynd*

Í frétt um málið segir að svínaræktin í Kína sé nú óðum að hverfa frá litlum og dreifðum smábúum yfir í samsteypur og risabú. Sagt er að mikil tækifæri séu í aukinni svínarækt í Kína.

Þá er greint frá því að Jiangsu Guo Ming-búið stefni að því að vera eins vistvænt og sjálfbært og mögulegt er og með háan gæðastaðal hvað varðar dýravelferð. Einnig er gert ráð fyrir að öll vinnslan verði rekjanleg allt frá fóðri dýranna til lokaframleiðslu. Reiknað er með að þetta bú geti orðið fyrirmynd að endurnýjun í landbúnaði í Kína. */HKr.*



## Ólögleg verslun með dýraafurðir:

# 200 þúsund hákarlsuggar gerðir upptækir

**Lögreglan í Ekvador gerði fyrir skömmu upptæka sendingu af um tvö hundrað þúsund hákarlsuggum sem senda átti ólöglega til Asíu.**

Andvirði ugganna er áætlað um 1,5 milljón Bandaríkjadalir eða ríflega 200 milljónir króna. Sex manns voru handteknir í aðgerðunum, þar af einn kínverskur ríkisborgari. Hinir handteknu verða að öllum líkindum kærðir fyrir brot á náttúruverndarlögum og verslun með ólöglegar dýraafurðir.

Alvarleiki málsins liggur meðal annars í því að hákarlarnir eru veiddir skammt frá friðlandi og nærliggjandi hafi við Galapagoseyjar. Auk þess sem veiði á öllum þeim hákörlum sem þarf til að fá 200 þúsund ugga er líklegt til að hafa veruleg áhrif á vistkerfið í kringum eyjarnar.

Uggarnir eru eftirsóttir í hákarlsuggasúpu í Kína enda súpan bragðgóð og næringarrík. */VH*

## Verkfall hafnarverkamanna í Washington-ríki:

# Eplum að virði 100 milljón dala hent

**Metuppskera og launadeilur hafnarverkamanna á vesturströnd Bandaríkjanna við viðsemjendur sína hafa orðið þess valdandi að birgðir af eplum hafa safnast upp hjá eplaræktendum í Washington-ríki.**



Tíðin hefur verið eplabændum í Washington-ríki í Bandaríkjunum hagstæð í ár en langvarandi verkfall hafnarverkamanna hefur aftur á móti verið bændunum óhagstætt. Það er því víðar en á Íslandi sem vinnudeilur koma niður á bændum sem þriðja aðila sem er ótengdur kjaradeilunni.

Birgðir epla sem safnast hafa upp valda því að verð á eplum í ríkinu hefur lækkað það mikið að ekki borgar sig að vinna úr þeim eplasafa né geyma þau. Eplum að andvirði um 100 milljón Bandaríkjadali, ríflega 1,3 milljarða íslenskra króna, hefur því verið dreift yfir eplaakra þar sem þau verða látin rotna og breytast í áburð.

Bændur í Washington-ríki eru stærstu framleiðendur epla í Bandaríkjunum og talið að árleg virði eplaræktarinnar þar sé um tveir milljarðar dalir. Um tveir þriðju eplanna eru flutt út til um 60 landa víðs vegar um heim. */VH*

**Skór** til vinnu og frístunda

praxis ... þegar þú vilt þægindi



25290 - Parma
Litir: Svart, hvítt, blátt og rautt
Str. 36-42
Verð 12.600

53802
Litir: Svartur, lilla, lime, bleikt, blátt og hvítt
Str. 36-44
Verð 10.500,-

Teg. 25090
Litir: Svart/Hvítt/Blátt
Str. 36-42
Verð 14.990,-

**Mikið úrval af klossum**
í öllum stærðum, gerðum og litum

Praxis.is
Pantið vörulista

00314 - Boston
Litir: Svart/-Hvítt
Str. 36-48
Verð 12.900

25240
Litir: Svartur/hvítur
Str. 36-42
Verð 9.900,-

Bonito ehf. | Faxafen 10 | 108 Reykjavík | Sími 568 2878
Opið mánud. - föstud. 11:00-17:00. Lokað laugard.



REYKJAVÍK Sími: 414-0000 /// AKUREYRI Sími: 464-8600 /// www.VBL.is

**DRIFSKÖFT OG DRIFSKAFTAEFNI**

WALTERSCHEID

HÆGT ER AÐ KAUPA STAKA HLUTI Í DRIFSKAFTAHLÍFAR

VORSENDINGIN KOMIN

GOTT ÚRVAL Í BOÐI



ERU ÖRYGGISMÁLIN Í LAGI? ÖRYGGISHLÍFAR Á MJÖG HAGSTÆÐU VERÐI

BENZI & DI TERLIZZI

VB LANDBÚNAÐUR ehf. VB Agriculture ltd.

www.VBL.is

REYKJAVÍK
Krókháls 5F
110 Reykjavík
Sími: 414-0000

AKUREYRI
Baldursnes 2
603 Akureyri
Sími: 464-8600



**MISSIÐ EKKI AF ÞESSU EINSATAKA TÆKIFÆRI**

VÉLFANG

Kverneland

10% AFSLÁTTUR



FRUM - www.frum.is

✔ Kverneland og Vélfang bjóða í takmarkaðan tíma frábært tilboð á öllum Kverneland plógum.
✔ 10% afslátt af verðlistaverði. — ✔ *Pantanir þurfa að berast fyrir 1. júlí 2015.*
✔ Kaupendur ákveða afhendingardag á tímabilinu 15. september 2015 til 1. mars 2016.
✔ Þú pantar núna og greiðir við afhendingu.

Verðdæmi Kverneland AB 3 skeri ........................ Verð án vsk kr. 1,242,000,- *Fullt verð kr. 1,380,000,-*
Verðdæmi Kverneland AD 5 skeri ........................ Verð án vsk kr. 2,150,000,- *Fullt verð kr. 2,420,000,-*
Verðdæmi Kverneland 150 S 3 skeri Variomat .... Verð án vsk kr. 2,770,000,- *Fullt verð kr. 3,095,000,-*
*Verð miðast við gengi Evru 149 og fylgja gengisbreytinum.*

Kynnið ykkur markvissar uppfærslur á búnaði á heimasíðu Vélfangs og Vélfang facebook.
Og við gerum betur. Allir plógar afhentir samsettir
á afgreiðslustað flutningsaðila í þinni heimabyggð.
Bændur – verktakar – búnaðarfélög. Nýtið ykkur þetta einstaka tækifæri.
Nánari upplýsingar veita sölumenn Vélfangs Reykjavík og Akureyri.

VÉLFANG VERKIN TALA

Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • Frostagata 2a • 600 Akureyri





**Propionsýra**
fyrir kornbændur
Aukið geymsluþol og minni afföll.

olís

Móttaka pantana hjá Olís
í síma 515 1100 eða hjá næsta útibúi.

PIPAR\TBWA • SÍA • 141819



Mesta uppskera af einni plöntu eru 32.000 tómatar sem samanlagt voru rúmlega hálft tonn að þyngd.

# Tómatar – epli ástarinnar




Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is


**Neysla á tómötum varð ekki almenn í Evrópu fyrr en um miðja nítjándu öld. Plantan var talin eitruð en aldinin falleg og ræktuð í höllum og herragörðum sem skrautjurt. Tómatar eru mest ræktuðu og mest borðuðu ber í heiminum í dag.**

Heimsframleiðsla á tómötum ræktunarárið 2013 til 2014 nam tæpum 164 milljón tonnum sem er aukning um tvær milljónir tonna frá árinu áður. Kína ber höfuð og herðar yfir aðra ræktendur og framleiðir ríflega 50,5 milljón tonn á ári, Indverjar eru í öðru sæti með 18,3 milljón tonn. Í Bandaríkjunum er framleiðslan rúm 12,5 milljón tonn, 12 í Tyrklandi, 8,5 í Egyptalandi, rúm 6,2 milljón tonn í Íran og 5 milljón tonn á Ítalíu. Ísland er í 140. sæti þegar kemur að heimsframleiðslu á tómötum með tæp 1.600 tonn næst á undan Trínidad og Tóbagó sem framleiðir rúm 1.500 tonn á ári.

Stærstu útflytjendur tómata í heinum eru Mexíkó, Marokkó, Tyrkland, Bandaríkin og Kanada en Bandaríkin, Þjóðverjar, Rússar, Bretar og Frakkar flytja mest inn.

Meðaluppskera af tómötum á hektara í heiminum árið 2012 var 33,6 tonn. Mest var uppskeran á hektara í Hollandi, 476 tonn, 463 tonn í Belgíu og 429 tonn á Íslandi samkvæmt tölum FAOSTAD, tölfræðideildar Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna. Þyngsti tómatur sem vitað er um vó 3,51 kíló en lengsta mælda plantan var 19,8 metrar að lengd. Mesta uppskera af einni plöntu eru 32.000 tómatar sem samanlagt voru rúmlega hálft tonn að þyngd.

***Tómatar eru ber***

Tómatplantan er fjölær en yfirleitt skammlíf og ræktuð sem einær. Klifurjurt með trefjarót, en einnig er til afbrigði sem vaxa eins og lágvaxnir runnar. Klifandi tómatplöntur geta náð fjögurra metra hæð. Ein- eða margstofna eftir yrkjum, blöðin 10 til 25 sentímetra löng, samsett með 5 til 9 smáhærðum smáblöðum. Blómin smágerð, einn til tveir sentímetrar að lengd, gul og stjörnulaga. Frjóvgast með vindi eða skordýrum auk þess sem sjálfffrjóvgun er þekkt hjá plöntum í ræktun.

Aldinið er ber en yfirleitt flokkað með grænmeti. Berin geta verið marglit, mismunandi að stærð og lögun allt eftir yrkjum.

Blöð tómatjurta og kartaflna eru nauðalík enda plönturnar náskyldar. Reyndar svo skyldar að með ágræðslu er hægt að fá eina plöntu sem gefur af sér bæði kartöflur og tómata.



Tómatplantan er hitakær og dafnar best við 20 til 24° á Celsíus. Plantan þarf stóran, 12 til 15 sentímetra, pott til að dafna vel og hún er frek bæði á áburð og vatn.

Svíinn Carl Linnaeus kallaði plöntuna Solanum lycopersicum á latínu. Solanum vísar til ætternis hennar við náttskuggaættina og skyldleikann við kartöflur en lycopersicum er gríska og þýðir úlfapera og tengist þjóðsögum um plöntur af náttskuggakyni og varúlfum í Mið-Evrópu. Í dag kallast plantan Lycopersicom esculentum en esculentum þýðir að plantan sé æt. Nafnið tómatur er dregið af mexíkóska heitinu tomatillo sem aftur er dregið úr máli Azteka þar sem tómatar voru kallaðir xitomatl sem þýðir feitt vatn með nafla. Á ítölsku kallast berin pomodoro, eða epli úr gulli, enda gulir tómatar algengari í ræktun þar en rauðir. Frakkar kalla tómata aftur á móti pomme d'amour, eða ástarepli. Á íslensku þekkist heitið rauðaldin en það er sjaldgæft.

***Skrautjurt í tvær aldir***

Fyrst eftir að tómatplantan barst til Evrópu voru berin, sem í dag kallast tómatar, talin eitruð þar sem plantan er af náttskuggaætt og innan hennar finnast margar eitraðar tegundir í Evrópu. Af öðrum nytjaplöntum af náttskuggaætt má nefna kartöflur og eggaldin sem báðar koma frá Suður-Ameríku.

Þrátt fyrir að vera talin eitruð var plantan ræktuð sem skrautjurt í tæpar tvær aldir. Reyndar er tómatplantan ekkert augnayndi og lyktin af henni er frekar vond en berin þóttu litrík og falleg.

Ein elsta, þekkta heimildin um tómata í Evrópu er að finna í bréfi sem þjónn Cosimo de´Medici ritar húsbónda sínum. Í bréfinu segir að karfa með tómötum hafi borist heilu og höldnu frá hertoganum í Flórens.

Ítalski herbalistinn Pietro Andrae Matthioli segir frá tómötum í grasabók sinni frá 1544. Í bókinni segir Matthioli plöntuna skylda gaddepli og ýjar að því að hún kunni að vera kynörvandi sé rétt með hana farið.

Bartskerinn, skurðlæknirinn og grasaspekúlantinn John Gerald sem var fyrstur manna til að rækta tómatplöntur á Bretlandseyjum sagði aftur á móti í grasabók sinni 1597 að plantan væri spillt og eitruð og þar við satt. Neysla tómata var samt orðin almenn á Bretlandseyjum á átjándu öld og í útgáfu af Encyclopedia Britannica frá þeim tíma segir að þeirra sé neytt daglega af þeim efnameiri í súpum og með mat. Með tímanum var ræktun þeirra útbreidd og þeir urðu algeng sjón á grænmetismörkuðum.

Sannleikurinn er sá að blöð og stöngull plöntunnar eru eitruð en ekki berin.

### *Uppruni og útbreiðsla*

Tómatplantan er upprunnin í Andesfjöllum í Suður-Ameríku. Ekki er vitað fyrir víst hvenær nytjar á tómatplöntum hófst en minjar sýna að neysla hennar var almenn í Mið-, og Suður-Ameríku 500 árum fyrir Krist.

Spánverjinn Hernan Cortes flutti fræ plöntunnar til Evrópu frá Mexíkó árið 1521 sem matjurt en eins og fyrr segir var plantan stimpluð sem eitruð. Fyrstu tómatplönturnar sem bárust í Evrópu döfnuðu vel í löndunum við Miðjarðarhafið og báru gul aldin.

Frá Evrópu barst plantan með spænskum sæfarendum til eyja í Karíbahafi og til Asíu þar sem hún var nýtt sem matjurt frá upphafi.

Tómata er getið í ítalskri matreiðslubók frá árinu 1692 sem ætum en ekki talað um þá sem borðskraut. Neysla á tómötum varð ekki almenn fyrr en á átjándu öld. Í dag er þeirra neytt ferskra, þurrkaðra og í sósum og drykkjum.

Elsta heimild um ræktum tómata í Bandaríkjunum er frá 1710 og þá sem skrautjurt. Neysla þeirra sem matjurtar hófst þar fyrr en skömmu eftir aldamótin 1800 og í dag eru Bandaríkjamenn með mestu tómataætum í heimi.

### *Tómar í mörgum litum*

Nú á tímum eru tómatar ræktaðir um allan heim og yrki í ræktun skipta þúsundum. Stærð berjanna er allt frá því að vera 5 millimetrar í þvermál hjá þeim minnstu upp í 10 sentímetra hjá stærstu bufftómötum. Algengustu tómatar í ræktun eru rauðir og með slétta húð en til eru hrukkótt yrki sem gefa af sér gul, appelsínugul, bleik, fjólublá, græn, svört eða hvít ber. Auk þess sem marglitir og strípóttir tómatar eru til.

### *Ræktun í heimahúsum*

Tómatplantan er hitakær og dafnar best við 20 til 24° á Celsíus. Plantan þarf stóran, 12 til 15 sentímetra, pott til að dafna vel og hún er frek bæði á áburð og vatn. Klifuryrki þurfa stuðning í ræktun en gott er að klípa ofan af runnaafbrigðum til að hefta hæðarvöxtinn.

Gríðarlegur munur er á heimaræktuðum tómötum og tómötum sem eru ræktaðir í stórum stíl til sölu. Yrki sem valin eru til heimaræktunar eru yfirleitt bragðbetri því meiri áhersla er lögð á eiginleika eins og stærð, áferð, þol gegn sjúkdómum og uppskerutíma við fjöldaframleiðslu.

Framræktun og kynbætur á tómötum hafa verið miklar í gegnum tíðina. Fyrstu erfðabreyttu tómatarnir, Flavr Savr eða CGN-89564-2, komu á markað árið 1992 og höfðu lengri geymslutíma eða áður hafði þekkst. Með erfðatækni hefur tekist að þróa tómata sem hafa eiginleika sem ekki þekkjast í náttúrunni eins og vörn gegn skordýrum og ýmsum umhverfisþáttum.

Best er að geyma tómata við stofuhita og í skugga. Tómatar sem geymdir eru í ísskáp tapa bragðgæðum. Sagt er að auka megi líftíma tómata með því að snúa naflanum niður.



Heimsframleiðsla á tómötum ræktunarárið 2013 til 2014 nam tæpum 164 milljónum tonna.


Þrátt fyrir að vera talin eitruð var plantan ræktuð sem skrautjurt í tæpar tvær aldir.




### *Tómatar á Íslandi*

Tómatar voru þekktir í Danmörku og Svíþjóð 1740 en í Noregi er fyrst getið um tómata á garðyrkjusýningu 1855.

Í tímaritinu Fanney frá 1906 segir í frásögn, sem ber fyrirsögnina Land sólaruppkomunnar, „tómatar og agúrkur eru ávextir, sem Japanar nota líkt og við rófur og kartöflur“.

Tómataræktun hófst á Íslandi fljótlega eftir að menn fóru að nýta jarðhita til að hita gróðurhús og þeir voru fyrst ræktaðir í gróðurhúsi að Reykjum í Mosfellssveit sumarið 1913 og farið var að selja úr gróðurhúsum upp úr 1920.

Einar Helgason segir í bókinni Hvannir frá árinu 1926 að tómatar hafi verið ræktaðir í íbúðarhúsi í Reykjavík sumarið 1924 og að þeir hafi verið til sýnis á garðyrkjusýningu sama sumar. „Tómötur eru hollur og góður matur, með mikið af bætiefnum. Þær eru borðaðar hráar með smurðu brauði, þær eru einnig góðar steiktar, sömuleiðis í ídýfur, bytinga og salát (salátmauk).“

Ræktun þeirra jókst mikið með stofnun Garðyrkjuskólans að Reykjum í Ölfusi árið 1939.

Haukur Baldvinsson í Lindarbrekku í Hveragerði stundaði kynbætur tómatstofna hér á landi um miðja síðustu öld og fékk fram sort sem kallast Lindarbrekka. Tilraunir sýndu að stofninn stóð mörgum öðrum eldri stofnum framar og fræ af Lindarbrekku var sett á markað árið 1953 og var í ræktun hér í mörg ár.

Lindarbrekkutómatarnir gáfu jafna og mikla uppskeru. Þeir þóttu betur lagaðir en eldri yrki auk þess sem klasarnir gáfu marga og jafnstóra tómata sem þroskuðust samtímis.

Íslendingar tóku tómötunum opnum örmum og segja sumir að Helga Sigurðardóttir og föðursystir hennar, Jóninna Sigurðardóttir, eigi drjúgan þátt í vinsældum þeirra hér. Báðar gáfu þær út matreiðslubækur á fyrri hluta síðustu aldar. Bók Helgu heitir Grænmeti og ber en Jóninnu einfaldlega Matreiðslubók. Í báðum bókum er fjallað um matreiðslu á tómötum og hvatt til notkunar á þeim við matargerð.

### *Tómatplanta í Surtsey*

Á heimasíðu Ágústs H. Bjarnasonar grasafræðings er að finna eftirfarandi frásögn um fund á tómatplöntu í Surtsey í lok sjöunda áratugar síðustu aldar.

„Sumarið 1969 vann ég hjá Surtseyjarfélaginu við að fylgjast með landnámi plantna í Surtsey. [. . .] Eitt sinn, þegar ég var í Reykjavík, bárust þau skilaboð úr Surtsey, að fundizt hefði sérkennileg planta úti í hrauni. Finnendur, sem voru þrír eða fjórir erlendir náttúrufræðingar og einn íslenzkur grasafræðingur, treystu sér ekki til þess að nafngreina tegundina en hölluðust helzt að því, að það væri þúfusteinbrjótur. Var nú talið ráðlegt, að ég hraðaði för minni út í Surtsey, því að von væri til að fleira fyndist, ef vel yrði leitað. [. . .]

Ég fann plöntuna eftir skamma leit. Miðað við fyrri lýsingu hafði hún vaxið ótrúlega hratt. Fyrst stóð ég agndofa yfir þessari sérkennilegu plöntutegund, sem minnti frekast á kartöflugras. Ég beygði mig niður og velti frá tveimur hraunhellum, sem lágu upp að plöntunni hvor sínum megin. Þar undir var einkennileg hrúka, sem var mjög lin, þegar potað var í hana. Allt í einu varð mér ljóst, hvað þarna var á ferð. Einhver hafði gengið örna sinna undir hraunsnefi í skjóli fyrir suð-austan áttinni og upp úr saurnum óx þessi fagurlega tómatplanta (Solanum lycopersicum), um 15 cm á hæð.

Þegar mér varð þetta ljóst, mokaði ég öllu upp í plastpoka og hnýtti vendilega fyrir. Var þess vel gætt, að ekkert yrði eftir, því að það mátti ekki spilla fyrir náttúrlegu landnámi.“



Hugmyndaríkur verktaki í Sacramento:

# Málar garðana græna

**Þurrkar í Kaliforníu virðast ekki vera öllum til bölvunar, því sumir sjá í þessu ástandi ný viðskiptatækifæri.**

Þar sem fólki hefur verið bannað að vökva grasblettina fyrir framan hús sín datt einum manni í Sacramento í hug snjallræði til að flikka upp á sólþurrkaða og skrælnaða garða. Maðurinn, sem heitir Bill Schaffer, stofnaði fyrirtæki sem hann nefndi „Brown Lawn Green“, sem útleggja mætti: Brúnar garðflatir grænar. Í stað þess að aka á milli garðeigenda og bjóðast til að vökva hjá þeim garðana með vatni, býður Schaffer þeim nú að úða yfir garðana með grænni málningu.

Garðeigandinn Shaun Johns virtist harla ánægður með framtakið í samtali við vefritið NewsFix. „Þetta er ansi áhrifamikið. Ég hef aldrei séð neitt þessu líkt áður.“ Sagði hann að þar sem lítið væri um slátt entist málningin nokkuð vel á garðinum. Þannig mætti búast við að málningarúðunin dygði í allt að sex til átta vikur yfir hásumarið.

Sagt er að málningin sem notuð er sé eiturefnalaus. Það ætti því að vera öruggt fyrir dýr og jafnvel börn að leika sér í fagurmáluðum görðunum. Á sama tíma hamast yfirvöld við að telja almenningi trú um að brúnir garðar séu bara alls ekki svo slæmir þegar mikið þarf að leggja á sig til að spara vatn. Hefur því víða verið komið upp skiltum við almenningsgarða þar sem á standa slagorðin, „Brown is the new green,“ eða, hinn nýi græni litur er brúnn. */HKr.*




Hinn nýi græni litur er brúnn.

Brown Lawn Green®
We turn your Brown Lawn Green again
Lawn Painting and Water Retention Services

Firmamerki garðamálarans í Sacramento.


EYJALIND

GRAMMER

Sæti og varahlutir í
- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Báta



Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is



Fjölnotakerrur

Höfum hafið innflutning á vönduðum breskum fjölnotakerrum frá framleiðendanum Indespension.





Helstu kostir kerrana eru:

- 7 blaða blaðfjaðrir tryggja góða fjöðrun.
- Stórar legur í hjólnáum og 6,50 x 16“ dekk.
- Plast á fjaðraendum dregur úr hávaða.
- Hraðlæsing á afturhlera.
- Öryggislæsing á dráttarkúlu.
- Hluti framhlera opnanlegur sem auðveldar upprekstur gripa á kerruna.
- Heilsoðinn botnplata við hliðar einfaldar þrif og eykur styrk kerrana.

Tilboðsverð til loka maí.

Kr. 1.360.000 + vsk

Kr. 1.686.400 með vsk.

Einnig sturtukerrur, flatvagnar og vélakerrur!

JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

Austurvegur 69 - 800 Selfoss | Lónsbakki - 601 Akureyri | Sólvangi 5 - 700 Egilsstaðir

Sími 480 0400 | jotunn@jotunn.is | www.jotunn.is

Verð og búnaður birtur með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.


Rússneskir vísindamenn staðfesta einstaka hæfni hunda hjá Aeroflot:

# Sérræktaðir hundar skynja sprengiefni og krabbameinsfrumur

**Rússneska flugfélagið Aeroflot greindi frá merkum vísindalegum niðurstöðum þann 19. maí sl. Snýst þetta um rannsóknir á sérræktuðu hundakyni sem nefnist Sulimov og hefur verið notað við leit að sprengjum og öðrum hættulegum efnum.**

Í frétt á PRnewswire segir að árangur hundanna hafi nú verið vísindalega staðfestur og tengt þessu sé notkun hunda við að greina kabbamein. Hefur þessi árangur náðst í samstarfi hundaöryggisdeildar Aeroflot og virtra rússneskra vísindamanna. Hefur verið unnið að þessum rannsóknum í sérstöku þróunarverkefni í fluginu.



Öryggisstarfsmaður rússneska flugfélagsins Aeroflot með Sulimov-hund við leit á flugvelli.

***Nýtt hundaafbrigði ræktað upp úr tveimur hundakynjum***

Í rannsóknunum var notast við hið einstaka Sulimov-hundakyn sem varð til við kynblöndun á Laika-smalahundum (líka þekktir sem hreindýrasmalahundar Lappa, Lapponian Herders) og sjakala af heittempruðum svæðum (Turkmen golden Jackals). Var þar verið að kynblanda tegundir sem lifa við mjög ólíkar og öfgafullar aðstæður. Smalahundarnir geta lifað í allt að -70° frosti og sjakalarnir njóta þess að vera í miklum hita eða um 40 gráðum á Celsíus. Einnig hafa Husky og fleiri hundategundir verið notaðir við kynblöndunina.

Þetta hundakyn var þróað sérstaklega fyrir öryggisdeild Aeroflot af af Klim Sulimov og hefur hundakynið verið nefnt eftir honum. Klim Sulimov var áður aðstoðarmaður við Likhachev-rannsóknarstöðina í menningar- og umhverfisverndun. Kynblöndunarverkefni hans hófst árið 1975, en það var ekki fyrr en árið 2002 sem farið var að prófa Sulimov-hunda við sprengjuleit.

Hafa verið ræktaðar upp sjö kynslóðir þessara hunda sem allir eru í eigu Aeroflot og munu þeir nú vera um 40 talsins.

Þykja þeir sérlega hlýðnir og greindir eins og heimskautahundarnir og eru með einstakt þefskyn sem þeir hafa hlotið í arf frá sjakalahundunum. Hafa Sulimov-hundarnir verið sérþjálfaðir og eru í eldi hjá hundasveit öryggisdeildar Aeroflot.



Lapponian Herders.



Golden Jackal.



Hundategundin Sulimov er nefnd eftir ræktandanum Klim Sulimov.

***Hafa einstaka hæfni til að skynja hættuleg efni***

Sérstaklega hefur verið rannsakað hvernig hundarnir bregðast við lykt og haga sér þegar þeir finna það efni sem þeim er ætlað að leita að. Hefur þetta atferli nú verið skýrt á vísindalegan máta af vísindamönnum Burnazian Biophysics Center og hvernig lyktarskyn hundanna virkar. Hefur einkum verið miðað við að hundarnir geti fundið 12 ólík sprengiefni og önnur hættuleg efni. Þá sýna þeir mikið frumkvæði við leit sem þykir einstakur eiginleiki. Hafa Sulimov-hundarnir hlotið staðfestingu af einkaleyfisstofu Rússlands.

***Skynja líka krabbameinsfrumur***

Í annarri rannsókn með hundana, sem sérfræðingar öryggisdeildar Aeroflot hafa einnig komið að, hefur komið í ljós eiginleiki hundanna til að greina krabbamein. Voru hundarnir látnir greina loftsýni í rannsóknarstofu. Kom í ljós í rannsóknunum að hundarnir geta greint krabbameinsfrumur með lyktarskyninu á fljótlegri og öruggari hátt en áður er þekkt. Þykir þessi samvinna hundasveitar öryggisdeildar Aeroflot og vísindamanna hafa skilað einstökum árangri sem geti m.a. leitt til aukins öryggis í flugsamgöngum. */HKr.*

Bandaríkin:

# $H_2O$ eftirsótt á svarta markaðnum

**Gull, peningar, kreditkort og eldsneyti er ekki lengur það sem þjófar sækjast helst eftir í von um skjótfenginn auð. Nú er það hið merkilega og lífsnauðsynlega efni H2O, eða vatn sem er að verða heitasta „stuffið“ í undirheimunum.**

Í grein sem M.L. Nestel ritar á vefsíðunni thedailybeast.com fjallar hann um afleiðingarnar af áralangri þurrkatíð í Kaliforníuríki í Bandaríkjunum. Greinilegt sé að þjófar í ríkinu séu að verða ansi þyrstir. Ein sagan greinir frá ráni á tankbíl, fullum af vatni.

Það var árla morguns, fimmtudaginn 28. maí síðastliðinn, að tankbíl frá fyrirtækinu Marina landscaping þokaðist eftir þjóðveginum. Þurfti hann að aka um veggöng í Oakland þegar lunknir þjófar stöðvuðu hann og rændu hreinlega bílnum að sögn lögreglu. Segir Nestel að þetta sé aðeins eitt dæmi af mörgum um vaxandi tíðni vatnstengdra glæpa í Kaliforníu.

Jerry Brown, ríkisstjóri Kaliforníu, hefur fyrirskipað að íbúar dragi úr vatnsnotkun sinni um fjórðung. Hefur það leitt til að garðeigendur hafa neyðst til að hætta að vökva garða sína. Einnig hafa íbúar þurft að draga úr þvotti á bílum og takmarka sturtun niður úr klósettum aðeins við það þegar fólk þarf að „gera númer tvö“, eins og það er orðað.

Bill McClanhan, doktorsnemi í háskólanum í Essex í Englandi, segir að þurrkar geti mögulega verið að skapa svartan markað fyrir vatn. Hann hefur framkvæmt viðamikla rannsókn um svokallaða „græna glæpi“ og hvernig breytingar í náttúrunni hafa áhrif á glæpastarfsemi. Er hann sannfærður um að einfalt lögmál framboðs og eftirspurnar knýi þjófa á þurrkasvæðum til að falast eftir nýrri verslunarvöru eins og vatni til að selja á svörtum markaði. Þannig eru brunahanar fyrir slökkvilið orðnir að skotmarki vatnsþjófa. Í lok maí var verktaki t.d. staðinn að verki á tankbíl sem hann hafði tekið á leigu. Gómaði lögregla hann við að fylla á tankinn með vatni úr brunahana. Var hann langt kominn með dælinguna þegar lögreglan stöðvaði hann.

Vaxandi hneturækt í Central-dalnum í Kaliforníu hefur einnig leitt til stóraukinnar vatnsnotkunar sem aukið hefur á vandann. Sömuleiðis bætir vatnsátöppunarverksmiðja Nestlé ekki úr málum, en hún lifir á uppdælingu á miklu af grunnvatni. Ört er farið að ganga á grunnvatnið og hefur því verið spáð að það valdi hreinlega vatnsþurrð í ríkinu strax á næsta ári ef ekki fer að rigna hressilega. Þurrkarnir eru nú þegar farnir að hafa umtalsverð áhrif á efnahagslífið í Kaliforníu. */HKr.*

# Æðarbændur



Tökum á móti æðardúni til hreinsunar og sölu.
Við greiðum fyrir flutning dúnsins
til okkar í Dúnhreinsunina við
Axarhöfða í Reykjavík.
Hafið samband í síma 892 8080

Dúnhreinsunin ehf., við Axarhöfða í Reykjavík

ÍSTEX®
ÍSLENSKUR TEXTÍLIÐNAÐUR HF.

Ullarþvottastöð Ístex á Blönduósi verður lokuð frá 1. júlí til 1. nóvember.

Ullarframleiðendur eru vinsamlega beðnir um að skila ull fyrir lok júní og tilkynna innlegg til Ístex.

Hægt er að skrá á bændatorgi eða með tölvupósti til istex@istex.is og í síma 566-6300.

Ekki verður hægt að skila eða skrá ull eftir 30. júní.



Mynd / smh

## Óvenjulegur ærdauði:
# Sýni send utan

**Talsvert hefur borið á óvenjulegum ærdauða á nokkrum stöðum á landinu að undanförnu – á nokkrum svæðum á landinu, en helst í Borgarfirði, Eyjafirði og á Austurlandi. Á sumum bæjum eru þetta þó nokkur afföll, jafnvel svo tugum skiptir. Fyrst var talið að léleg hey gæti verið ástæðan, en nú er komið í ljós að hvorki tíðarfar eða léleg fóðrun virðist vera fullnægjandi skýring.**

Að sögn Svavars Halldórssonar hófst blóðsýnataka úr veikum ám á þriðjudaginn sl. í þeim tilgangi að senda utan til greiningar. Segir að hann að niðurstöður úr þeim greiningum sé líklega að vænta á næsta sólarhring.

Landssamtök sauðfjárbænda telja ástæðu til að skoða málið nánar og reyna að kortleggja umfangið. Þau hvetja bændur sem hafa orðið fyrir slíkum vanhöldum að hafa samband. Hægt er að senda Svavari Halldórssyni framkvæmdastjóra tölvupóst á netfangið svavar@bondi.is. Þar væri æskilegt að tíunda allt sem óvenjulegt er í ár; heygæði, fóðurbætisgjöf, lýsisgjöf, notkun steinefnastampa, einkenni veikra áa, óvanaleg einkenni lamba, afföll o.s.frv. Einnig væri gott að fá niðurstöðu heysýna hjá þeim sem að luma á slíku.

Er hvatt til þess að bændur láti í sér heyra sem fyrst; sérstaklega í þeim sem eru með lélegar ær sem ekki hafa enn farið út. Farið verður með hvert og eitt erindi sem trúnaðarmál í samvinnu við dýralækni. /smh

**Smáauglýsinga-síminn er:**

**563 0300**

**Eldri blöð má finna hér á PDF:**

Bændablaðið



Sumarverð 2015




# Rúlluplast, garn & net

5 LAYER TECHNOLOGY

VISQUEEN POLYCROP

| Gerð | Breidd | Lengd | Litur | Staðgreiðsla án vsk | Greiðslufrestur 2 gjalddagar án vsk |
|---|---|---|---|---|---|
| VISQUEEN rúlluplast | 75 cm | 1500 m | Hvítt / Grænt / Svart | 10.750,- | 11.260,- |
| VISQUEEN rúlluplast | 75 cm | 1500 m | Hvítt - án pakkningar | 10.700,- | 11.210,- |
| VISQUEEN rúlluplast | 50 cm | 1800 m | Hvítt / Grænt | 8.850,- | 9.270,- |

PIIPPO heyrúllunet

| Gerð | Breidd | Lengd | Litur | Staðgreiðsla án vsk | Greiðslufrestur 2 gjalddagar án vsk |
|---|---|---|---|---|---|
| Piippo MagicBlue net | 1,23 m | 2.060 m | Blátt | 14.900,- | 15.800,- |
| Piippo Magic Blue net | 1,23 m | 3.090 m | Blátt | 22.400,- | 23.750,- |
| Piippo MagicBlue net | 1,30 m | 3.090 m | Blátt | 22.900,- | 24.280,- |
| Piippo HYBRID net | 1,23 m | 4.000 m | Hvítt | 28.300,- | 30.000,- |

PIIPPO bindigarn

| Gerð | m/kg | Þyngd hnotu | Litur | Staðgreiðsla án vsk | Greiðslufrestur 2 gjalddagar án vsk |
|---|---|---|---|---|---|
| Piippo MARATHON garn | 1000 | 5 kg | Blátt | 1.950,- | 2.070,- |
| Piippo TRADITIONAL garn | 400 | 5 kg | Blátt | 1.950,- | 2.070,- |
| Piippo BIG SQUARE garn | 130 | 9 kg | Blátt | 3.340,- | 3.540,- |
| Piippo ORIGINAL garn | 145 | 9 kg | Blátt | 3.340,- | 3.540,- |

**STAÐGREIÐSLA:** Staðgreiðsla eða greiðsla við móttöku greiðsluseðils.
**GREIÐSLUFRESTUR:** 2 gjalddagar - **15. júlí** og **15. október 2015**. 50% greiðist 15. júlí 2015 og eftirstöðvar 15. október 2015.

**Afhendum frítt á afgreiðslur Samskipa-Landlutninga um land allt**

ÞÓR HF

**Reykjavík:** Krókháls 16, 110 Reykjavík, Sími 568-1500
**Akureyri:** Lónsbakka, 601 Akureyri, Sími 568-1555
**Vefsíða:** www.thor.is

2014 Framúrskarandi fyrirtæki



# Gróffóðurgæðin skipta höfuðmáli

**Orkugildi gróffóðurs veltur á þáttum á borð við tegundasamsetningu, meltanleika, þroskastig, hlutfall meltanlegs og ómeltanlegs trénis sem og próteininnihaldi. Fyrir hámjólka kýr þarf meltanleiki lífræns efnis að vera 75% eða hærri. Hins vegar má meltanleikinn ekki vera of hár, því þá er hætt við að fóðrið fari of hratt í gegnum vömb svo fóðurnýtingin minnkar.**

## Eiginleikar gróffóðurs

### Tafla 1: Æskilegt efnainnihald heyja fyrir mjólkurkýr

| Eiginleiki | Æskilegt bil |
|---|---|
| Orka | Yfir 0,8 Fem/kg þe. eða 6,30MJ/ kg þe |
| Hráprótein | 155-180g/kg þe. |
| Meltanleiki lífræns efnis | Um og yfir 75% |
| NDF (tréni) | 480-520 g/kg þe. |
| iNDF (ómeltanlegt tréni) | 80-120 g/kg NDF |

## Næringar- og steinefni

| Steinefni | Æskileg gildi |
|---|---|
| Kalk | 4,5-6,5 g/kg þe. |
| Fosfór | 3,0-4,5 g/kg þe. |
| Magnesíum | 2,0-3,5 g/kg þe. |
| Kalí | 15-25 g/kg þe. |
| Brennisteinn | 2,0-4,0 g/kg þe. |
| Jónajafnvægi | 250-550 mekv./kg þe. |
| Kalsíum:fosfór-hlutfall | 2:1 – 1:1 |
| Joð | 0,5-2,5 mg/kg þe. |
| Selen | 90-250 µg/kg. þe. |
| Járn | <800 g/kg þe. |

Kýr eru jórturdýr og við þurfum að nýta þann eiginleika sem best. Hins vegar má meltanleikinn ekki vera of lágur heldur, því þá stoppar fóðrið of lengi við í vömb, kýrin þarf að jórtra hverja tuggu oftar, svo það kemur niður á framleiðslugetu gripanna.

Veðurfar skiptir miklu máli þegar kemur að uppskerumagni og eins meltanleika trénis. Á Norðurlöndum tíðkast það að segja að „mai kulde gjør bondens lader fulde“ (kaldur maí-mánuður fyllir hlöður bóndans). Hæg spretta á fyrri hluta sprettutímans hvetur gras í blaðvöxt og kynvöxtur hefst þá seint. Þannig fæst mikil uppskera án þess að fóðurgildið falli of skarpt. Þurrkur og/eða of mikill hiti á fyrri hluta sprettutímans veldur því hins vegar að grasið flýtir sér í kynvöxt. Í slíkum aðstæðum upplifir grasið sig í „kreppu“ og drífur sig í að setja punt til að tryggja afkomu sína milli ára.

Eftir að kynvöxtur er hafinn fer trénið að verða illmeltanlegt og þá fellur orkugildið mjög hratt. Dæmi eru um að trénisinnihald heyja geti verið lágt en að ómeltanlegi hluti þess sé mjög hár vegna hitastigs á sprettutímanum. Sólríkt vor og síðustu dagar fyrir slátt hækkar sykurinnihald heyja svo þau verða betra hráefni til gerjunar. Einnig bætir hátt sykurinnihald lystugleika.

Dæmi um tvo ólíka sprettuferla eru vorin 2013 og 2014. Sumarið 2013 var mjög kalt og úrkomusamt. Þá sýndu niðurstöður heysýna um land allt að heyin væru fádæma góð; með hátt orkugildi (meltanleika) og sumstaðar var trénisinnihald ískyggilega lágt. Það var ekki hvetjandi fyrir fitumyndun í mjólk. Sumstaðar bar á gróffóðurskorti, svo sumir þurftu að fóðra á „geldneytaheyi“ einhvern hluta innistöðunnar. Sumarið 2014 var svo hins vegar hlýtt og með mikilli úrkomu svo grösin spruttu mun hraðar og þar með féll orkugildið einnig hratt. Sólarleysi olli því að sykurinnihald var lágt við slátt og úrkoman gerði það að verkum að ekki var endilega hægt að slá við rétt þroskastig. Þessir þættir ollu því að margir fengu leiðinda gerjun í heyin sín. Segja má að steinefnainnihald sé meira í hægri sprettu.

Steinefnainnihald heyjanna þarf að vera sem næst þörfum gripanna þó svo að hægt sé að leiðrétta ýmislegt með steinefnagjöf.

Steinefni eru skilgreind sem aðalefni og snefilefni eftir því hversu mikið magn er af þeim. Aðalefnin eru mæld í g/kg þe. á meðan magn snefilefna eru gefin upp sem mg/kg þe. Mest þarf af kalsíum, fosfór, kalí, natríum, brennistein o.fl. Best er að taka heysýni/jarðvegssýni til að stilla af þessi efni því þau eru venjulega í tilbúnum áburði. Snefilefnin eru t.d. járn, sink, mangan, kopar og molýbden og eru þau einnig greind við heysýnatöku. Hér á landi fjölgar stöðugt á markaði tegundum af tilbúnum áburði sem innihalda selen. Selen er ekki nauðsynlegt plöntunum en þær taka það upp og skila í fóðrið á formi sem nýtist gripum sem þurfa nauðsynlega á því að halda.

Tegundasamsetning túna hefur einnig mikil áhrif á steinefnabúskap heyjanna. Almennt má segja að vallarfoxgras sé frekar steinefnasnautt en á móti eru margar smárategundir steinefnaríkar. Sé mikið um tvíkímblöðunga í túnum (t.d. smári eða illgresi á borð við njóla og sóleyjar) getur það hækkað kalk- og magnesíuminnihald heyja. Trénisinnihald smára er alla jafna lágt (með heldur hærra hlutfalli iNDF af NDF heldur en í grösum) en mikill munur er lystugleika smára og njóla, svo það er mikill munur á lystugleika eftir því hvaða tegundir eru í túnunum. Njóli hefur almennt lægra trénisinnihald en grös, en gæði trénisins eru mikið lakari, svo orkugildið verður mjög lágt í „njólasýktum“ túnum.

Próteininnihald heyja fellur með auknum þroska, sérstaklega í frumvexti. Endurvöxtur heldur próteininnihaldi sínu betur en á móti er hlutfall ómeltanlegs trénis allajafna hærra í há en í fyrri slætti þó svo heildar trénisinnihald sé lægra. Aukinn köfnunarefnisáburður hækkar próteininnihald grasa en á móti lækkar sykurinnihald. Eins hefur aukinn N-áburður jákvæð áhrif á meltanleika trénis. Sé köfnunarefnisáburður aukinn þarf einnig að koma til aukning á brennisteinsgjöf, því sumar amínósýrur innihald brennistein og þær myndast ekki sé skortur á brennisteini. Almennt er nægilega mikill brennisteinn í búfjáráburði, en í sendinni jörð og þegar vor eru köld getur komið fram skortur. Brennisteinsskortur getur komið niður á AAT-innihaldi í heyjum sem og próteinnýtingu gripanna. Vambarörverurnar nýta brennistein við myndun örverupróteins. Vanti brennistein í heildarfóður gripa kemur það t.d. niður á ullarvexti sauðfjár g almennt verður hárafar gripa ljótt. Önnur áburðarefni þurfa að fylgja til að tryggja nægilegt steinefnainnihald fyrir gripina. Búfjáráburður er yfirleitt kalíríkur og þarf að hafa það í huga þegar hann er borinn á tún og við val á tilbúnum áburði með honum. Kalískortur í túnum kemur niður á uppskerumagni, en ofgnótt eykur hættuna á doða og graskrampa í kúm. Hægt er að draga úr hættu á doða með því að fóðra geldkýr á heyjum sem hafa neikvætt KAB-gildi, þ.e.a.s. heyjum sem hafa lítið af jákvætt hlöðnum kalí- og natríumjónum eða mikið af neikvætt hlöðnum klór- og brennisteinsjónum. Hættan á graskrampa verður mikil þegar kalíinnihald grasa verður meira en tvöfalt heildarinnihald af kalsíum og magnesíum.

Fosfór getur verið frekar fastbundinn í jörðu, og aðeins lítill hluti fosfóráburðar skilað sér í uppskeru. Það skilar því sjaldnast árangri að auka magn fosfóráburðar til að hækka fosfór í heyjum mikið. Nýgræðingur er fosfórríkur en hlutfall fosfórs í grösum fer minnkandi með auknum þroska. Öfugt er farið með kalk, en það er mikilvægt efni í frumuvegg plantna og eftir því sem frumuveggurinn þykknar (með auknum þroska grasa) eykst kalk-innihald í heyjum. Rétt er að minna á lágt kalkinnihald í byggi og sé bygg hátt hlutfall fóðurs hjá nautgripum þarf að gefa kalkríkar steinefnablöndur með.

### *Verkun*

Gerjun verður í öllu hirtu gróffóðri sem hefur innan við 50–55% þurrefni. Gæði verkunarinnar veltur hins vegar á mörgum þáttum. Í fyrsta lagi hafa margir þættir í gróffóðrinu áhrif. Ungt gras inniheldur alla jafna meiri sykur og prótein en úr sér sprottið gras. Það inniheldur því meira „eldsneyti“ til gerjunar. Hagstæðasta gerjun sykurs er yfir í mjólkursýru, sem er römm sýra. Mjólkursýran lækkar sýrustig gróffóðurs hratt auk þess sem hún veldur minnstu þurrefnistapi. Mun meira þurrefnistap verður þegar smjörsýrugerlar ráðast á sykur og prótein og umbreyta þeim í smjörsýru og ammóníak. Smjörsýra er veik sýra, svo sýrustigslækkun verður allajafna ekki nægilega mikil til að geymsluþol votheysins verði nægilegt. Slík sýra er einnig ólystug fyrir framleiðslugripi.

Nægilegt prótein þarf að vera í jurtunum fyrir gripina til framleiðslu, en við gerjunina má ekki vera of mikið af því en þá er hætta á miklu prótein-niðurbroti yfir í ammóníak. Besta gerjun fæst með gróffóðri sem er slegið í þurrki og fær forþurrkun fyrir hirðingu. Hversu mikill og hraður forþurrkur næst veltur svo á veðrinu. Hraði forþurrkunar skiptir miklu máli, því plöntufrumurnar drepast ekki strax við slátt, heldur halda áfram öndun sinni og eyða þá sykri úr grasinu sem framleiðslugripirnir gætu annars nýtt til framleiðslu.

### *Íblöndunarefni*

Með notkun íblöndunarefna má bæta gæði og tryggja góða gerjun. Rétt notkun íblöndunarefna í gróffóður tryggir líka stöðugleika gróffóðurs allan veturinn svo kýrnar upplifa minni breytileika milli rúlla. Íblöndunarefni auka geymsluþol heyja svo auðveldara er að fyrna þær. Nýræktarhey inniheldur alla jafna meiri sykur, prótein og auðmeltara tréni en hey af gömlum túnum. Það er því ekki eins mikil þörf fyrir íblöndunarefni í nýræktarhey en í hey af gömlum túnum. Hins vegar getur alltaf komið slæm gerjun í allt fóður, sé ekki vandað til verka við heyverkun (snúning og slátt) auk þess sem rigningatíð ódrýgir fóðurgæðin. Sé þurrkstig gróffóðurs komið upp fyrir 40% þurrefni við hirðingu þarf ekki að nota íblöndunarefni, en ýmsar tegundir geta þó komið sér vel sé verið að verka fullþurrt hey. Skal þá notuð mygluvarnarefni á borð við Fireguard eða Kofasil. Íblöndunarefnin sem mest eru notuð í lítið forþurrkað hey byggja á því að sá mjólkursýrubakteríum í heyið. Mjólkursýrubakteríurnar eru sérvaldir stofnar („afreksbakteríur“) til að tryggja besta verkun og sem minnst þurrefnistap. Sannarlega eru mjólkursýrubakteríur í umhverfinu allt í kringum okkur, en með því að sá slíkum „afreksbakteríum“ tryggjum við góða verkun. Real Madrid myndi aldrei skipta fótboltabullu með bjórvömb inn á völlinn ef Ronaldo sæti á varamannabekknum.

Notkun sýruíblöndunarefna er ekki eins útbreidd og hún var hér í eina tíð vegna þess hve slík efni tæra tæki. Eins eru þetta hættulegari efni í meðhöndlun. Munurinn á sýruíblöndunarefnum og mjólkursýruíblöndunarefnum er sá að sýran lækkar sýrustig hratt án þess að breyting verði á gróffóðrinu en mjólkursýrugerlarnir nota sykurinn í grasinu við sína starfsemi.

### *Lokaorð*

Til að hámarka afurðageta kúnna okkar þurfum við að geta boðið þeim upp á gott gróffóður með réttu steinefnainnihaldi. Ekki má gleyma að framleiða geldkúafóðrið en það þarf að ákveða strax í upphafi sprettutímans hvaða tún skuli nota í það. Hey sem henta kúm í framleiðslu og geldkúm eru gjörólík bæði hvað steinefnainnihald og orkuinnihald varðar. Lystugleiki heyjanna skiptir miklu máli upp á átið, en einnig að velja rétta kjarnfóðurblöndu á móti þroska heyjanna. Íblöndunarefni geta komið að góðum notum sé heyskapartíð óhagstæð en einnig til að bæta hey af eldri túnum. Nú þegar búið er að bera á túnin er eina leiðin til að bæta próteininnihald að slá snemma og við vonum því að öll heyskapartæki séu tilbúinn í slaginn ef sláttur hefst mjög skyndilega (ef gerir glýju).

**Heimildir:**


- Brown, S. (2013). Grass silage 2013 – mineral profile. Slóð: http://www.wynnstaygroup.co.uk/images/user/Grass_Silage_2013.pdf
- Guðni Þorvaldsson & Þorsteinn Guðmundsson (2006). Snefilefni í jarðrækt. Í: Fræðaþing lanbúnaðarins 2006, 107-178.
- Lunnan, T., Østrem, L. & Bakken, A.K. (2015). Bonden kan påverke kvaliteten på grôvfôret. Buskap, 3 (2015), 24-26.
- Nordheim-Viken, H. & Volden, H. (2009). Effect of maturity stage, nitrogen fertilization and seasonal variation on ruminal degradation characteristics of neutral detergent fibre in timothy (Phleum pratense L.). Animal Feed Science and Technology; 149 (2009), 30-59.
- Pelletier, S., Tremblay, G.F., Bélanger, G., Seguin, P., Drapeau, R. & Allard, G. (2008). Delayed harvest affects mineral and NDF concentrations, and digestibility of timothy. Canadian Journal of Animal Science; 88 (2), 325-329.
- Volden, H. (2011) Norfor – The Nordic feed evaluation system. Wageningen Academic Publishers, Hollandi.



***Guðfinna Lára Hávarðardóttir***
***Jóna Þórunn Ragnarsdóttir***
*Ráðunautar í fóðrun*
*hjá Ráðgjafarmiðstöð*
*landbúnaðarins*





# AEG

# TILBOÐSDAGAR

## 20% afsláttur

### af öllum AEG vörum í nokkra daga




FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

**ORMSSON**

ormsson.is

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is

ORMSSON Greiðslukjör
Vaxtalaust
í allt að 12 mánuði

| ORMSSON | ORMSSON | KS | SR BYGG | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | GEISLI | TÆKNIBORG | OMNIS |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 |



## Stærsta landbúnaðarfyrirtæki í heimi að verða til:
# Monsanto býður í Syngenta

**Svissneska efnafyrirtækið Syngenta hefur hafnað yfirtökutilboði bandaríska landbúnaðarrisans Monsanto í annað sinn. Talsmenn Syngenta segja tilboðið ófullnægjandi. Það gæti orðið stærsta fyrirtæki í heimi á sviði landbúnaðar.**

Talið er víst að Monsanto muni bjóða í Syngenta í þriðja sinn á næstu vikum. Með samruna Monsanto og Syngenta yrði til stærsta fyrirtæki í heimi á sviði landbúnaðar.

Líftæknifyrirtækið Monsanto er í dag stærsti seljandi fræja til bænda í veröldinni en Syngenta stærsti framleiðandi illgresis- og skordýraeiturs í heiminum og stórt fyrirtæki í sölu á fræi til matvælaframleiðslu.

Ef úr samrunanum verður mun Monsanto ráða yfir um 35% fræmarkaði heimsins og áætlaðar tekjur fyrirtækisins 30 milljarðar bandaríkjadalir á ári sem jafngildir um 4 þúsund milljörðum króna á ári. Stærð fyrirtækisins gæfi því yfirgnæfandi stöðu á markaði yfir samkeppnisaðilum eins og BASF SE, Bayer AG and Dow Chemical Co.

Monsanto hefur svarað gagnrýni um að fyrirtækið verði nánast með einokunarstöðu á matvælamarkaði eftir samrunann með því að segja að það muni brjóta upp fræsöluhluta Syngenta í minni fyrirtæki gerist þess nauðsyn. */VH*



**Loftskip Greenpeace flýgur yfir Mílanó og nágrenni á alþjóðlegri matarsýningu EXPO Milano 2015. Á 200 metra löngum borða stendur: „Don't feed a broken system, make Ecological Farming fly."**

## Greenpeace mótmælir í Mílanó:
# Í baráttu fyrir vistvænum lausnum í landbúnaði

**Umhverfisverndarsamtökin Greenpeace hafa nú skorið upp herör gegn notkun eiturefna og annarra efna í landbúnaði sem skaða jarðveg.**

Vegna alþjóðlegrar matarsýningar EXPO MILANO 2015, sem hófst í Mílanó á Ítalíu í síðustu viku, sendi Greenpeace á loft heljarmikið loftskip sem skreytt var 200 metra löngum áróðursborða. Á honum stóð „Don't feed a broken system, make Ecological Farming fly", sem mætti útleggja: „Hættið að næra ónýtt kerfi, komið umhverfisvænum landbúnaði á flug."

### *Verið að skaða náttúruauðlindir*

Með þessu átaki reyna Greenpeace-menn að kalla eftir breytingum í landbúnaði og fæðuframleiðslu í heiminum. Flugu þeir loftskipinu yfir ráðstefnu- og sýningarsvæðið í Mílanó þar sem mættir voru 50 landbúnaðarráðherrar víða úr heiminum. Þar var meiningin að undirrita svokallað Mílan-samkomulag 2 sem ætlað er að vera leiðarvísir í landbúnaði.

Segja talsmenn Greenpeace að sú stóriðjustefna sem einkennir nú landbúnað víða um lönd og byggir á einhæfri framleiðslu, treysti á notkun kemískra efna eins og skordýraeiturs og jarðefnaeldsneytis. Það sem skaði náttúruauðlindir eins og vatn og jarðveg. Skora samtökin á landbúnaðarráðherra um allan heim að styðja lausnir sem stuðli að sjálfbærum og umhverfisvænum landbúnaði.

Marco Contiero, yfirmaður stefnumörkunar Greenpeace í Evrópusambandslöndunum, segir í tilkynningu frá samtökunum að hætta sé á að plaggið sem undirritað verði af ráðherrunum í Mílanó muni undirstrika áframhaldandi stefnu sem skaði umhverfisvænan landbúnað.

### *296 tonn af skordýraeitri á klukkustund*

„Það er forkastanlegt að í dag skuli vera notuð 296 tonn af skordýraeitri á hverri einustu klukkustund í heiminum. Þetta er afleiðing af kerfi sem stýrt er af fjölþjóðlegum risafyrirtækjum í stað þess að vera undir stjórn bænda og almennings. Undanfarin 70 ár höfum við byggt upp kerfi sem eyðileggur náttúruauðlindir og lífsgrundvöll bænda. Almenningur og bændur geta ekki beðið lengur og þurfa nauðsynlega á samkomulagi að halda um að auka vistvænan landbúnað," segir Contiero.

Greenpeace segir að á meðan ráðstefnan einblíni á framtíð fæðuframleiðslunnar, þá séu margir bændur í Evrópu reiðubúnir til að takast á við breytta starfshætti. Þeim sé þó gert það ómögulegt vegna þess efnahagsumhverfis sem þeir búi í sem knýi bændur til að nota mengandi efni til að auka framleiðsluna. */HKr*

# Góð beitarstjórn mjólkurkúa er vandasöm

**Með góðri stjórn beitar má draga nokkuð úr fóðurkostnaði mjólkurkúa, en það er að sjálfsögðu háð því að dregið sé úr fóðurgjöfinni á sama tíma. Í Danmörku, þar sem beitartímabilið er reyndar töluvert lengra en hér á landi, geta bændur sparað allt að 20 þúsund krónum á árskúna sé rétt staðið að beitarstjórninni. Svo unnt sé að ná sparnaði og áfram sömu afurðum, þ.e. ekki afurðalækkun á beitartímanum, þarf að sinna beitinni vel og stjórna beit kúnna. Það kostar vissulega töluverða vinnu en skilar sér í mjólkurtanknum.**



Fiskikör

Mynd / hestanet.net

### *Oft minnkar í tanknum*

Margir kúabændur hafa væntanlega upplifað það að þegar kúm er hleypt út þá dregur úr framleiðslunni og það minnkar í tanknum. Oft bætist svo við að frumutalan hækkar heldur, sem ekki er beint á bætandi. Þetta þarf þó alls ekki að vera eitthvert lögmál en að vera góður í að stjórna beit kúa er ekki sjálfgefið og sýnir t.d. reynslan frá Danmörku að það má vel halda framleiðslunni óbreyttri. Til þess að vel takist til þarf þó margt að vera til staðar en þó fyrst og fremst vilji bændanna sjálfra til þess að stjórna beitinni og hámarka beitarlotur kúnna svo át þeirra sé sem mest.

### *Kýrnar þurfa að vilja beitina*

Eitt af lykilatriðum þess að vel takist til með beitina er að kýrnar sæki sig vel á beitinni og að beitargróðurinn sé kraftmikill og skili þeim mikilli orku með litlili fyrirhöfn. Í Danmörku er miðað við að hleypa kúnum út á beit þegar þær eru svangar, svo þær sæki af krafti í beitina og fái svo viðbótarfóður heima í fjósi. Þar sem best lætur, geta danskir bændur vænst þess að kýrnar geti étið allt að helmingi fóðurþarfar sinnar með beitinni. Er þá miðað við að meðalhæð grass á beitarstykkinu sé ekki undir 6 cm en heldur ekki hærri en 11–12 cm svo nýting beitargetu kúnna sé sem best.

### *Skiptibeit*

Eitt er að hafa kýr sem vilja bíta, hitt er að hafa gott gras sem þær sækja í. Hér er yfirleitt ráðlagt að viðhafa skiptibeit á nokkrum stykkjum en beita hvert þeirra vel niður hverju sinni og slá svo með ruddasláttuvél eftir að beitarlotu lýkur og kýrnar eru settar á nýtt stykki, oft eftir tveggja til þriggja daga beitarlotu þó það sé nú líklega ekki mögulegt alls staðar. Eins og áður segir kallar þetta á vinnu og að grassvörðurinn í beitarhólfi kúnna sé metinn daglega. Á Nýja-Sjálandi, þar sem mikil reynsla er með beit



kúa, má t.d. víða sjá að beitarhólf eru mögulega slegin niður að hluta áður en kúm er hleypt í þau. Þetta er gert til þess að kýrnar nái að bíta niður hinn óslegna hluta sé sprettan of hröð eða kýrnar of fáar miðað við stærð beitarhólfsins. Þegar beitarhólf eru slegin, þarf að gæta þess að gera það þegar vel þurrt er svo kúadellurnar dreifist ekki verulega um beitarstykkið og geri það ólystugt fyrir næstu beitarlotu.

### *Góðar gönguleiðir*

Kýr geta rölt töluvert langt til þess að komast í beit og sé um góða beit að ræða má reikna með því að beit í allt að 1,5–1,7 km fjarlægð frá fjósi geti skilað sér. Eigi svo hins vegar að vera þarf slíkt beitarstykki að nýtast kúnum vel og á stuttum tíma, enda fer tími í að rölta fram og til baka. Þó ber að huga að gönguleiðum kúnna og að þær vaðist ekki upp, séu aðstæður þannig. Það eru til margs konar lausnir á því að útbúa gönguleiðirnar vel s.s. með uppbyggðum malarstígum, lögn gúmmímotta, notkun á sérstökum drenmottum og fleira mætti telja til. Mikilvægast er að kýrnar séu ekki látnar ganga í gegnum eðju, sem getur leikandi valdið því að þær verða óhreinar með tilheyrandi leiðindum við mjaltir, hættu á sýkingum o.fl.

### *Mikil vatnsþörf kúa*

Þó svo að við tölum ekki venjulega um vatn sem fóður, þá er það vatnið sem er allra mikilvægast kúnum þegar þær eru á beit og sé aðgengið takmarkað eða langt að ná í vatnið, draga kýrnar hratt úr mjólkurframleiðslunni. Vatnsþörf kúa er reyndar mjög mismikil, eftir nyt og útihitastigi, en almennt má gera ráð fyrir því að kýr í 20 kílóa nyt þurfi um 70 lítra á dag þegar hitastigið er um 5 °C. Hins vegar eykst vatnsþörf þeirra þegar hlýnar í veðri og því þarf sama kýrin 80 lítra á dag sé útihitastigið 20 °C. Sé dagsnytin 40 kíló, er vatns-þörfin samsvarandi um 110 lítrar á dag við 20 °C útihita.

### *Góð gæði vatns*

Þá er rétt að minna á að gæði drykkjarvatnsins þurfa að sjálfsögðu að vera í lagi og nálægð drykkjarstaðar við beitarsvæði skiptir einnig máli. Kýr eru alla jafnan latar og sé langt í næsta drykkjarstað, þá sýna rannsóknir að kýrnar drekka einfaldlega minna og þar með dregur úr mjólkurframleiðslunni! Því er um að gera að reyna að búa svo um aðstæður þeirra utandyra, að þær eigi ávallt mjög stutt í næsta vatn af beitinni. Þetta má t.d. gera með því að hafa hjá þeim drykkjarker t.d. tengt við sírennsli og/eða búið flotholtsventli. Hér má bæði nota sk. fiskiker eða annars konar plastker. Með slíkum brynningarbúnaði er hægt að tryggja kúnum alltaf öruggt og gott vatn – sem er stutt frá þeim, þó svo að beitarsvæðinu sé breytt og girðingar færðar til.

### *Mjaltaþjónar og beit*

Fjölmargir kúabændur hafa náð afar góðum árangri með beit mjólkurkúa samhliða notkun á mjaltaþjónum og gildir um beit mjólkurkúa sem eru mjólkaðar með mjaltaþjóni í raun sömu kröfur og hér að framan eru nefndar. Þó er yfirleitt miðað við að aðgengi kúnna að beitinni þurfi að vera auðvelt og spilar þar inn í hönnun fjóss og þá sér í lagi hönnun og frágangur á út- og inngöngusvæðum kúnna s.s. hvort notuð séu tölvustýrð hlið til þess að stjórna aðgengi kúnna. Báðar gerðir mjaltaþjónanna hér á landi hafa yfir að ráða sjálfvirkum hliðbúnaði sem getur stjórnað því hvenær og hvort kýrnar geti farið út á beit. Stillingar á þessum búnaði geta verið allbreytilegar og ræður bóndinn hverju sinni á hvað skuli lögð áhersla. Víða erlendis er þessum hliðum stýrt út frá mjaltaaðgengi, þ.e. heimildum kúa til mjalta. Oft eru hliðin t.d. stillt á að hleypa ekki kúm út sé of stutt í ætlaðar mjaltir og miða margir við 70%, þ.e. hafi kýrin t.d. heimild til mjalta á 6 tíma fresti og 70% af þeim tíma (4,2 klst.) sé liðinn frá síðustu mjöltum þá fær hún ekki heimild til útivistar fyrr en hún hefur farið til mjalta.

### *Læra hver af öðrum*

Í Danmörku er mikil og góð reynsla af því að halda bændafundi og eru nærri allir kúabændur landsins í einhvers konar reynsluhópi bænda sem hittist reglulega. Í þessum hópum eru tekin fyrir mismunandi efni eftir árstímum og í maí og júní er algengt að rætt sé um beit og beitarstjórn. Við höfum heldur minni reynslu af svona hópvinnu bænda en í raun getur hver sem er byrjað á þessu með því að kalla saman nokkra nágranna í kaffi og setja upp einfalda dagskrá spjallfundar um málefnið. Óhætt er að mæla með því að gera þetta enda eru allar líkur á því að það skili góðum árangri, a.m.k. sé horft til reynslu danskra kúabænda.

*Snorri Sigurðsson*
*sns@seges.dk*
*Ráðgjafi hjá SEGES P/S Danmörku*



Bíræfnir þjófar brutust inn í lögreglustöð:

# Stálu nashyrningshornum fyrir 141 milljón króna

**Þjófar í Mósambík brutust inn í geymslu lögreglunnar í Maputo, höfuðborg landsins, og höfðu á brott með sér tólf nashyrningshorn sem metinn eru á 700.000 bresk pund, eða un 141 milljón íslenskra króna.**

Ekki eru margar vikur liðnar síðan lögreglan í Mósambík gerði upptæk mörg nashyrningshorn og fílatennur sem selja átti úr landi. Tólf þessara horna hefur nú verið stolið úr vörslu lögreglunnar. Fréttir herma að gæsla á hornunum hafi verið lítil og þau geymd í litlum skáp sem læstur var með þremur hengilásum.

Talið er að hornin sé upprunnin í Suður-Afríku, þar sem nashyrningar eru útdauðir í Mósambík, og að átt hafi að smygla þeim frá Afríku til Asíu í gegnum Mósambík.

Fjórir lögreglumenn hafa verið handteknir grunaðir um að eiga aðild að þjófnaðinum. /VH


## Úrvalshestar Holtsmúla Stóðhestar 2015



**Bragur frá Ytra-Hóli**
F: Rökkvi frá Hárlaugsstöðum
M: Sandra frá Mið-Fossum
B: 8,28 H: 8,44
AE: 8,37 blup 112
Verð 156.000 m/vsk allt sumar



**Vökull frá Efri-Brú**
F: Arður frá Brautarholti
M: Kjalvör frá Efri-Brú
B: 8,50 H: 8,28
AE: 8,37 blup 117
Verð 154.000 m/vsk allt sumar



**Þórálfur frá Prestsbæ**
F: Álfur frá Selfossi
M: Þoka frá Hólum
B: 8,63 H: 8,50
AE: 8,56 blup 129
Verð 156.000 m/vsk allt sumar



**Eldur frá Torfunesi**
F: Máttur frá Torfunesi
M: Elding frá Torfunesi
B: 8,61 H: 8,59
AE: 8,60 blup 126
Verð 150.000 m/vsk út júní



**Narri frá Vestri-Leirárgörðum**
F: Natan frá Ketilsstöðum
M: Vár frá Vestri-Leirárgörðum
B: 8,46 H: 8,9
AE: 8,72 blup 122
Verð 150.000 m/vsk frá 15. júlí



**Þeyr frá Holtsmúla**
F: Stáli frá Kjarri
M: Þruma frá Sælukoti
B: 8,06 H: 8,61
AE: 8,39 blup 118
Verð 110.000 m/vsk allt sumar



**Viti frá Kagaðarhóli**
F: Smári frá Skagaströnd
M: Ópera frá Dvergsstöðum
B: 8,22 H: 8,29
AE: 8,26 blup 117
Verð 141.000 m/vsk allt sumar

ÚRVALSHESTAR Holtsmúla
www.urvalshestar.is

**Laus pláss í tamningu, þjálfun og unghrossamat**

Svanhildur Hall: 659 2237 og Magnús Lárusson: 659 2238 og á www.urvalshestar.is

**Úrvalshestar ehf.** tamningar – þjálfun – unghrossamat – kaup – sala – kennsla – stóðhestahald



REYKJAVÍK Sími: 414-0000 /// AKUREYRI Sími: 464-8600 /// www.VBL.is

**BEISLISHLUTIR - REKSTRARVÖRUR**

VORSENDINGIN KOMIN

GOTT ÚRVAL - HAGSTÆTT VERÐ



Sjá nánar í vefverslun okkar á VBL.is undir beislishlutir

VB LANDBÚNAÐUR ehf. VB Agriculture ltd.
www.VBL.is
REYKJAVÍK Krókháls 5F 110 Reykjavík Sími: 414-0000
AKUREYRI Baldursnes 2 603 Akureyri Sími: 464-8600



## Jarðvegsdúkur

TYPAR jarðvegsdúkurinn frá DuPont er einkar góður til að leggja undir pallinn eða pottinn, til að hindra að gróður spretti upp á milli eða meðfram. Einnig er hægt að nota hann til að stjórna gróðri og sem undirlag fyrir mölina.



Poulsen partur af lífinu
Skeifan 2
S: 530 5900 | poulsen.is



## Rúmfatnaður fyrir hótel og sjúkrastofnanir

Vandaður rúmfatnaður 100% cotton satin með 300TH. 60/60µ.
Sterk og endingargóð teygjulök, 100% cotton satin með 300TH.
Gæða handklæði 500 gsm.
Góðar sængur sem má þvo við 95° hita.
Dýnuhlífar, þola þvott við 95°, rakaheldnar.





E.G. HEILD EHF

Stórhöfði 17 • 110 Reykjavík • Sími 5877685 • Netfang: eg.heild@simnet.is • www.egheild.is

# Helstu niðurstöður nýs kynbótamats í maí 2015



Guðmundur Jóhannsson
Ábyrgðarmaður í nautgriparækt
mundi@rml.is


**Nú í maí var keyrt nýtt kynbótamat í nautgriparæktinni og lesið inn í nautgriparæktarkerfið Huppu í beinu framhaldi af því. Niðurstöður þess eru því aðgengilegar notendum Huppu en hér verður stiklað á stóru um þau naut sem hafa verið og koma ný í dreifingu.**

Rétt er að taka fram að við þessa keyrslu var svokallaður viðmiðunarárgangur færður fram um fimm ár, þ.e. sá árgangur sem meðaltal stofnsins er miðað við. Þetta þýðir að kynbótamatið lækkar nokkuð án þess að breyting hafi orðið á raunverulegu kynbótagildi gripanna. Framvegis mun þetta verða gert á hverju ári þannig að breytingar á kynbótamatinu verði minni og jafnharðan hverju sinni.

Fagráð í nautgriparækt tók á fundi sínum þann 26. maí sl. ákvörðun um það hvaða naut verða í almennri dreifingu næstu mánuði. Ákveðið var að setja þrjú ný naut úr 2009 árgangi nauta í dreifingu að lokinni prófun. Þrátt fyrir það fækkar reyndum nautum í dreifingu úr 20 í 15 þar sem sæði úr nokkrum þeirra er uppurið. Þetta á við um Dynjanda 06024, Hjarða 06029, Víðkunn 06034, Sand 07014, Húna 07041, Lög 07047, Laufás 08003 og Klett 08030. Áfram verður viðhöfð magnstýring á notkun úr þeim Flekki 08029 og Bamba 08049. Sérstök ástæða er til þess að biðja menn að nýta sæðið úr Bamba vel, gæta hófsemi og sýna takmörkunum á dreifingu sæðis úr honum fullan skilning. Notkun hans síðustu mánuði sýnir að þetta hafa menn gert og eiga sérstakir þakkir skildar fyrir gott samstarf hvað þetta snertir.

Ánægjulegt er að sjá að flest þau naut sem hafa verið í notkun undanfarin misseri standa við fyrri dóm að mestu leyti.

Afkvæmadómi 2008 árgangsins er lokið en nú þegar eru þau naut sem telja má áhugaverð til framhaldsnotkunar úr þeim árgangi komin í dreifingu. Því miður er ekki um fleiri naut að ræða þar sem fengið hafa verulega gott mat að lokinni afkvæmaprófun eða þá að þau hafa umtalsverða galla í einhverjum þáttum.

Eins og áður sagði var ákveðið að þrjú ný naut kæmu til dreifingar sem reynd naut. Þessi naut eru komin með dágóðan fjölda dætra með afurðaupplýsingar bak við sitt mat sem og fjölda dætra með útlitsmat og mjaltaathugun þannig að öryggi á mati þeirra er nokkuð gott.

### *Ný naut í notkun*

Þau naut sem koma ný inn í dreifingu eða nautaskrá eru Gustur 09003, Foss 09042 og Gæi 09047. Hér verður gerð nánari grein fyrir þeim.


Gustur.

**Gustur 09003** er frá Hóli í Sæmundarhlíð, faðir er Laski 00010 og móðir Rák 384 Hersisdóttir 97033. Dætur Gusts eru meðalkýr hvað afurðamagn snertir, fituhlutfall er nærri meðallagi en próteinhlutfall hátt. Þetta eru meðalstórar kýr og fremur háfættar. Þær eru fremur bolgrunnar og útlögur allgóðar. Yfirlína er bein. Malir eru í meðallagi breiðar, aðeins hallandi en fremur flatar. Fótstaða er bein og sterkleg. Júgurgerðin er góð, mikil júgurfesta, prýðilegt júgurband og þau ágætlega borin. Spenar eru vel gerðir, hæfilega langir og þykkir og vel settir. Dætur Gusts eru góðar í mjöltum og skapið er úrvalsgott. Um 60% afkvæma Gusts eru tvílit þar sem mest ber á huppóttum og skjöldóttum. Af grunnlitum eru rauðir litir langmest áberandi. Gustur kemur til notkunar sem nautsfaðir.

**Foss 09042** er frá Fossi í Hrunamannahreppi og er hann fyrsti sonur Kappa 01031 sem kemur til framhaldsnotkunar.

Móðir hans er Lykkja 389 Príorsdóttir 98042. Dætur Foss eru góðar afurðakýr hvað magn snertir en hlutföll verðefna í mjólk eru um meðallag. Þetta eru ákaflega stórar og háfættar kýr með mikla boldýpt og útlögur og mjög sterka yfirlínu. Malir eru mjög breiðar og vel gerðar, beinar og fremur flatar. Fótstaða er sterkleg. Júgurgerðin er úrvalsgóð, góð festa og áberandi júgurband auk þess sem þau eru sérlega vel borin. Spenagerðin er góð, þeir eru aðeins langir en vel settir. Dætur Foss eru í meðallagi í mjöltum og skapi og fá góða umsögn eigenda sinna. Um þrír fjórðu hlutar afkvæma Foss eru einlit og eru rauðir litir algengastir grunnlita þó einnig sé hátt hlutfall afkvæmanna bröndótt eða kolótt. Af tvílitum ber mest á huppóttum.

**Gæi 09047** er frá Svertingsstöðum 2 í Eyjafirði og þetta er fyrsti Lykilssonurinn 02003 sem kemur til notkunar að lokinni afkvæmaprófun.

Móðir Gæja er Pæja 265 Stígsdóttir 97010. Dætur Gæja eru góðar afurðakýr hvað magn varðar en fituhlutfall í mjólk er lágt. Próteinhlutfall er hins vegar yfir meðallagi. Þetta eru meðalstórar kýr og í góðu meðallagi háfættar. Þær fremur bolléttar og útlögulitlar en yfirlína er bein og sterkleg. Malir eru fremur grannar en vel gerðar, beinar og fremur flatar. Fótstaða er bein og sterkleg. Júgurgerð er góð, vel borin júgur með mikla festu og greinilegt júgurband. Spenar eru ágætlega lagaðir en fremur langir, grannir og eilítið gleitt settir. Mjaltir og skap eru í góðu meðallagi. Tæpur helmingur afkvæma Gæja er einlitur og eru rauðir litir algengastir grunnlita. Af tvílitum kemur huppóttur oftast fyrir þó einnig beri nokkuð á sokkóttum/ leistóttum og skjöldóttum.

### *Naut sem áfram verða í notkun*

Þau naut sem áfram verða í notkun eru: Logi 06019, Rjómi 07017, Toppur 07046, Keipur 07054, Blámi 07058, Laufás 08003, Blómi 08017, Þáttur 08021, Flekkur 08029, Bambi 08049, Kraki 09002 og Bolti 09021. Alls verða því 15 reynd naut í dreifingu næstu mánuði eins og áður sagði.

Ef við lítum aðeins nánar á þau naut sem voru í dreifingu þá stendur Logi 06019 með 109 í heildareinkunn og hefur haldið sínu. Hans sterkustu þættir liggja í miklum mjólkurafköstum dætra, háu próteinhlutfalli og skapi auk þess sem þessar kýr eru fremur júgurhraustar. Hins vegar verður ekki fram hjá því litið að fituhlutfallið er töluvert undir meðallagi sem kannski takmarkar notkunarmöguleika hans við kýr með hátt fituhlutfall í mjólk.

**Rjómi 07017** styrkir sína stöðu og er með 108 í heildareinkunn.

Dætur hans eru gríðarmiklar mjólkurkýr en hlutföll verðefna eru um eða heldur undir meðallagi. Styrkleikar hans liggja að öðru leyti í mjög góðri júgur- og spenagerð, sérstaklega er júgurband áberandi, og afbragðsgóðum mjöltum. Veiki hlekkurinn er hins vegar lágt mat fyrir skap sem segir okkur að þetta eru skapmiklar kýr en þó verður að hafa í huga að Þollur, faðir hans, dregur hann verulega niður. Þrátt fyrir það raðast dætur hans hátt í gæðaröð sem segir að bændum líkar almennt vel við þessa gripi.

**Toppur 07046** heldur sínu og stendur með 110 í heildareinkunn.

Styrkur Topps felst í mjólkurlagni dætra og geysilega háum verðefnahlutföllum í mjólk þeirra. Þær eru jafnframt mjög skapgóðar og júgurhreystin mikil en mjaltir eru í tæpu meðallagi og kippir þeim þar í kynið, sonardætur Hersis. Þá eru þetta bolléttar kýr og ætti einkum að nota Topp á bolmiklar og sterkbyggðar kýr. Toppur verður ekki í notkun sem nautsfaðir lengur en menn beðnir um bjóða syni hans og nautsmæðra á stöð.

**Keipur 07054** heldur áfram að bæta í og stendur með 111 í heildareinkunn.

Dætur Keips eru stórar og bolmiklar samhliða því að vera gríðarmiklar mjólkurkýr með verðefnahlutföll í mjólk um eða rétt yfir meðallagi. Júgurgerð þeirra er mjög góð og spenagerðin með ágætum. Þá eru mjaltir mjög góðar en skapið er mikið þó rétt sé að hafa í huga að Þollur, faðir hans, dregur hann niður. Þrátt fyrir mikið skap koma þessar kýr vel út í gæðaröð sem sýnir að almennt líkar mönnum vel við þessa gripi. Keipur verður til notkunar sem nautsfaðir næstu mánuði.

**Blámi 07058** heldur sínu og er nú með 107 í heildareinkunn.

Styrkur Bláma liggur í mjólkurafköstum dætra og góðri júgur- og spenagerð auk þess sem þeir eru mjög vel settir. Þetta eru stórar og rýmismiklar kýr með góða júgurhreysti. Ókostir liggja í fituhlutfalli sem er undir meðallagi og mjaltir eru um meðallag. Áfram er óskað eftir nautkálfum á stöð undan Bláma.

**Blómi 08017** styrkir sína stöðu og stendur í 111 í heildareinkunn.

Hann sækir sinn styrk í afurðasemi dætranna sem og gríðarmikla júgurhreysti ásamt júgur- og spenagerð. Ástæða er til að taka fram hversu spenar eru vel settir. Þetta eru stórar og bolmiklar kýr en mjaltir eru í tæpu meðallagi.

**Þáttur 08021** gefur aðeins eftir og stendur nú með 103 í heildareinkunn.

Þáttur er hins vegar í notkun vegna sérstöðu sinnar að segja má en dætur hans eru undir meðallagi mjólkurlagnar en gefa hins vegar gríðarhá efnahlutföll í mjólk, bæði fitu og prótein. Þetta eru fremur smáar kýr með prýðilega júgurgerð og úrvalsgóða spenagerð ásamt því að þeir eru mjög vel settir. Þá eru þetta skemmtilegar kýr í mjöltum og skapi. Þáttur er fyrst og fremst valkostur til að bæta efnahlutföll.

**Flekkur 08029** heldur sinni stöðu og er með 110 í heildareinkunn.

Dætur Flekks eru gríðarmiklar mjólkurkýr en fituhlutfall í mjólk er fremur lágt og próteinhlutfall nærri meðallagi. Þessar kýr eru fremur bolgrunnar og útlögulitlar með vel gerð og borin júgur. Sterkasti þátturinn liggur hins vegar í spenagerðinni sem er úrvalsgóð. Mjaltirnar eru um meðallag en skapið heldur mikið. Flekkur verður áfram í notkun sem nautsfaðir auk þess sem takmarkanir eru á notkun hans.

**Gói 08037** heldur sinni stöðu að mestu og er nú með 103 í heildareinkunn.

Gói gefur geysilega mjólkurlagnar kýr með gríðarhátt fituhlutfall í mjólk. Próteinhlutfall er hins vegar í tæpu meðallagi. Júgur- og spenagerð þessara kúa er góð, sérstaklega eru spenar vel settir. Mjaltir eru hins vegar ekki nema um meðallag og skapið neðan þess.

**Bambi 08049** heldur sinni gríðarsterku stöðu og er nú með 117 í heildareinkunn.

Segja má að Bambi sé yfirburðagripur, fremstur meðal jafningja og hvergi veikan blett að finna í glæsilegu kynbótamati hans sem byggir orðið á þó nokkrum fjölda dætra. Þetta eru fremur smáar kýr með miklar útlögur, mjólkurlagnar og hutfall verðefna í mjólk er hátt. Júgur- og spenagerð ásamt mjöltum og skapi verður að teljast frábært enda eru þessar kýr geysivinsælar hjá eigendum sínum. Bambi verður áfram í notkun sem nautsfaðir auk þess sem takmarkanir eru á notkun hans.

**Kraki 09002** kom til notkunar

| Nafn og nr. | Faðir | Móðurfaðir | Mjólk | Fitu% | Prótein% | Afurðir | Frjósemi | Frumutala | Gæðaröð | Skrokkur | Júgur | Spenar | Mjaltir | Skap | Ending | Kynbótaeink. | Hæð dætra |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Logi 06019 | Fontur 98027 | Fróði 96028 | 115 | 88 | 112 | 119 | 91 | 105 | 110 | 101 | 97 | 97 | 97 | 108 | 106 | **109** | 5,4 |
| Rjómi 07017 | Þollur 99008 | Kaðall 94017 | 125 | 96 | 95 | 119 | 91 | 107 | 121 | 95 | 98 | 109 | 113 | 64 | 108 | **108** | 5,6 |
| Toppur 07046 | Hersir 97033 | Punktur 94032 | 107 | 127 | 121 | 116 | 105 | 115 | 91 | 82 | 100 | 97 | 89 | 123 | 107 | **110** | 5,5 |
| Keipur 07054 | Þollur 99008 | Kaðall 94017 | 124 | 98 | 102 | 121 | 107 | 92 | 110 | 110 | 113 | 100 | 111 | 85 | 111 | **111** | 5,6 |
| Blámi 07058 | Laski 00010 | Punktur 94032 | 112 | 88 | 100 | 112 | 92 | 112 | 105 | 110 | 107 | 115 | 95 | 99 | 102 | **107** | 5,4 |
| Blómi 08017 | Náttfari 00035 | Kaðall 94017 | 111 | 97 | 88 | 103 | 92 | 135 | 98 | 111 | 112 | 128 | 92 | 103 | 109 | **107** | 5,4 |
| Þáttur 08021 | Laski 00010 | Roði 96978 | 90 | 122 | 122 | 102 | 74 | 92 | 100 | 80 | 102 | 121 | 111 | 113 | 114 | **103** | 5,8 |
| Flekkur 08029 | Náttfari 00035 | Kaðall 94017 | 129 | 81 | 96 | 122 | 95 | 103 | 85 | 105 | 107 | 122 | 101 | 85 | 96 | **110** | 5,1 |
| Gói 08037 | Þrasi 98052 | Punktur 94032 | 118 | 124 | 94 | 112 | 85 | 99 | 92 | 98 | 95 | 109 | 96 | 83 | 105 | **103** | 5,3 |
| Bambi 08049 | Laski 00010 | Kaðall 94017 | 108 | 116 | 117 | 115 | 99 | 109 | 141 | 108 | 132 | 121 | 134 | 134 | 114 | **117** | 5,1 |
| Kraki 09002 | Þollur 99008 | Soldán 95010 | 96 | 74 | 89 | 92 | 122 | 103 | 94 | 99 | 121 | 103 | 113 | 94 | 106 | **101** | 5,3 |
| Gustur 09003 | Laski 00010 | Hersir 97033 | 102 | 101 | 115 | 108 | 104 | 115 | 101 | 97 | 112 | 102 | 105 | 115 | 108 | **108** | 5,6 |
| Bolti 09021 | Spotti 01028 | Snotri 01027 | 114 | 93 | 103 | 114 | 72 | 92 | 112 | 111 | 113 | 102 | 109 | 97 | 101 | **105** | 6,5 |
| Foss 09042 | Kappi 01031 | Príor 98042 | 109 | 95 | 101 | 107 | 108 | 67 | 108 | 100 | 111 | 96 | 100 | 105 | 89 | **102** | 6,5 |
| Gæi 09047 | Lykill 02003 | Stígur 97010 | 110 | 76 | 106 | 112 | 121 | 93 | 88 | 99 | 110 | 98 | 103 | 102 | 93 | **107** | 5,5 |

fyrripart vetrar að lokinni kynbótamatskeyrslu í nóvember.

Því miður dalar Kraki nokkuð nú og stendur með 101 í heildareinkunn. Það er þó full ástæða til að nota Kraka með hliðsjón af kostum hans og göllum. Kostirnir eru ótvírætt gríðarlega öflug og góð júgurgerð auk góðra mjalta. Auk þess má benda á að Kraki er eitt þeirra nauta sem er með mjög hátt mat fyrir frjósemi dætra þó enn byggi það að mestu á ætterni. Gallar Kraka liggja hins vegar fyrst og fremst í afurðasemi dætranna sem eru í tæpu meðallagi mjólkurlagnar auk þess sem efnahlutföll eru lág. Auk þessa má benda á að Kraki er lítt skyldur afkomendum Kaðals94017, Stígs 97010 og Laska 00010.

**Bolti 09021** kom til notkunar í vetur að lokinni kynbótamatskeyrslu í nóvember.

Bolti bætur heldur í og stendur með 105 í heildareinkunn. Dætur Bolta er mjög mjólkurlagnar en efnahlutföll eru næri meðallagi. Stærsta einkenni þessara kúa er hversu gríðarstórar og háfættar þær eru að jafnaði. Júgurgerðin er afbragðsgóð og spenar vel gerðir. Þetta eru vinsælar kýr með góðar mjaltir og meðalskap.

### *Nautsfeður*

Eins og fram hefur komið í umfjöllun um nautin hér að ofan verða nautsfeður til notkunar næstu mánuði þeir Keipur 07054, Flekkur 08029, Bambi 08049 og Gustur 09003.

Áfram er óskað eftir að látið verði vita um nautkálfa undan nautsmæðrum og efnilegum kvígum sem fengu við Sandi 07014, Toppi 07046, Bláma 07058, Laufási 08003 og Kletti 08030 auk ofantalinna nautsfeðra.

### *Væntanleg naut*

Við næstu keyrslu kynbótamats ætti að öllu óbreyttu að vera hægt ljúka afkvæmadómi nautaárgangs 2009 enda þá liðin 6 ár frá því að þau naut komu í heiminn. Núna í maí hefði verið hægt að afkvæmadæma fleiri naut úr þessum árgangi ef burðaraldur 1. kálfs kvígna væri ekki jafn hár að meðaltali og raun ber vitni. Þannig seinkar hár burðaraldur í raun erfðaframförum í kúastofninum til viðbótar t.d. þeim kostnaði sem hann hefur í för með sér fyrir bændur.

Ef við víkjum að þeim nautum sem að öllum líkindum koma úr afkvæmaprófun við næstu keyrslu kynbótamats þá eru það naut fædd 2009 eins og áður sagði. Feður þessara nauta eru einkum Skurður 02012, Spotti 01028, Kappi 01031, Flói 02029 og Lykill 02003. Þá eiga Hersir 97033, Þrasi 98052, Þollur 99008, Laski 00010, Gosi 00032, Snotri 01027 og Glæðir 02001 einnig syni í þessum árgangi sem er frekar stór, telur 27 naut. Eins og komið hefur fram koma þrjú naut úr árganginum til notkunar nú til viðbótar þeim tveimur sem áður höfðu komið til framhaldsnotkunar. Þessi þrjú naut eru synir Laska 00010, Kappa 01031 og Lykils 02003. Því miður eiga nautsfeðurnir úr 2001 árgangnum það sammerkt að hafa fallið mikið í mati þannig að væntingar til sona þeirra eru vægast sagt mjög hóflegar. Synir Skurðs 02012 virðast því miður gefa kýr sem eru fremur seinar í mjöltum. Þá hefur Lykill 02003 lækkað töluvert í mati en það sem einkum háir dætrum hans eru veikbyggð júgur og lítil júgurheysti. Seinni hluti árgangsins, sem telur einkum syni Glæðis 02001 og Flóa 02029, gefur nokkra ástæðu til bjartsýni. Glæðir og Flói sjálfir hafa báðir staðist tímans tönn og standa nú með 110 og 109 í heildareinkunn.

### *Frekari upplýsingar*

Nánari upplýsingar um nautin er að finna á nautaskra.net og í nautgriparæktarkerfinu Huppu. Auk þess er vinna við útgáfu nýrrar nautaskrár þegar hafin og vonandi tekst að koma henni út sem fyrst.

# Kynbætur í nautgriparækt – af hverju?

**Stundum getur verið gott að staldra við og spyrja einfaldra spurninga eins og af hverju gerum við þetta eða af hverju gerum við þetta svona? Hvert er markmiðið með ræktunarstarfinu?**

Í mörgum tilvikum er ekki ólíklegt að markmiðið sé að fá fram betri og verðmætari, afurðasamari, fallegri, endingarbetri og/eða þægilegri gripi o.s.frv. en markmiðið getur líka verið betri afkoma, betri framleiðsluvörur eða annað þess háttar. Að sjálfsögðu getur markmiðið verið blanda af þessu öllu saman og fleiru.

### *Kynbótastarfið er samfélagslegt verkefni*

Á Íslandi er kynbótastarfið í nautgriparæktinni byggt á samfélagslegum grunni og markmiðinu má lýsa á einfaldan hátt. Við ætlum að skapa meiri verðmæti og bæta afkomu íslenskra kúabænda með því að í hverri kynslóð fáum við fram gripi sem eru hagkvæmari en þeir sem tilheyrðu kynslóðinni á undan. Við ætlum jafnframt að framleiða betri vörur á hagfelldari vegu til handa íslenskum neytendum. Þessu getum við náð með því að auka tekjur eða lækka kostnað án þess þó að ganga á velferð dýranna. Í nokkrum eiginleikum, eins og t.d. júgurhreysti, er samhengi milli betri dýravelferðar og lækkun kostnaðar.

### *Fjölþætt ræktunarmarkmið*

Það er nokkuð augljóst að ef við ætlum einkum að horfa til aukinnar hagkvæmni framleiðslunnar og dýravelferðar að við verðum að vinna með marga eiginleika í ræktunarstarfinu. Þess vegna er ræktunarmarkmiðið í íslenskri nautgriparækt fjölþætt þar sem unnið er með marga eiginleika. Í raun má segja að heildareinkunnin lýsi ræktunarmarkmiðinu en hún er samsett úr 9 eiginleikum sem aftur eru samsettir úr því sem við getum kallað undireiginleikum.

En það er ekki nóg að hafa ræktunarmarkmið með mörgum eiginleikum. Til þess að geta metið þessa eiginleika þarf að hafa skráningarferli eða gagnasöfnun sem tekur til þessara eiginleika með eins mikilli nákvæmni og eins lítilli villuhættu og mögulegt er. Hérlendis höfum við byggt upp gagnagrunn (nautgriparæktarkerfið Huppu) sem safnar saman á einn stað gögnum í gegnum skýrsluhaldið, frá mjólkuriðnaði, sláturhúsum, dýralæknum og sæðingastarfsemi. Þetta gerir okkur kleift að samkeyra ýmsar upplýsingar sem væri örðugt eða óhugsandi á annan hátt. Í þessu sambandi hafa Norðurlöndin lengi haft nokkra sérstöðu og því getað byggt sitt ræktunarmarkmið á fleiri eiginleikum en margar aðrar þjóðir sem einkum hafa horft til afkastagetunnar. Það hefur svo aftur leitt til þess að eiginleikar eins og frjósemi og heilsufar hafa dalað meira en æskilegt er.

### *Virði ræktunarstarfsins*

Virði eða verðmæti ræktunarstarfsins liggur í þeim erfðaframförum sem ræktunarstarfið skapar ár hvert. Þegar við lítum á kúastofninn í dag erum við að horfa á afrakstur þeirra erfðaframfara sem náðst hafa á undanförnum árum og áratugum eða allt frá því að skipulagt ræktunarstarf hófst hér fyrir meira en 100 árum síðan. Þetta þýðir að sú fjárfesting sem gerð var í ræktunarstarfinu fyrir t.d. um 45 árum síðan er enn að skila okkur arði þó svo virði hennar hafi minnkað með árunum, m.a. vegna breytinga á framleiðsluumhverfi o.þ.h. Þær kynbætur sem gerðar voru í kringum 1970 hafa þannig skilað okkur arði á hverju ári allt til dagsins í dag og munu gera það um ókomna tíð. Þeir fjármunir sem lagðir eru í kynbótastarfið á hverju ári skila því miklu til baka til langs tíma. Það er því ákaflega mikilvægt að val eiginleika í ræktunarmarkmiðinu sé gert með langtímahagsmuni í huga því áhrifin vara lengi og arðurinn skilar sér á löngum tíma. Dæmi um mikla framsýni í nautgriparækt hérlendis er þegar að farið var að kynbæta fyrir afurðum í próteinmagni og taka tillit til próteinhlutfalls í mjólk. Það var líka mikil framsýni feðra okkar og afa að taka þá ákvörðun á sínum tíma að gjörbreyta framkvæmd ræktunarstarfsins með því að taka upp sæðingar í stað þess að halda þarfanaut. Með þetta í huga er brýnt á hverjum tíma að ræða ræktunarmarkmiðin fordómalaust og skoða hvaða möguleika við höfum til kynbóta eða hvernig við getum bætt núverandi þekkingu og mat á eiginleikum.

### *Erfðaframfarir, ný þekking og tækni*

Á síðustu árum hefur orðið bylting í kynbótastarfi í flestum löndum og er hún að öllum líkindum stórkostlegri en þegar teknar voru upp sæðingar og afkvæmarannsóknir á sínum tíma. Hér er um að ræða úval út frá erfðamengi (genomic selection) sem hefur m.a. leitt til þess að ættliðabil hefur styst og erfðaframfarir aukist stórum skrefum.

Fyrir íslenska naugriparækt er brýnt að skoða hvaða möguleika hún hefur á að hagnýta sér þessa tækni. Í lokuðum stofni eins og íslenska kúastofninum gætum við væntanlega hagnýtt okkur mat á raunverulegri skyldleikarækt, þ.e. með nákvæmri kortlagningu erfðamengisins sem er mun nákvæmara mat en útreikningar á innbyrðis skyldleika gripa. Annar kostur væri væntanlega sá að með þessum aðferðum gætum við betur varðveitt erfðabreytileika stofnsins sem er drifkraftur eða eldsneyti erfðaframfara og þannig haldið uppi meiri erfðaframförum til lengri tíma.

Hugsanlega getum við einnig aukið erfðaframfarir eitthvað með einfaldari og ódýrari aðferðum. Þar væri einkum um að ræða nákvæmari og betri skráningar og söfnun nýrra upplýsinga m.t.t. aukins tæknistigs í fjósum hérlendis. Í þessu sambandi kemur einna fyrst í hugann aukin vandvirkni við t.d. töku á kýrsýnum en þar er oft pottur brotinn. Annað atriði er söfnun upplýsinga úr rafrænum mjaltakerfum varðandi mjaltir þar sem við myndum í auknum mæli færa okkur á þann hátt úr mati á mjöltum yfir í beinar mælingar á þessum eiginleika. Það hefur sýnt sig erlendis að með slíkum aðferðum næst mun betra mat á þennan eiginleika með hærra arfgengi sem leiðir til aukinna kynbótaframfara. Nú þegar er byrjuð vinna við að safna þessum upplýsingum í nautgriparæktarkerfið Huppu. Þriðja atriðið sem nefna má er þátttaka í skýrsluhaldi sem er góðu heilli mjög góð hérlendis. Hins vegar standa einhverjir aðilar enn utan þess sem gætu hæglega lagt til mikilsverðar upplýsingar með sinni þátttöku. Að lokum má svo, til þess að æra óstöðugan, nefna alltof mikla notkun heimanauta og háan burðaraldur 1. kálfs kvígna. Minni notkun heimanauta og lækkun burðaraldurs kvígna myndi ekki aðeins auka kynbótaframfarir heldur einnig lækka framleiðslukostnaðinn svo um munar.

Af þessu má sjá að við getum aukið kynbótaframfarir á bæði einfaldan og ódýran hátt sem og flókinn og dýran hátt. Mikilvægt er að við tökum meðvitaðar og skynsamlegar ákvarðanir með langtímahagsmuni í huga og ekki síst að allir hagsmunaaðilar leggi sitt af mörkum. Margt smátt gerir eitt stórt og það er ekkert atriði svo lítið að það skipti ekki máli. Hver keðja er aldrei sterkari en veikasti hlekkurinn.

*/Guðmundur Jóhannesson.*





**Jóna Þórunn Ragnarsdóttir**
Ráðunautur í fóðrun
jona@rml.is

**Þurrefnistap við fóðurverkun** – seinni hluti

# Tap við opnun votheysgeymslu og fóðrun

## – hitamyndun við opnun votheysgeymslu

**Votheysgeymslur sem opnaðar eru í heitu veðri, t.d. að hausti til (sér í lagi ef stutt er síðan hirt var, eða minna en 6-8 vikur), eykur líkurnar á að hitni í votheysgeymslunni.**

Ef votheysgeymsla stendur lengi opin svo loft leiki um sárið (t.d. vegna of lítils gjafahraða, eða ef hætt er að taka úr stæðu), eykur það þurrefnistapið svo um munar. Verst er ástandið að hausti og vori þegar hlýtt er í veðri.

Sænskar rannsóknir benda til þess að of hæg gjöf úr votheysgeymslu, ásamt lélegri þjöppun og ónógri útilokun lofts með plasti valdi þessum 23% sem tapast af þurrefninu, að meðaltali, frá því það er viktað inn í votheysgeymslu þar til það er gefið skepnum. Tap á velli er því ekki talið með.

Reynsla frá Hollandi segir að þurrefnistap við fóðrun úr votheysgeymslu fari mest eftir hitamyndun, hækkun sýrustigs og fjölgun gróa í útjöðrum og efsta lagi þegar verið að taka fóður úr geymslu. Bæði votheysturnar og flatgryfjur/stæður þarf að byggja í samræmi við hraða fóðrunar að vetri til.

Mælt er með að gefinn sé a.m.k. 1 metri af stæðu að vetri til (þegar hitastig er alla jafna undir 4°C) og meira að vori og hausti til.

### *Þurrefnistap við geymslu í fjósi og heilfóðurblöndun*

Allan þann tíma sem fóðrið bíður inni í fjósi eftir að það verði étið verður þurrefnistap vegna þess að loftþolnar örverur tímgast og dafna í fóðrinu.

Þurrefnið tapast sem koltvísýringur. Þegar fóðurefnum er blandað saman í heilfóðurblandara fá örverur í gróffóðrinu enn meira súrefni til sinnar lífsstarfsemi en líka meira af nýjum næringarefnum.

Finnskir vísindamenn hafa fundið það út að það hitnar 10 sinnum hraðar í heilfóðri heldur en í gróffóðrinu sem notað er í blönduna, standi það eitt og sér. Eins geta gamlar fóðurrestar í heilfóðurvagni orðið gróðrastía fyrir örverur (myglusveppi og bakteríur) sem þá sá sér í nýju heilfóðurblönduna þegar öllu er blandað saman. Það skiptir því miklu máli að heilfóðurvagninn tæmi sig vel milli blandna.

Árið 2003 gerði Werner nokkur rannsókn í Svíþjóð þar sem heilfóðurblandarar á 9 bæjum voru kannaðir með tilliti til þess hve mikið þurrefni lá eftir í heilfóðurblandaranum eftir að hann hafði verið „tæmdur“. Allt frá 1 kg til 140 kg urðu eftir í blöndurunum eftir tæmingu.

Hollenskir vísindamenn hafa einnig sannreynt það að óæskileg örveru-fjölgun verður þegar gróffóður bíður í fjósi eftir því að verða fóðrað eitt og sér eða í heilfóðurblöndu. Visser og hans samstarfsmenn sýndu fram á mun meira af Clostridium-bakteríum í blöndu af gras-votheyi og maís-votheyi, væru sýni tekin á fóðurgangi, heldur en kom fram í sýnum teknum beint úr votheysstæðunum í tilraun sem þeir gerðu árið 2007.

Almennt er talað um að það eigi að liggja um 10% moð eftir þegar kemur að næstu fóðrun svo allir gripir geti étið nægju sína af góðu fóðri. Ef moðið er af góðum gæðum má hugsa sér að gefa öðrum gripum, með minni orkuþarfir, moðið. Hins vegar fellur það um sjálft sig þegar fer að hitna og mygla í slíku moði, sem enn og aftur eykur á þurrefnistap í allri fóðurverkunar- og fóðrunarkeðjunni.

### *Heildarþurrefnistap*

Línuritið sýnir heildarþurrefnistap við fóðurverkun og geymslu eftir þurrefnisinnihaldi gróffóðursins. Stór óvissuþáttur er í hverjum flokki fyrir sig. Þannig getur þurrefnistap á velli orðið mjög mikið ef forþurrkun gengur hægt eða ef kemur ofan í flatt hey.

Tap vegna öndunar og gerjunar í votheysgeymslu, eða á meðan er verið að fylla stæðu, fer eftir aðferðum og verkfærum sem notuð eru þegar hey er sett í stæðuna. Örverur vaxa yfirleitt hraðar, og eyða þá meiri orku úr fóðrinu, þegar þær komast í tæri við súrefni heldur en við loftfirrtar aðstæður. Því þarf útilokun súrefnis að ganga hratt fyrir sig.

Línuritið tekur ekki tillit til taps eftir því sem tekið úr stæðu eða á meðan fóður bíður á fóðurgangi eða í heilfóðurblandara eftir því að verða fóðrað. Heildarþurrefnistap getur því orðið enn meira ef bústjórn er ekki upp á sitt besta, sér í lagi ef hitnar í fóðrinu.



**Til að koma í veg fyrir hitamyndun í votheysstæðum þegar fóður er sótt er happadrýgst að stálið sé sem sléttast. Kropp og klór með bitlausum verkfærum hleypir súrefni inn í stæðuna.**




Samkvæmt myndinni er heppilegasta þurrefnishlutfall við hirðingu 25-30%, en það er rétt um það þurrefnisinnihald sem hættir að renna votheyssafi af fóðrinu.

Tap vegna votheyssafa getur verið mjög dýrkeypt. Hins vegar borgar sig oft fyrir fóðrun mjólkurkúa að koma þurrefnisinnihaldinu upp í 40%, sér í lagi ef þurrkurinn er góður. Þar með fæst besta átið og besta verðefnainnihald í mjólkinni.

*(Þýtt og staðfært úr Buskap 3/2015)*

---

**ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI**

**Hjörtur L. Jónsson**
liklegur@internet.is


# Hugleiðingar um skógarelda og sinuelda

**Á hverju vori verður eitthvað af sinueldum sem þarf að slökkva, en sem betur fer er lítið um skógar- og kjarrelda hér á landi. Hins vegar þarf að hugsa um það og gera áætlun um hvernig bregðast þarf við verði gróðureldar.**

Hvað myndi gerast hér í sumarbústaðabyggðum ef það kviknaði eldur í skóginum? Komast sumarbústaðagestir í burtu ef upp kemur eldur? Það er eitthvað sem hugsanlega getur gerst og þarf að huga að.

### *Nauðsynlegt að gera áhættumat*

Í sumarbústaðabyggðum er líklegra en annars staðar að upp geti komið eldur og því er bráðnauðsynlegt að huga að eldvörnum bæði í hverjum sumarbústað fyrir sig og einnig í nágrenni bústaðanna, ekki síst ef bústaðurinn er umlukinn skógi eða gróðurlendi. Í mjög mörgum sumarbústaðabyggðum er svo mikill eldmatur að varla verður við neitt ráðið ef upp kemur eldur. Guðmundur Hallgrímsson sagði við mig eitt sinn að hann hugsaði til þess með hryllingi að ef upp kæmi eldur innarlega í sumarbústaðabyggðinni við Skorradalsvatn að það gætu orðið vandræði að koma fólki burt og á staðinn til að slökkva eld þar.

### *Í Kanada er gert áhættumat sem fólk vill helst ekki lesa*

Fyrir nokkru ferðaðist ég með kanadískum slökkviliðsmanni og eftir að ég hafði þrisvar tekið eftir því að hann stoppaði og tók myndir af sumarbústaðabyggðum sem voru í skóglendi fór ég að spyrja hann um áhuga hans á sumarbústöðunum.


**Í mörgum sumarbústaðabyggðum eru trén hættulega nálægt sumarhúsunum.**

Hann sagði mér að hluti af vinnunni sinni væri að gera áhættumat um skógarelda, en fyrir nokkrum árum var mikill skógareldur fyrir utan litla borg í Kanada og læsti eldurinn sig í borgina sem brann að mestu. Til að koma fólkinu í burt þurfti að varpa úr flugvélum vatni á veginn svo að það gæti flúið. Eftir þennan bruna er verið að gera áhættumat á flestum stöðum þar sem skógur er nálægt byggð í Kanada. Fólk vill ekki láta höggva trén til að búa til öryggissvæði og því er áætlunin oft sú að ef upp kemur eldur er byrjað á að fá jarðýtur til að búa til línu á milli skógar og húsa. Þegar sú lína er komin er dælt drulluleðju úr 400 tonna trukk. Það ógnvænlega við sum þessi áhættumöt er að á sumum stöðum er ekki hægt að ryðja skóginn og þá er í áhættumatinu að jafna við jörðu á jarðýtunni ystu húsunum í þorpunum og dæla leðjunni yfir rústirnar.

## Sagnagarður, fræðslu- og kynningarsetur Landgræðslunnar í Gunnarsholti:

# Reynsla okkar og aðferðir við endurheimt landgæða vekur athygli erlendis

### – segir Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri

**Í Sagnagarði, fræðslu- og kynningarsetri Landgræðslunnar í Gunnarsholti, er sögu gróður- og jarðvegseyðingar á Íslandi gerð skil í máli og myndum. Sagt er frá baráttu við afleiðingar eldgosa og óblíð náttúruöfl. Saga frumherjanna í landgræðslu er rakin og barátta þeirra við vantrú almennings og starfinu var afar þröngur stakkur skorinn fjárhagslega.**

Greint er frá 100 ára sögu landgræðslustarfs á Íslandi og lýst helstu verkefnum í endurheimt landgæða og vistkerfa, gróðurvernd og alþjóðlegu samstarfi. Sagnagarður verður opinn daglega frá 1. júní til 31. ágúst frá kl. 9–17. Hægt verður að fá kaffi og meðlæti í Sagnagarði í sumar.

„Eitt af lögbundnum hlutverkum Landgræðslu ríkisins er að fræða almenning um landgræðslu og hvernig hún fléttast inn í menningu lands og þjóðar. Sagnagarður er hluti af þessu fræðslustarfi og er mikilvægur hlekkur í ferðaþjónustu á Suðurlandi. Við leggjum mikla áherslu á að fá hingað sem flesta gesti og auka þannig á vitund gesta um mikilvægi landgræðslustarfsins og virkja fólk til framtíðar í því mikilvæga starfi," sagði Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri.

Við Sagnagarð stendur eftirlíking af sofnhúsi og er það hluti af sýningunni í Sagnagarði. Þetta er eina hús sinnar tegundar á Íslandi en nokkrar tóftir er að finna á Suðurlandi.



Sveinn Runólfsson, landgræðslustjóri í Sagnagarði, fræðslu- og kynningarsetri Landgræðslunnar í Gunnarsholti. Mynd / ÁÞ

Sofnhús voru þau hús nefnd sem íslenska melfræið var verkað í, þurrkað og malað. Nafn sitt draga þau af melkorninu sem verkað var í hverri lotu en það nefndist sofn. Talið er að þessi þekking hafi borist með landnámsmönnum frá Noregi og voru sofnhús víða í báðum Skaftafellssýslum og Rangárvallasýslu allt fram á síðustu öld.

„Við Íslendingar stöndum tæknilega og þekkingarlega vel að vígi á sviði landgræðslu. Reynsla okkar og aðferðir við endurheimt landgæða vekur athygli erlendis og í nágrenni Gunnarsholts er að finna merki um flestar gerðir jarðvegseyðingar og árangur af endurreisnarstarfinu. Sagnagarður er miðstöð alþjóðlegs þekkingarseturs Landgræðslunnar. Fjöldi erlendra og innlendra vísindamanna munu dvelja í Gunnarsholti í sumar til lengri og skemmri dvalar við nám og fræðistörf.

Víða um land er alvarleg gróðurjarðvegseyðing sem taka þarf á. Við verðum að hafa betur í baráttunni við jarðvegseyðinguna. Framtíð okkar sem þjóðar byggir meðal annars á því að við náum að græða upp landið og umgangast það með þeirri virðingu sem því ber. Enn er þó nokkuð langt í land að við getum sagt að við séum að nýta öll beitilönd okkar með sjálfbærum hætti, þó mikið hafi áunnist á því sviði," sagði Sveinn Runólfsson,landgræðslustjóri að lokum.

# KROSSGÁTA Bændablaðsins



| | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 15 | BROTTREKSTUR | HEITI | ÓVARINN | TVEIR EINS | DÓMS | ■ | ÞRÓTTUR | BÁTUR | ÞYRPING | STEFNA |
| | | | | UTANYFIRFLÍK | | | | | | | | | | |
| | | | | HRUKKA | | | | | | ÓHEILINDI / LEYSIR | | | | |
| | | | | UTANHÚSS | | | | ÁLÍTA / HNUPLA | | | | | | |
| | | | | SKYNJAST / STEINTEGUND | | | | | | | FLÝTIR / ERFIÐI | | | |
| ■ | | HLJÓÐFÆRI | DVÍNA / TVEIR EINS | | | | | | ASKUR / MUNNI | | | | | BLÓÐHLAUP |
| ÓSKIPTAN | | | | | | LANDSPILDA | HLIÐ / ENN | | | | | ÞRÆLKUN | MJAKA | |
| EKKERT | | | | | BÓT Á FLÍK / BRAGARHÁTTUR | | | | | VAFRA / GRÖM | | | | |
| ÓLÆTI | | | EINRÆKTA / ÆSIR | | | | | | RUNNI / MÆLIEINING | | | | | |
| KRÁ | | | | FAG / ELDSNEYTI | | | | SÝNISHORN / ÚTLIMUR | | | | | | GNÆGÐ |
| ■ | | BÓKSTAFUR / VEGUR | | | | FJÖRUGRÓÐUR | | | | | SARG / TALA | | | |
| EINSKÆR | | | | | | TÍMABILS / RANGL | | | | NÝLEGA / HÁTTUR | | | | |
| GÁIR | | | | | | | DRYKKUR / SKÓLI | | | | | FRÁ | VÖRUMERKI | |
| MILDA | | | | | KERALDI | | | | FÍFLAST | | | | | |
| TIL | | | BOR | | | | | | ÚTHLUTAÐIR | | | | | |

## Lausn á krossgátu í síðasta blaði



MYND: XLIBBER (CC BY 2.0)

| | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 14 | SLARKA | LÖGMÁL | GAGN | SJÚKDÓMUR | STRIT | ■ | SVIF | HILLING | LEYFI | GRIND |
| | | | | HROKAFULLUR | D | R | A | M | B | L | Á | T | U | R |
| | | | | HEGNA | R | E | F | S | A | STUND / KERRA | T | Í | M | I |
| | | | | TÁL | A | G | N | SUÐ / GAFL | K | V | A | B | B | S |
| | | | | LOGA | B | L | O | S | S | A | DÁ / STERKA | R | O | T |
| ■ | Á | HLÝJA | DREIFA | HNÝTTI / TRAUST | B | A | T | T | SNJÓFÖL / ÁTT | G | R | Á | Ð | TÆRA |
| LANGA | L | Y | S | T | A | BEIN | ÁNA / HVÍLD | A | S | N | A | STÖKUM | MIKILL | Æ |
| SVIKULL | F | L | Á | R | VAFRA / SKILJA | R | Á | F | A | BEST / LÖNG | M | E | S | T |
| Í RÖÐ | T | U | ÓGREIDDUR / VAGN | Ú | F | I | N | N | SÝKJA / PÍNA | S | M | I | T | A |
| RÓL | A | R | K | ÁI / VÍSA LEIÐ | A | F | I | SLAGHARPA / KYNKIRTILL | P | Í | A | N | Ó | HLJÓÐFÆRI |
| ■ | R | HNOÐAÐ / ÖGN | E | L | T | BÁGINDI | N | E | Y | Ð | SARG / FUGL | U | R | G |
| UMTURNUN | U | M | R | Ó | T | HVOFTUR / VEIÐARFÆRI | G | I | N | KRINGUM | U | M | HÁMA | Í |
| ÁTT | N | O | R | Ð | A | N | PEDALI / GJALDMIÐILL | S | T | I | G | STEFNA / SPRIKL | Ú | T |
| DRYKKJARÍLÁT | G | L | A | S | ÓSVIKINN | E | K | T | A | BYLGJA | L | I | Ð | A |
| TVEIR | I | I | HINDRA | A | F | T | R | A | KANTUR | J | A | Ð | A | R |

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

Líf og lyst

## Bærinn okkar






**Við tókum við sauðfénu af foreldrum Sveins haustið 2012 og voru þá um 270 hausar sem við keyptum af þeim. Þau búa enn á Haugum og eru með kýr og nokkrar kindur. Frá því að við tókum við höfum við fjölgað fénu nokkuð hratt og erum núna með um 450.**

Strax sumarið 2013 hófum við að byggja ný fjárhús, en þau gömlu voru komin vel til ára sinna. Húsin eru stálgrindarhús sem við fengum á Reyðarfirði og gekk undir nafninu Katrínarskemma og var reist þar 1964 sem saltskemma og er í heild um 690 fm. Katrínarskemman hefur nú öðlast nýtt hlutverk og var reist að hluta til á grunni gömlu fjárhúsanna sem voru rifin um leið. Til að byrja með reistum við 2/3 af skemmunni en klárað verður að reisa restina af húsunum í sumar. Þegar húsin verða orðin klár áætlum við að fjölga fénu upp í 600 hausa í nánustu framtíð.

**Býli:** Haugar 2.

**Staðsett í sveit:** Skriðdal á Fljótsdalshéraði.

**Ábúendur:** Sveinn Vilberg Stefánsson og Kolbrún Eva Ríkharðsdóttir.

**Fjölskyldustærð (og gæludýra):** Tveir strákar, Anton Þorri, 8 ára, og Ríkharður Daníel, 6 ára, og svo er eitt væntanlegt í júlí. Svo erum við með tvo Border collie-fjárhunda, Pjakk, 5 ára, og Tinna, 3 ára.

**Stærð jarðar?** Mætti vera stærri.

**Gerð bús?** Sauðfjárbú.



**Fjöldi búfjár og tegundir?** Um 450 fjár í dag og fer fjölgandi. Eingöngu hyrnt sauðfé.

**Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum?** Erum með gjafagrindur þannig að á hverjum morgni er farið út í hús og lagað til í grindum og settar rúllur í þær grindur þar sem vantar. Á kvöldin er rútínan sú sama. Við réðumst í byggingu á nýju fjárhúsi sumarið 2013 og hafa flestir dagar farið í einhverja smíði og frágang á húsunum. Svo stefnum við að því að stækka enn meira í sumar þannig að vinnan við það heldur áfram.

**Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin?** Flest bústörf eru skemmtileg þegar maður er að hefja búskap og eiginlega ekkert sem getur talist leiðinlegt nema gera við ónýtar girðingar kannski.



**Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár?** Sauðfé komið í um 600 í vetrarfóðrun og nýju fjárhúsin fullkláruð.

**Hvaða skoðun hafið þið á félagsmálum bænda?** Höfum miklar og sterkar skoðanir á þeim sem komast ekki fyrir í þessum dálki.

**Hvernig mun íslenskum landbúnaði vegna í framtíðinni?** Vel, ef menn eru ekki hræddir við nýja hluti og að leggja mikla vinnu í markaðssetningu landbúnaðarvara.

**Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í útflutningi íslenskra búvara?** Eins og er verður það að teljast í mjólkurvörunum enda hefur verið lögð mikil vinna í markaðssetningu og dreifingu á íslenskum mjólkurafurðum erlendis.

**Hvað er alltaf til í ísskápnum?** Mjólk, safi, ostur, smjör og bjór.

**Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu?** Lærissneiðar í raspi ala mamma með brúnuðum kartöflum!

**Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin?** Þegar gömlu fjárhúsin voru rifin og grunnurinn tekinn fyrir nýju fjárhúsunum.



## Matarkrókurinn – Bjarni Gunnar Kristinsson matreiðslumeistari

# Sumarsalsa og saðsamt kjöt

**Þrátt fyrir að hitatölur séu ekki ýkja háar það sem af er júnímánuði er um að gera að vera bjartsýn og treysta á gott grillsumar.**

Ristað maíssalsa gæti gefið góð fyrirheit um sól um bjarta daga. Það er ekki bara chili og tómatar í dós sem er hægt að nota í salsa. Maíssalsa er hægt að gera og taka með sér í krukku og bæta smá ferskum jurtum út í og hræra ferskum lime-safa og söxuðum kóríander til viðbótar. Taktu þessa uppskrift og gerðu hana með þínum hætti með þeim ávöxtum sem eru við hendina eða jafnvel agúrkum eða mangó.

Á eftir koma tvær uppskriftir sem fólk getur dreymt um eftir að verkfalli lýkur og allar hillur fyllast af gómsætu svína- og nautakjöti.

### Ristað maíssalsa

- 400 g maískorn (gott að nota ferskan grillaðan maís og skera kornið af).
- 1 meðalstór rauð paprika, söxuð
- 2 meðalstórir tómatar, saxaðir gróft
- smá grænt chili
- 1/3 stk. hakkaður rauðlaukur
- 1 tsk. rauður chili, fínt saxaður
- 2 msk. ferskur lime safi eða úr 1 lime
- 2 hvítlauksrif, hakkað
- Ávextir að eigin vali
- 2 msk. ferskur kóríander fínt saxaður
- 1/2 tsk. cumin-krydd
- 1 tsk. salt
- 1/4 tsk. svartur pipar



Maíssalsa.

**Aðferð**

Hitið þurra pönnu yfir miðlungs hita þar til hún er heit. Steikið maís og papriku og hrærið þar til er brúnað í um 12 til 15 mínútur. Setjið í skál og blandið hinum innihaldsefnum út í. Látið standa í 30 mínútur áður en framreitt með hvaða grillmat sem er.

### Jurtakryddað nautakjöt með ristuðu blómkáli og sellerírót

- 2–3 sneiðar gott nautakjöt
- 4 tsk. hakkaður hvítlaukur
- 1 msk. ferskt timjan, saxað (eða villt blóðberg)
- 2 höfuð blómkál, skipt í minni bita
- 6 matskeiðar ólífuolía
- 1 stk. sellerírót
- salt og pipar

**Aðferð**

Hitið ofninn í 180 °C. Kryddið kjötið með tveimur teskeiðum af hvítlauk jafnt á alla fleti ásamt timjan. Ristið á pönnu í ofninum þar til mælirinn sýnir 55 °C, látið hvíla.

Takið restina af hvítlauknum ásamt fjórum matskeiðum af olíu og setjið blómkál á grillpönnu eða útigrill. Kryddið með salti og pipar. Hyljið með álpappír og bakið í 45 mínútur þar til hnapparnir eru fallega brúnaðir og blómkálið aðeins karamellað að sjá. Látið steikina standa í 15 til 20 mínútur. Skerið í þunnar sneiðar. Kryddið með salti og pipar. Berið fram með blómkálinu, sellerírótinni (í þunnum þynnum) fersku salati og góðu salsa.



Jurtakryddað nautakjöt með ristuðu blómkáli og sellerírót.

### Grilluð reykt svínakóteletta með appelsínugljáa

**Saltvatn:** (má sleppa ef þú kaupir forreyktar kótelettur)

- 1/2 bolli salt
- 1 msk. reykt salt
- 1 tsk. svört piparkorn
- 1 lárviðarlauf



Grilluð reykt svínakóteletta.

- 1 bolli hunang
- 4 pokar svart te
- 4–6 svínakótelettur á beini

**Gljái:**

- 1 msk. ristuð sesamolía
- 3 msk. sojasósa
- 1/2 bolli hvítvín eða eplasafi
- 1 appelsína, börkur og safi
- 1 msk. mirin (sætt edik)
- 1 msk. rifinn ferskur engifer
- 3 matskeiðar hunang
- Salt og pipar

**Fyrir saltlöginn:** Sameinið 1/2 lítra af köldu vatni, salti, reyktu salti, piparkorn, lárviðarlauf, hunang og tepokum í stóran poka. Setjið svínakjötið í pokann og komið fyrir í kæli. Látið kryddleggjast í tvær klukkustundir. Fjarlægið kóteletturnar úr saltvatninu og þerrið með pappír. Undirbúið grillið eða grillpönnu á miðlungsháum hita. Setjið kóteletturnar á grillið og eldið í um 6–8 mínútur á hvorri hlið.

**Fyrir gljáann:** Sameinið sesamolíu, sojasósu, hvítvín, appelsínubörk og safa, mirin, engifer, hunang og salt og pipar í miðlungs pott yfir miðlungshita. Látið malla í um 10 mínútur.

Úðið um 3 msk. af gljáa á hverja kótelettu. Skerið í sneiðar og framreiðið með salsa og meðlæti að eigin vali.

PRJÓNAHORNIÐ garn@garn.is

# Heklaður púði

**Þessi púði er heklaður eftir mynstri sem kallast horna á milli. Það kemur til þar sem byrjað er í einu horni og heklað fram og til baka frá horni að horni.**

Ég notaði Frapan garnið til þess að skreyta púðann aðeins, en það glitrar svo fallega á hann þegar sólin skín inn um gluggann.

**Garn:**

Kartopu Basak 2 dokkur, Garn.is Frapan 2 dokkur. Margar litasamsetningar í boði.

**Heklunál: 4 mm**

**Stærð:** ca 40x40 cm, eða eftir þörf

**Skammstafanir:** L – lykkja, LL – loftlykkja, KL – keðjulykkja, ST – stuðull.










Hekluð **útaukning** fram og til baka þar til æskilegri breidd er náð. Ef púðinn á að vera ferningur er strax farið í að hekla **úrtöku**. Ef púðinn á að vera ferhyrningur þá er hekluð **lenging** þar til æskilegri lengd er náð og svo farið í **úrtöku**.

